


Menntastefna Reykjavíkur til 2030

- Helstu vörður innleiðingar 2021



apríl 2022

Efnisyfirlit

Inngangur og samantekt	4
1. Framtíðarhópur um innleiðingu menntastefnu 2022-2024	7
2. Starfsþróun, námskeið og fræðsla	8
MenntaStefnumót 10.05.2021	9
Sumarsmiðjur	15
Leiðtogi framtíðarinnar er teymið	16
Lærdómssamfélög	18
Samstarf SFS og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.....	18
Samstarf við Kennarafélag Reykjavíkur	20
3. Kynningar á Menntastefnunni og tengsl við aðra stefnumótun.	20
Menntastefnuvefurinn	24
4. Starfsáætlanir	25
Leikskólar	25
Frístundastarf	25
Grunnskólar	26
5. Mælikvarðar og hugmyndafræðin á bak við þróun þeirra	27
6. Almennar aðgerðir	30
Teymi fagskrifstofu	30
Nýsköpunarmiðja menntamála NýMið	31
Stafræn tækni.....	31
Útikennsla og útinám	36
Barnasáttmálinn – Opinskátt um ofbeldi og önnur verkefni tengd velferð og réttindum barna.....	37
Jafnréttisskóli Reykjavíkur	38
Alþjóðasamstarf og styrkir	39
Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“	40
Læsi í víðu samhengi	42
Menntun fyrir alla.....	45
Grunnskólalíkanið Edda.....	45
Betri borg fyrir börn.....	46
Sértækur stuðningur	47
Fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf	48
Náttúra, list, menning, fjölbreyttir starfs- og kennsluhættir.....	50
LÁN - Listrænt ákall til náttúrunnar	50
Leiðsagnarnám í grunnskólum	52
Lista- og menningarstarf.....	52
Skrekkur.....	54

Fræðslutilboð og menningarupplifun fyrir börn.	54
Framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík	55
Húsnæði og búnaður	56
Yfirlit yfir fylgiskjöl:	57
Fylgiskjal 1 - Erindisbréf framtíðarhóps.....	58
Fylgiskjal 2 - Kynning á samstarfi SFS og MVS 2020-2021	60
Fylgiskjal 3 - Auglýsing fyrir lærdómssamfélag.....	66
Fylgiskjal 4 - Listi yfir alþjóðaverkefni hjá SFS VANTAR	68
Fylgiskjal 5 - Yfirlit yfir skiptingu styrkja í A- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs.....	70
Fylgiskjal 6 - Yfirlit yfir styrkt verkefni í B- hluta þróunar og nýsköpunarsjóðs	72
Fylgiskjal 7 - Yfirlit yfir þjónustu Miðju máls og læsis 2021.....	73
Fylgiskjal 8 - Reglur um rekstur grunnskólalíkansins Eddu.....	80
Fylgiskjal 9 - Yfirlit yfir innkaup á húsbúnaði	82
Fylgiskjal 10 - Yfirlit yfir framkvæmdir á lóðum og húsnæði SFS árið 2021	83
Fylgiskjal 11 – Skýrsla verkefnahóps vegna KFS greiningar á B-hluta þróunarstyrkja menntastefnu	85

Inngangur og samantekt

Haldið var áfram að innleiða menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ árið 2021 þrátt fyrir fjölmargar og flóknar áskoranir af völdum heimsfaraldurs líkt og árið á undan. Óhætt er að segja að starfsfólk borgarinnar hafi unnið þrekvirki við að halda uppi fjölbreyttu skóla- og frístundastarfi í flóknum og erfiðum aðstæðum. Þá hefur mjög reynt á börnin sjálf og fjölskyldur þeirra, en nú sem fyrr má fullyrða að hugtök menntastefnunnar um faglegt samstarf, seiglu, vaxtarhugarfar og nýsköpun endurspeglar í þeim lausnum sem þróaðar hafa verið í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkur árið 2021 og eiga allir þessir aðilar hrós skilið fyrir þrautseigju og úthald.

Fjögur stór viðfangsefni voru viðamikil í innleiðingu stefnunnar á árinu.

[MenntaStefnumótið](#), rafræn uppskeru-hátíð fyrstu þriggja áranna í innleiðingu menntastefnunnar var haldið 10. maí. Þar birtust yfir hundrað erindi frá starfsstöðum SFS, hægt var að hlýða á erindi um menntamál frá erlendum og innlendum sérfræðingum og sækja námskeið í rauntíma í gegnum fjarfundabúnað. Allir starfsstaðir SFS í borginni tóku þátt í deginum og skipulögð var dagskrá sem samstarfsfólk gat upplifað í sameiningu, hver á sínum starfsstað en heildarefni mótsins telur um 38 klukkustundir.

Í janúar 2021 tók til starfa [fram tíðarhópur í menntamálum](#) sem fékk það hlutverk að leggja fram tillögur að almennum aðgerðum til næstu þriggja ára, þar sem tímabili fyrstu almennu aðgerðanna sem samþykktar voru árið 2018 rann sitt skeið í árslok 2021. Framtíðarhópurinn lauk störfum í október 2021 og lagði fram [tíu almennar aðgerðir fyrir tímabilið 2022-2024](#) sem samþykktar voru í skóla- og frístundaráði 9. nóvember.

Þá var á árinu lögð lokahönd á undirbúning viðamikils námskeiðs fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi sem skipulagt var í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ en námskeiðið sem ber heitið [„Leiðtogi framtíðarinnar er teymið“](#) hófst í október fyrir tvo borgarhluta.

Undirbúningi lauk á árinu vegna tveggja stórra umbreytingarverkefna sem byggja á áherslum menntastefnunnar um menntun fyrir alla og aukið jafnræði. Annað þeirra er breyting á reiknilíkani fyrir grunnskóla, en í lok árs var grunnskólalíkanið sem fékk heitið [Edda, samþykkt í Borgarráði](#). Verkefnið [Betri borg fyrir börn](#) byggir á tilraunaverkefni sem unnið var að í Breiðholti síðastliðin tvö ár. Meginmarkmið þess felast í auknu samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs um betri þjónustu við börn, fjölskyldur og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi en byggt er á lögum um aukna farsæld barna. Bæði þessi verkefni tóku formlega gildi 1. janúar 2022.

Nánar verður sagt frá þessum viðfangsefnum í þessari fjórðu skýrslu um innleiðingu stefnunnar ásamt öðrum mikilvægum vörðum á þeirri vegferð.

Nokkrar lykiltölur 2021

- ❖ 1100 grunnskólakennarar skráðu sig í Sumarsmiðjur
- ❖ 400 þátttakendur í lærdómssamfélagi eða tengiliðahópi
- ❖ 8700 stakir notendur fylgdust með dagskrá streymis á MenntaStefnumóti 10. maí 2021
- ❖ Yfir 200 Reykvískir þátttakendur í Menntafléttu
- ❖ 240 ný myndbönd og 49.700 áhorf á Vimeo
- ❖ 630 verkfæri í verkfærakistu menntastefnunnar
- ❖ 44.500 heimsóknir á vefinn [www.menntastefna.is](#)
43% aukning milli ára
- ❖ Mixtúra með 167 viðburði, 2600 þátttakendur
- ❖ 771 útlán úr Búnaðarbanka
- ❖ 400 sóttu fræðslu um Barnasáttmála og tengd verkefni
- ❖ 903 sóttu fræðslu frá Jafnréttisskóla
- ❖ 192,5 m.kr í styrki fyrir 35 alþjóða verkefni
- ❖ 192 verkefni í A-hluta fengu styrki
- ❖ 19 umsóknir og 12 styrkt verkefni í B-hluta

Makmiðið með innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur til ársins 2030 er fjölbætt og snertir alla fleti dagslegs starfs í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi borgarinnar. Rík áhersla er lögð á að fagfólk á vettvangi í skóla- og frístundastarfi útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað, í náinni samvinnu sín á milli, í samstarfi við aðra fagaðila og síðast en ekki síst með virkri þátttöku barna og unglinga. Segja má að birtingarmyndir innleiðingar stefnunnar í skóla- og frístundastarfi komi sterkast fram í þeim fjölbreyttu [þróunar- og nýsköpunarverkefnum](#) sem stofnað hefur verið til á fyrstu þremur árunum og allir starfsstaðir borgarinnar hafa unnið að. [Almennar aðgerðir](#) fela síðan í sér þann stuðningi sem Reykjavíkurborg hefur skuldbundið sig til að veita starfsstöðum við innleiðingu stefnunnar og eru hryggjarstykkið í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs. Nýsköpunarmiðja menntamála hefur það hlutverk að leiða innleiðingu menntastefnunnar og styðja starfsstaði við innleiðingu hennar en innleiðingarhópur á skrifstofu SFS styður við framkvæmd innleiðingar og tengir allar deildir miðlægrar skrifstofu við innleiðinguna. Þessi skýrsla er liður í að skapa yfirsýn yfir þau verkefni og þær aðgerðir sem unnið hefur verið að árið 2021. Hægt er að nálgast fyrri skýrslur á [vef menntastefnunnar](#).

Innleiðingarhópur menntastefnu 2021:

Dröfn Rafnsdóttir, Miðju máls og læsis

Fríða Bjarney Jónsdóttir, deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála - formaður

Guðmundur Guðbjörnsson, fjármála- og rekstrarþjónustu

Guðný Reynisdóttir, mannauðsþjónustu

Guðrún Mjöll Sigurðardóttir, skrifstofu sviðsstjóra

Hjörtur Ágústsson sem starfsmaður Framtíðarhóps

Jóhanna H. Marteinsdóttir, mannauðsþjónustu

Kristín Hildur Ólafsdóttir, leikskólahluta fagskrifstofu

Sigrún Sveinbjörnsdóttir, frístundahluta fagskrifstofu

Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, grunnskólahluta fagskrifstofu

Uppbygging skýrslu

Skýrslan skiptist í inngang og sex meginkafla. Ekki er um tæmandi lýsingu eða upptalningu að ræða á öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem unnin hafa verið heldur er fyrst og fremst leitast við að gefa mynd af því helsta sem tengist innleiðingu menntastefnunnar og sýna fram á samvirkni þeirra fjölmörgu þátta sem tengjast daglegu skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Í [kafla eitt](#) er fjallað um störf Framtíðarhóps sem skóla- og frístundaráð setti á laggirnar í janúar 2021. Hlutverk hópsins var að móta almennar aðgerðir vegna innleiðingar menntastefnunnar til næstu þriggja ára.

Í [öðrum kafla](#) er farið yfir þá fjölbreyttu starfsþróun sem myndar rauðan þráð í öllum aðgerðum sem tengjast innleiðingu stefnunnar. Þar er annars vegar sagt frá starfsþróun á vegum skrifstofu SFS og hins vegar þeirri starfsþróun sem verið er að byggja upp í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ ásamt því að fjallað er um MenntaStefnumót, Sumarsmiðjur, námskeiðið „Leiðtogi framtíðarinnar er teymið“ og fleira.

Í [þriðja kafla](#) er sagt frá kynningum á stefnunni, farið yfir vef menntastefnunnar og það kynningarefni sem hefur orðið til en mikil áhersla er lögð á samræmt útlit þess efnis sem útbúið er og tengist stefnunni.

Í [fjórdi kafla](#) lýsir því með hvaða hætti starfsáætlanir starfsstaða byggja á menntastefnunni og gefin eru dæmi um starfsáætlanir leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.

Fimmti kafli fjallar um vinnu við þróun mælikvarða menntastefnunnar. Þar er farið yfir það hversu vandlega þarf að velja og þróa mælikvarða sem raunverulega mæla það sem þeim er ætlað auk þess sem gott samráð þarf að ríkja um val á mælikvörðum.

Sjötti kafli er yfirferð yfir öll þau fjölmörgu verkefni sem unnin hafa verið á árinu í tengslum við almennar aðgerðir sem samþykktar voru samhliða menntastefnunni. Eins og þar kemur fram er rík áhersla lögð á að fagfólk á vettvangi skóla- og frístundastarfs útfæri stefnuna miðað við aðstæður á hverjum stað og með virkri þátttöku barna og unglunga en njóti til þess stuðnings í formi almennra aðgerða.

Fylgiskjöl. Stór hluti skýrslunnar er í formi fylgiskjala sem útskýra betur ákveðin atriði. Sjá lista yfir fylgiskjöl í efnisyfirliti og á bls. 57.

1. Framtíðarhópur um innleiðingu menntastefnu 2022-2024

Í lok árs 2020 var skipaður framtíðarhópur um innleiðingu menntastefnu Reykjavíkur. Hópin skipuðu samtals 57 einstaklingar sem voru fulltrúar fjölbreytts hóps haghafa í skóla- og frístundastarfi. Þar voru fulltrúar úr skóla- og frístundastarfi borgarinnar, frá frjálsum félagasamtökum, fulltrúar háskóla-samfélags auk fulltrúa allra flokka í skóla- og frístundaráði. Sjá erindisbréf framtíðarhóps í fylgiskjali 1.

Hlutverk framtíðarhóps voru að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* eftir fyrstu tvö árin og áforma næstu skref. Hópnum var ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaráætlun yrði samofin *Græna plani Reykjavíkurborgar* og þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum jafnt hérlendis sem erlendis á liðnum misserum.

Helstu verkefni/viðfangsefni

- Að veita umsögn um framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* eftir fyrstu tvö árin.
- Að meta sóknarfæri, álitamál og mögulegar umbætur í skóla og frístundastarfi borgarinnar til næstu framtíðar.
- Að koma með hugmyndir að og veita álit á tillögum um aðgerðaráætlun til næstu þriggja ára vegna innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022-2024 sem byggðar verða m.a. á
 - Stöðu innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar
 - „Græna planinu“ – langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar.
 - „Farsældarfrumvarpinu“
 - Helstu straumum í menntamálum hérlendis og erlendis.
 - Helst áskorunum sem blasa við í lífi barna, unglinga og ungmenna í nú og í náinni framtíð.


Hópurinn fundaði þrisvar sinnum árið 2021 og voru tveir fundir rafrænir vegna COVID-19 en síðasti fundur hópsins fór fram í Hliðunni, Gufunesbæ 30. september 2021. Á þeim fundi voru lögð drög að endanlegri útfærslu á almennum aðgerðum menntastefnu Reykjavíkur fyrir árin 2022-2024. Auk fundu framtíðarhópsins voru tillögur að almennum aðgerðum unnar upp úr samráðsfundum með stjórnendum í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi og starfsfólki á skrifstofu SFS.

[Almennar aðgerðir menntastefnu Reykjavíkur 2022-2024](#) voru samþykktar af skóla- og frístundaráði og borgarráði í nóvember 2021. Í kjölfarið var hafist handa við að vinna úr tillögum um aðgerðaráætlun á grundvelli almennra aðgerða sem lögð verður fram vorið 2022



2. Starfsþróun, námskeið og fræðsla

Starfsþróun fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi er rauður þráður í öllum almennum aðgerðum og innleiðingu menntastefnunnar. Lögð er áhersla á að fjölga tilboðum til starfsfólks sem fela í sér meira heldur en „einskíptis“ námskeið eða fræðslufund, en um leið er mikilvægt að hafa í huga að engin ein leið hentar öllum. Samhliða því er boðið upp á námskeið og fræðslu sem fela í sér allt frá kveikjum og stuttum fyrirlestrum yfir í einingabær námskeið í samstarfi við menntavísindasvið HÍ. Hér fyrir neðan er leitast við að skilgreina ólíkar tegundir starfsþróunar en á [vef menntastefnunnar er miðlað upplýsingum um starfsþróunartilboð](https://menntastefna.is/starfsthroun/) til starfsstaða. Hér í þessum kafla er farið yfir helstu nýjungar á árinu í starfsþróunartilboðum en nánari umfjöllun um starfsþróun er í sjötta kafla þar sem sagt er frá helstu verkefnum vegna innleiðingar almennra aðgerða stefnunnar. Meðal almennra aðgerða er samstarf við Menntavísindasvið um starfsþróun en nánar er farið yfir það í kynningu á samstarfi MVS og SFS 2020-2021 sjá fylgiskjal 2.



Skilgreining SFS og MVS á starfsþróunartilboðum

MenntaStefnumót 10.05.2021

Ein af almennu aðgerðum vegna innleiðingar menntastefnu var að þróa umgjörð og framsetningu þróunar- og nýsköpunarsjóðsins „Látum draumana rætast“ en úthlutað var úr honum í fyrsta sinn árið 2019. Sú ákvörðun að skipta sjóðnum í tvo hluta, [A- hluta 150 milljónir](#) sem úthlutað er til allra starfsstaða og [B- hluta 50 milljónir](#) í stærri samstarfsverkefni, hefur orðið til þess að allir starfsstaðir hafa unnið að innleiðingu menntastefnunnar frá upphafi árs 2019 í gegnum fjölbreytt verkefni.



Innleiðingarhópur menntastefnu lagði til við framkvæmdastjórn SFS að þegar fyrstu þremur árum í innleiðingu stefnunnar lyki, vorið 2021, yrði haldin uppskeruhátíð þar sem hægt yrði að kynnst öllum þeim ólíku verkefnum sem unnið var að fyrstu árin. Tillagan var samþykkt og í skóla- og frístundaráði var ákveðið að dagurinn yrði um leið starfsdagur hjá öllu starfsfólki SFS í borginni. Nýsköpunarmiðja menntamála hélt utan um skipulag, undirbúning og framkvæmd en fulltrúar í undirbúningshópi komu frá NýMið og úr innleiðingarhóp menntastefnu.

Undirbúningur

Undirbúningur fyrir mótið hófst 2019, en ákveðið var að viðburðurinn yrði haldinn í Hörpu tónlistarhúsi. Undirbúningshópur tók til starfa 2020 og byrjað var á því að panta húsið og láta hanna kynningarefni fyrir mótið. Í júní 2020 eftir fyrstu bylgju farsóttar, átti enginn von á öðru en að allt yrði yfirstaðið ári síðar og fljótlega var byrjað að kynna mótið, auglýsa eftir kynningum á verkefnum frá starfsstöðum og hafa samband við erlenda fræðimenn. Þegar leið á haustið kom í ljós að áhrifa farsóttarinnar myndi jafnvel gæta fram eftir skólaárinu og ekki á vísan að róa með fjölmennar samkomur. Í desember 2020 samþykkti framkvæmdastjórn skóla- og frístundasviðs að undirbúningur mótsins myndi alfarið miðast við að það yrði rafrænt. Í janúar 2021 stóð undirbúningshópur fyrir fjarfundi með þátttöku fulltrúa SFS, PON, og Menntavísindasviðs þar sem skipt var í hópa og þróaðar hugmyndir um framsetningu efnis á mótinu, undirbúning og kynningarmál. Hér fyrir neðan má sjá MIRO borð með hugmyndum.



Ljóst var eftir hugmyndafundinn að metnaðarfullt og viðamikilið MenntaStefnumót var í þáttum sem krafðist stafræna lausna sem Reykjavíkurborg hafði ekki yfir að ráða auk þess sem takmörkuð þekking var á svona stórum viðburðum innan sviðsins. Farið var að skoða heildstæðar lausnir fyrir viðburð á neti en niðurstaðan varð sú að ganga til samninga við Advania um heildarlausn. Auk þess var ákveðið að vettvangur viðburðarins yrði tónlistarhúsið Harpa og að bein útsending yrði þaðan í gegnum dagskrá sem yrði send út frá Silfurbergi en um streymið sá viðburðþjónusta Hörpu.

Gefinn var frestur þar til um miðjan mars til að skila inn óskum um þátttöku á mótinu með kynningum á verkefnum í skóla- og frístundastarfi í formi myndbanda eða fjarfunda og námskeiða í rauntíma. Starfsstöðum var boðin aðstoð við að taka upp og útbúa myndbönd og bærust um niðurtu beidnir sem starfsfólk Nýsköpunarmiðju menntamála og Mixtúru aðstoðuðu við að fullvinna fyrir mótið. Ráðnir voru inn tveir starfsmenn í gegnum atvinnuáttaksverkefni, annar til aðstoðar við vinnslu myndbanda og hinn í kynningarmál í samstarfi við upplýsingafulltrúa sviðsins sem hélt utan um þann þátt. Verkefnastjórar á NýMið héldu síðan utan um alla bakvinnslu og innsetningu efnis á vef Advania og sáu um dagskrárgerð, skipulag og framsetningu á MenntaStefnumótinu.

Haldnir voru hugmyndafundir með öllum stjórnendahópum í aðdragandanum þar sem skipst var á hugmyndum um það hvernig hægt væri að skipuleggja daginn á starfsstöðum SFS með þátttöku alls starfsfólks. Starfsstaðir skipulögðu flestir samveru og áhorf með sínu fólki, þar sem búið var að draga fram áhugaverðar kynningar eða efni til áhorfs og umræðu. Hér fyrir neðan er dæmi um dagskrá í leikskólanum Geislabaugi en aðstaða til að njóta samveru var ólík eftir starfsstöðum auk þess sem samkomutakmarkanir miðuðust við 20 manns í rými daginn sem mótið var haldið.


 <p>MENNTA STEFNU MÓT 10.09.2021</p> <p>Dagskrá Mæting 8:30 – 16:00</p> <p>Boðið upp á léttan morgunmat upp í sal Erindi sem við ætlum að hlýða á í salnum eru:</p> <p>8:45 Draumarnir rætast í flæði Rauðhóll</p> <p>09:30 Setning Menntastefnumóts Dagur B Eggertsson</p> <p>09:50 Látum draumana rætast Bergur Ebbs Benediktsson</p> <p>10:00 -10:40 Menntun til framtíðar að heimsfaraldri loknum Pasi Sahlberg <u>Kaffipása</u></p> <p>11:00 Frelsi er yndislegt ! Geislabaugur</p> <p>11:25 Umhverfislæg Mariuborgar</p> <p>11:30 Leikur styðjandi samskipti og lærdómssamfélag, Reynisholt, Stakkaborg, Tjörn, Ægisborg, Rannung</p> <p>11:50 Markviss málörvun í Fellahverfi</p> <p>11:55 Orð eru til alls fyrst Geislabaugur</p> 	 <p>Hádegishlé 12:00-12:30</p> <p>12:30 Sköpun og virkni barna/myndband</p> <p>12:40 Próunarverkefni í Jöklaborg, félagsfærni</p> <p>12:50 Útinám í Hálsaskógi Leikskólinn Hálsaskógur</p> <p>13:00 Starfsmannafundur</p> <p>13:30 Fyrirmyndarstarfstaður og afhending hvatningarverðlauna. óvæntur glaðningur</p> <p>14:00 starfsmannafundur og samantekt</p> <p>16:00 starfsdegi lýkur</p> <p>Það verða einnig tölvur í undirbúningi og Sól ef einhverjir vilja hlýða á eitthvað annað. En það er ætlast til að við hlýðum öll á myndbandið frá okkur í Geislabaugi og fyrirlestur Pasi Sahlberg</p> <p>Njótum saman og eigum góðan dag !</p> 
--	---

Framkvæmd

Menntastefnumótið var haldið 10. maí 2021 en [hér má nálgast heildardagskrá](#) viðburðarins. Dagskráin fór fram á fjórum sýningarlínnum sem allar voru kenndar við salina í Hörpu. Í Silfurbergi fór fram dagskrá í beinni útsendingu þar sem borgarstjóri opnaði viðburðinn, fulltrúar úr Reykjavíkurráði ungmenna ræddu um draumadaginn í skóla- og frístundastarfinu, erlendir og innlendir sérfræðingar um menntamál héldu erindi, spjallað var um framtíð menntunar og veitt hvatningaverðlaun fyrir frábært skóla- og frístundastarf. Í Norðurljósum var áhersla á kynningar frá leikskólum fyrir hádegi og frá frístundastarfinu eftir hádegi. Í Rímu voru flestar kynningar frá grunnskólum og á Háalofti voru fjölbreyttar kynningar frá grunnskólum, leikskólum, menntavísindasviði HÍ og öðrum samstarfsaðilum. Hér fyrir neðan má sjá mynd af upphafssíðu viðburðarins.



Hægt var að heimsækja níu sýningarherbergi á viðburðinum sem skipulögð voru annars vegar út frá grundvallarþáttum menntastefnunnar og hins vegar voru samstarfsaðilar SFS, samtök áhugafólks um skólapróun og menntavísindasvið HÍ með svæði fyrir sínar kynningar. Í sýningarherbergjunum var hægt að sækja yfir tuttugu námskeið og fræðslufundi í rauntíma. Sumir þeirra voru ætlaðir til að fylgja eftir kynningum frá starfsstöðum þar sem hægt var að fræðast betur um tiltekin verkefni eða sitja námskeið. Fundirnir voru teknir upp og er enn hægt að nálgast margar þeirra á [yfirliti yfir dagskrá fjarfunda](#). Nánari upplýsingar um dagskrá má finna [hér í dagskrártengli](#).



Tæknilegir örðugleikar urðu í upphafi útsendingar en eftir að komist var fyrir þá gekk dagskráin hnökralaust fyrir sig. Tæplega 9000 stakir notendur horfðu á dagskrá dagsins sem í heildina var yfir

Þrjátíu og tvær klukkustundir en vitað er að í mörgum tilfellum voru fleiri áhorfendur á bakvið hvern notanda. Hér fyrir neðan má skoða tölfræði yfir áhorf og þátttöku á viðburðinum.

Mennta- Stefnumót 2021

menntastefnumot.velkomin.is

Uppskeruhátið nýsköpunar- og þróunarstarfs sem unnið var að í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar á fyrstu þremur árum inleiðingar Menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana ræstast“. Mótið var haldið í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Starfsdagur hjá öllum

starfsstöðum skóla- og frístundasviðs

Yfir 100 erindi

frá leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi, skólaskrifstofu og samstarfsaðilum

Meira en 32 klukkustundir af efni

á fjórum dagskrárlínum, þar af þrjár í streymi

9 sýningarherbergi

með mismunandi áherslur:


- leiðsagnarnám
- sköpun
- heilbrigði
- læsi félagsfærni/sjálfsþing
- fjölmenning og fjölyngi
- stafræn tækni
- Menntavísindasvið HÍ
- Samtök áhugasólks um skólaþróun

8744 stakir notendur,
horfðu á þrjár dagskrárlínur
sem voru í beinu streymi
10. maí ...og við vitum að það voru oft
starfsmannahópar á bak við hvern
notanda.

Samtals horfðu þessir
notendur á

194700
mínútur

af efni í beinu streymi 10. maí



Á tímabilinu 11. maí til 11. október 2021 hafa **4.404 stakir notendur** flett **21947** síðum á vef MenntaStefnumótsins.

16000 Vimeo heimóknir hafa verið skráðar á reikning skóla- og frístundasviðs ...oftast til að horfa á myndbönd frá MenntaStefnumótinu

Eins hefur 25 myndböndum verið hlaðið upp á aðgangi skóla- og frístundasviðs á **Facebook** og **14500** hafa horft á þau.




Reykjavíkurborg

Fjármagn til þess að halda viðburðinn fékkst úr þeim fjárhagsramma sem lagður er til fyrir árlega leikskólaráðstefnu, Öskudagsráðstefnu grunnskóla og Höfuð í bleyti hjá frístundahluta. Kostnaður

við viðburðinn var innan ramma en það má meðal annars þakka erlendum gestafyrirlesurum sem allir gáfu vinnu sína, framlag Menntavísindasviðs var liður í samstarfi þess við SFS og rúmaðist innan þess ramma, nýtt var fjármagn úr atvinnuáttakssjóði til að ráða starfsfólk í tímabundin störf og starfsfólk NýMið og innleiðingarhóps hliðraði til verkefnum síðustu vikunnar fyrir mótið og setti verkefni tengd undirbúningnum í forgang.


Könnun á þátttöku og ánægju með MenntaStefnumót

Að MenntaStefnumóti loknu var send út könnun til stjórnenda og starfsfólks þar sem þátttaka og ánægja með mótið var skoðuð. 530 svör bárust og verður farið yfir helstu niðurstöður hér fyrir neðan. Flest svör bárust frá grunnskólum eða rúmur helmingur, tæplega 40% leikskóla svöruðu könnuninni en aðeins rúm 7% frístundastarfsfólks. Af þeim sem svöruðu voru tæp 67% kennarar eða starfsmenn en 33.2% voru stjórnendur. Aðspurðir sögðust rúm 82% svarenda vera frekar eða mjög ánægð með viðburðinn í heild sinni.



Hversu vel líkaði svarendum við Menntastefnumótið í heild sinni?


Flestir horfðu á dagskrá í beinni útsendingu frá Silfurbergi eða um 80% svarenda. Af þeim töldu 86.9% að dagskráin hefði verið nokkuð eða mjög áhugaverð.



Svarendur sem töldu dagskrá í Silfurbergi vera nokkuð, eða mjög áhugaverða.


Um helmingur svarenda horfði á streymi frá Norðurljósum, 46% horfði á streymi frá Rímu og 36% svarenda fylgdist með dagskrá á Háalofti. Um helmingur svarenda hafði nýtt dagskrá

sýningarherbergja. Spurt var að því hvort svarendur hefðu tekið þátt í umræðum á sínum starfsstað en 69% þeirra höfðu gert það en 11% svarenda sögðu það ekki hafa verið í boði.



Pau sem tóku þátt í umræðum á starfsstað 10. maí 2021

Könnunin var jafnframt liður í að upplýsa starfsfólk SFS um að MenntaStefnumótið yrði opið áfram og sögðust 83% þeirra sem svöruðu eiga eftir að fara inn á vefinn og nýta sér efni þaðan næstu vikur og mánuði. Flestir sem svöruðu vildu að sambærilegur viðburður yrði haldinn aftur síðar. Töldu fleiri að hann ætti að vera rafrænn frekar en staðbundinn en flestir töldu þó að hann ætti að vera blanda af rafrænum og staðbundnum viðburði.



Hlutfall þeirra sem vildu að sambærilegur viðburður verði haldinn aftur síðar.

Í opnum svörum kom fram að flestir voru ánægðir með daginn, töldu viðburðinn framsækinn og mikilvægt að geta haft hann rafrænan þó að mörgum þætti líka dýrmætt að geta hitt aðra eins og birtist kannski í svörum við því hvort svarendur myndu vilja sambærilegan viðburð síðar. Óánægja með tæknilega örðugleika kom fram í nokkrum svörum og sumum þótti viðburðurinn of stór, of margt í boði og að dagskrá hefði mátt berast fyrr. Greinilegt var að í mörgum tilfellum hafði efnið nýst vel í starfsþróun, ígrundun og faglegar samræður og mikill kostur að geta horft aftur og aftur á efni og miðlað því áfram. Þá þótti viðburðurinn lyftistöng fyrir skóla- og frístundastarf í borginni og bent á að svona mót mætti vera á landsvísu því það væri gaman að sjá líka hvað væri að gerast utan borgarinnar.

Afurðir MenntaStefnumótsins

Upphaflega hafði verið samið við Advania um að vefur mótsins yrði opinn til áramóta 2021. Í ljósi þeirra tæknilegu örðugleika sem urðu í upphafi var samþykkt að framlengja opnun vefsins þar til í maí 2022. Það felur í sér möguleika fyrir alla starfsstaði SFS að nýta efni í starfsþróun og nýliðafræðslu en einnig er hægt að nýta efnið til að kynna starf borgarinnar fyrir foreldrum og almenningi og skapa þannig sameiginlegt stolt yfir framsæknu og metnaðarfullu þróunar- og nýsköpunarstarfi í borginni. Þegar hefur verið haft samband við þá starfsstaði sem eiga efni á mótinu og þeir beðnir um leyfi til að flytja það yfir í verkfærakistu á vef menntastefnunnar. Þannig er tryggt að efni glattist ekki og verði aðgengilegt áfram. Á [vef menntastefnunnar](#) er hægt að nálgast afurðir MenntaStefnumótsins og það efni sem þegar hefur verið komið á framfæri í verkfærakistuna.

Þín bíða meira en 100 frábær erindi á
menntastefnumot.velkomin.is
Öll erindi verða opin út maí 2022




Sumarsmiðjur

Ráðgert var að halda Sumarsmiðjur fyrir grunnskólakennara á tímabilinu 9. - 13. ágúst, flest námskeið í Háteigsskóla, nokkur á Menntavísindasviði og önnur úti í skólum, í Mixtúru eða á neti. Að venju voru smiðjurnar auglýstar með góðum fyrirvara áður en skóla lauk í júní og var að þessu sinni metþátttaka eða yfir 1100 skráningar. Í boði voru 56 námskeið en tíu námskeið voru felld niður vegna of lítillar skráningar. Þegar kom fram í ágúst höfðu sóttvarnaraðgerðir verið hertar og ljóst að ekki var hægt að halda smiðjurnar með óbreyttu sniði. Þá var haft samband við alla leiðbeinendur og fyrirlesara til að skoða hverjir hefðu

1100
kennarar
skráðu sig á
Sumarsmiðjur

tök á að breyta fyrirkomulagi í fjarnámskeið. Í einhverjum tilfellum voru það fáir skráðir að hægt var að útvega nægilega stórt húsnæði en tryggja um leið sóttvarnir. Niðurstaðan varð sú að 27 námskeið voru haldin fyrirhugaða Sumarsmiðjudega en öðrum námskeiðum var frestað þar til síðar eða þau felld niður. Hægt er að sjá yfirlit yfir fyrirkomulag smiðjanna sem [komið var á framfæri á vef Menntastefnunnar](#).



Samhliða Sumarsmiðjum var boðið upp á Sumarsprotu, námskeið fyrir annað starfsfólk grunnskóla en kennara. Boðið var upp á átta námskeið en skráning á þau námskeið fór fram í gegnum stjórnendur. Námskeiðin voru nokkuð fjölbreytt og tengdust samskiptum, félagsfærni, sjálfsefningu, skyndihjálp og hagnýtum ráðum til að vinna með hegðunarvanda nemenda.

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið er heitið á fimm lotu námskeiði fyrir stjórnendur í skóla- og frístundastarfi sem þróað er í samvinnu Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar/NýMið. Við þróun námskeiðsins var horft til óska og þarfa stjórnenda í skóla- og frístundastarfi borgarinnar og byggt á [tillögum starfshóps um faglega stöðu stjórnenda hjá SFS](#) þar sem lögð var áhersla á að efla starfsþróun fyrir stjórnendur með áherslu á þá sem faglega leiðtoga og farsæla stjórnendur. Einnig var byggt á niðurstöðum úr „Vegvísi fyrir stjórnendur“ rannsókn sem Sóley Kristjánsdóttir mannauðsráðgjafi gerði þar sem hún skoðaði hvað einkenni faglegt umhverfi leik- og grunnskóla sem skoruðu hátt í viðhorfskönnun borgarinnar. Námskeiðið er liður í innleiðingu menntastefnunnar og verkefninu *Betri borg fyrir börn* þar sem byggt er á nýjum farsældarlögum og er markmiðið að styrkja stjórnendur, auka samstarf þeirra innan sem og á milli starfsstaða og veita þeim aðgang að verkfærum til að leiða fagstarfið, efla mannauðinn og skapa menningu sem stuðlar að heilsusamlegu vinnuumhverfi.



Leiðtogi framtíðarinnar er teymið

Á námskeiðinu verður fjallað um Múverk stjórnaða sem faglega leiðtoga í innleiðingu „Lítum drömunum rættar“ og „Betri borg fyrir börn“ sem innleiðing verður í öllum borgarhlutum næstu áramót. Markmið námskeiðsins er að efla og skapa vefing til samstarfs í borgarhlutum og þróa verkfæri sem efla stjórnendur í að taka á við nýjar ákærnir. Námskeiðið er samstarf Skóla og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og verður fjallað með höfðing af vegri fyrir stjórnendur sem mótað var á grunni þána sem stjórnendur SFS teja einkenna farsælan stjórnaða. Námskeiðið byggir einnig á niðurstöðum stjórna starfshóps um faglega stöðu stjórna í skóla- og frístundastarfi. Kjarnaker námskeiðsins eru fjórar en fimmra lotur byggja á velli milli dætra efnabána.

MARKMIÐ
Stjórnendur í skóla og frístundastarfi borgarinnar

REKINGJAFTELING (Birt með fyrirvara um breytingar)
Námskeiðið er hentar ákærnir 2021-2022 í 5 lotum, hver borgarhluti er annað hvert fyrir efla einn dag hverrar lotu. Á fyrsta námskeiði verður starfshópur í Vesturbæ, Miðborg og Félögum (Benni í Fagaskóli) og Laugardal, Háskóli og Búabúum (Benni í Háskólabókala).

1. lota 28. október/1. nóvember
2. lota 29. nóvember/2. desember
3. lota 21. janúar/3. febrúar
4. og 5. lota tinnasemning dætra

1. lota: Múverk stjórnaða í teymisvinnu dætra fagfætra. Traust og farsæld í þána barna
2. lota: Múverk stjórnaða í skólagægi stjórnendur teymisvinnu um nám og velferð barna
3. lota: Stjórnendateymið sem leiðtoga og teymisvinnu í að rýna stjórna starf
4. lota: Stjórnendateymið í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar
5. lota: Val um viðlangfætra sam stjórnendateymið vill dýkja sig í

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Markhópur námskeiðsins eru stjórnendur úr skóla- og frístundastarfi borgarinnar, leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi, skóla- og frístundaskrifstofum í hverfum og frá fagskrifstofu SFS en í kringum 80 stjórnendur voru skráðir á hvort námskeiði á ár. Stjórnendur á hverjum starfsstað ákveða hverjir úr stjórnendateyminu sækja námskeiðið en miðað er við eftirfarandi fjölda frá hverjum starfsstað:

- Leikskólar – 2
- Grunnskólar – 4 (mögulega færri frá minni skólum og fleiri frá stærstu skólunum)
- Frístundamiðstöð (stjórnendateymi frístundamiðstöðva 4-5)
- Frístundaheimili 1 (2 frá þeim stærstu)
- Félagsmiðstöðvar 1 (2 frá þeim stærstu)
- Þjónustumiðstöðvar í borgarhlutum fjórum með áherslu á fagstjóra, fulltrúa skóla- og frístundadeilda, barna og fjölskyldudeilda og framkvæmdastjóri – 4-6
- Fagskrifstofu SFS – 3

Á námskeiðinu er notast við námsumsjónarvef Menntavísindasviðs sem kallast Canvas. Þar á hver lota sinn samastað og er upptökum af öllum erindum, kveikjur, ítarefni og umræðupunktur fyrir stjórnendur sett þar inn. Markmiðið er að þátttakendur á námskeiðinu geti nýtt allt efnið sem þar er með stærri hópi samstarfsfólks á starfsstöðum þeirra. Með þessu móti geta þátttakendur haldið námi sínu og vinnu áfram eftir að lotunni sjálfri líkur og stækkað þann hóp á hverjum stað sem gagn getur haft af fræðslunni. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir kennara námskeiðsins og efni hverrar lotu.



Oddný Sturludóttir, Ómar Örn Magnússon, Sigurlaug Hrund Svavarsdóttir, Ingileif Ástvaldsdóttir, Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, Haraldur Sigurðsson, Edda Óskarsdóttir, Guðrún Sólveig, Hildur Jóhannesdóttir og Hákon Sigursteinsson.

Lýsing á námskeiði og lota 3	Lotur 1 og 4	Lotur 2 og 5
Námskeiðslýsing	<p>Kjarnalota 1 Hlutverk stjórnenda í samvinnu ólíkra fagstétta: Traust og farsæld í þágu barna 28. október kl. 14.00-16.30 í Réttarholtskóla</p>	<p>Kjarnalota 2 Hlutverk stjórnenda í skipulagi styðjandi menningar: Líkan að markvissri teymisvinnu um nám og velferð barna 2. desember kl. 14.00-16.30 á Zoom e</p>
<p>Kjarnalota 3 Stjórnendateymið sem leiðtogar og fyrirmyndir í að rýna eigið starf 3. febrúar kl. 14.00-16.30 í Réttarholtskóla</p>	<p>Kjarnalota 4 Stjórnendateymið í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar Mars (nánari upplýsingar væntanlegar)</p>	<p>Lota 5 Val um efni sem stjórnendateymi vilja dýpka sig enn frekar í Apríl og maí (nánari upplýsingar væntanlegar)</p>

Námskeiðið hófst í október 2021 og var ákveðið að byrja með tveimur borgarhlutum, Vesturbæ/Miðborg/Hlíðar og Laugardal/Háaleiti/Bústaðir. Um er að ræða fjórar kjarnalotur og eina valkvæða lotu þar sem þátttakendur fá tækifæri til þess að dýpka sig í einum af þeim fjórum þáttum sem farið var yfir í kjarnalotunum. Hver lota er haldin tvisvar sinnum eitt skipti fyrir hvern borgarhluta og eru u.þ.b. fjórar vikur á milli hversrar lotu. Unnið er að undirbúningi fyrir haustið 2022 en þá er ráðgert að seinni borgarhlutarnir tveir hefji þátttöku. Efnistökin í hverri lotu eru eftirfarandi:

- 1. lota - Hlutverk stjórnenda í teymisvinnu ólíkra fagstétta: Traust og farsæld í þágu barna
- 2. lota - Hlutverk stjórnenda í skipulagi styðjandi menningar: Líkan að markvissri teymisvinnu um nám og velferð barna
- 3. lota – Stjórnendateymið sem leiðtogar og fyrirmyndir í að rýna eigið starf
- 4. lota - Stjórnendateymið í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar
- 5. lota – Val um viðfangsefni sem stjórnendateymið vill dýpka sig í

Kennarar frá Menntavísindasviði halda utan um loturnar og skipulag þeirra en í samvinnu við SFS er unnið að því að stjórnandi frá Reykjavíkurborg komi inn í hverja lotu og tengi innihald hennar við sitt starf. Hver lota er þannig uppbyggð að kennari frá Menntavísindasviði er með fræðilegt innlegg og umræður í kjölfarið en síðan eru stjórnendur borgarinnar með innlegg þar sem þeir tengja áherslur lotunnar við eigið starf. Í umræðum er hópnum skipt upp í hverfi innan borgarhlutanna þar sem samstarf er fyrir hendi eða þyrfti að verða til. Þegar námskeiðið hófst var markmiðið að halda það sem staðbundið námskeið innan hvers borgarhluta en eftir að samkomutakmarkanir voru hertar var námskeiðið flutt yfir í fjarkennslu sem hefur gefist vel.

Lærdómssamfélög

Jafnt og þétt hefur verið unnið að því að efla og fjölga „[lærdómssamfélögum](#)“ en með þátttöku í lærdómssamfélagi fær starfsfólk í skóla- og frístundastarfi tækifæri til að tengjast, miðla þekkingu og reynslu ásamt því að byggja upp traust og samvinnu.

Samhliða því að skipuleggja námskeið hefur verið lögð áhersla á að koma á fót fjölbreyttum lærdómssamfélögum faghópa þvert á skóla- og frístundastarfið. Verkefnastjórar á fagskrifstofu leiða hópana og sjá um utanumhald og skipulag. Hóparnir hafa verið misvirkir á árinu, í sumum tilfellum hefur

400
þátttakendur í
lærdóms-
samfélagi eða
tengiliðahópi

verið auðvelt að færa starfsemi þeirra yfir í fjarfundaform en í öðrum tilfellum ekki. Anna Kristín Sigurðardóttir, prófessor við Menntavísindasvið HÍ og sérfræðingur um lærdómssamfélög, hefur leiðbeint verkefnastjórum og haldið námskeið fyrir þá með það að markmiði að stilla saman strengi og skapa samræmi. Þá eru ýmsir hópar sem ekki ganga undir heitinu lærdómssamfélög en stefnt er að þeir þróist frekar í þá átt. Þetta eru hópar sem hittast reglulega, fá fræðslu og læra hver af öðrum s.s. eins og samráðsfundir deildarstjóra unglingastarfs í frístundastarfi, fjármálastjórar og framkvæmdastjórar frístundamiðstöðvar og fulltrúar þekkingarskóla í leiðsagnarnámi, tengiliðir fjölmennningar og Grósku-tengiliðir grunnskóla. Hátt í 400 þátttakendur frá leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi eru þátttakendur í einhverskonar lærdómssamfélagshópum eða tengiliðahópum. Í fylgiskjali 3. má sjá auglýsingu um lærdómssamfélag um Félagsfærni og sjálfseflingu. Upplýsingar um lærdómssamfélagshópana eru á vef menntastefnunnar en meðal þeirra helstu má nefna:

- Lærdómssamfélag um mál og læsi leikskólabarna.
- Lærdómssamfélag kennara; íslenska sem annað mál.
- Lærdómssamfélag um sjálfseflingu og félagsfærni.
- lærdómssamfélag sérkennslustjóra í leikskólum.
- Lærdómssamfélag um mál og læsi í grunnskólum.
- Lærdómssamfélagi um lýðræði, sköpun og margbreytileika í leikskólastarfi.
- Lærdómssamfélag leikskólastjóra.
- Lærdómssamfélag deildarstjóra stoðþjónustu grunnskóla.
- Lærdómssamfélag um upplýsingatækni í leikskólum.

Samstarf SFS og Menntavísindasviðs Háskóla Íslands

Frá undirritun [samstarfssamnings SFS við Menntavísindasvið Háskóla Íslands 2019](#) hefur verið unnið markvisst að því að fjölga námskeiðum með aðkomu fræðasamfélagsins. Samningurinn kveður á um gagnvirkt samstarf um starfsþróun sem byggir á grunni menntastefnunnar annars vegar og kynningum á starfi borgarinnar á vettvangi háskólans hins vegar. Þá felur samningurinn í sér möguleika á því að starfsstaðir fái ráðgjöf og leiðsögn við þróunar- og nýsköpunarstarf. [Gefin var út skýrsla um samstarf sviðanna tveggja fyrsta starfsárið](#) og hún kynnt fyrir skóla- og frístundaráði og háskólaráði. Áfram hefur verið unnið að þróun einingabærra námskeiða, samstarfi um lærdómssamfélög, styttri og lengri námskeið og samstarf um þróunar- og nýsköpunarverkefni sem nánar er sagt frá í fylgiskjali 3. Núverandi samningur rennur út í febrúar 2022 og þegar hefur verið hafist handa við að endurnýja hann en hann mun fela í sér aukna áherslu á nýsköpun með stofnun Nýsköpunarstofu menntunar á Vísindagörðum í Vatnsmýri.

Í upphafi ársins var endurnýjaður samningur um [Menntamiðju](#) en markmið Menntamiðju er að vera gátt að starfsþróun kennara, stjórnenda og annars starfsfólks í menntakerfinu öllu. Fulltrúar Nýsköpunarmiðju hjá skóla- og frístundasviði sitja í ritnefnd Menntamiðju sem fundar mánaðarlega og

stýrihópi sem fundar árlega. Með því er tryggð samvirkni um framsetningu og yfirsýn á starfsþróunartilboðum til starfsfólks í skóla- og frístundastarfi.

Ein af stærstu nýjungunum á sviði starfsþróunar fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi er Menntafléttan, námskeið sem styðjast við hugmyndafræði leiðtoganáms og byggja að hluta á námskeiðum sótt í smiðju *Skolverket* í Svíþjóð. [Námskeið Menntafléttunnar](#) eru unnin í samstarfi Menntavísindasviðs HÍ, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir Menntafléttuna um þróun og kennslu námskeiðanna en árið 2021 voru um 40 námskeið í boði fyrir kennara og starfsfólk í skóla- og frístundastarfi þeim að kostnaðarlausu. Viðfangsefni námskeiða snerta fjölbreytt svið náms, kennslu, sjálfbærrar þróunar, vellíðunar, frístundastarfs og forystu. Hlutverk Menntafléttunnar felst í að efla námssamfélög í skóla- og frístundastarfi um land allt með því að:

- Styðja við samstarf á öllum sviðum menntunar
- Þróa námskeið sem fléttast saman við daglegt starf
- Vinna með leiðtogum af vettvangi við þróun og kennslu námskeiða
- Styðja við menntastefnu 2030 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna



Á landsvísu hafa um 900 þátttakendur verið skráðir á fjölmörg námskeið Menntafléttunnar en þar af eru um 200 þátttakendur frá tuttugu og þremur grunnskólum, sautján leikskólum og tveimur frístundaheimilum í Reykjavíkurborg. Unnið verður að kynningum á námskeiðum næsta skólaárs fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar með það að markmiði að fjölga þátttakendum. Í nýrri samantekt um samstarf MVS og SFS sjá fylgiskjal 3 má sjá nánari upplýsingar um námskeiðstilboð Menntafléttu en stór hluti þeirra samræmist vel áherslum Menntastefnu borgarinnar.

Hlutverk Menntafléttunnar

- Efla námssamfélög í skóla- og frístundastarfi um land allt
- Styðja við samstarf á öllum sviðum menntunar
- Þróa námskeið sem fléttast saman við daglegt starf
- Vinna með leiðtogum af vettvangi við þróun og kennslu námskeiða
- Styðja við [menntastefnu 2030](#) og [Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna](#)

D Samtal um hvernig til tókst og hvað má bæta.

A Þátttakendur undirbúa sig með lestri

B Leiðtogi og þátttakendur ræða efnið og gera áætlun um hvernig má flétta því við nám nemenda og starfið næstu vikurnar

C Áætlun framfylgt, þátttakendur fylgjast með og styðja hvern annan

Samstarf við Kennarafélag Reykjavíkur

Vorið 2021 leitaði forysta kennarafélags Reykjavíkur eftir samstarfi um starfsþróun fyrir grunn-skólakennara í borginni. Það samstarf hefur leitt af sér aukið samráð um miðlun upplýsinga um starfsþróun í boði og um starfsþróunarpörf. Formaður og varaformaður félagsins funda reglulega með fulltrúum starfsþróunarhóps skóla- og frístundasviðs og haldin var kynning fyrir trúnaðarmenn félagsins í nóvember. Í lok árs var komið upp ábendingahnappi á vef menntastefnunnar sjá mynd hér fyrir neðan um þarfir, óskir og hugmyndir um starfsþróun en starfsþróunarpur fagskrifstofu SFS sem fundar mánaðarlega, tekur fyrir þær ábendingar sem berast. Sambærileg kynning á starfsþróunartilboðum verður haldin fyrir starfsfólk og stjórnendur leikskóla- og frístundastarfs vorið 2022.

Menntastefna Reykjavíkurborgar

Verkfærakista Um menntastefnu Gátlistar Þróunarsjóður **Starfsþróun**

Starfsþróun

Ábending um starfsþróun - þarfir, óskir, hugmyndir

Fræðsla og námskeið

Starfsþróun í Mixtúru

Ráðgjöf og stuðningur Vefir SFS

Lærdómssamfélög

Samstarf við menntavísindasvið

MENNTAMIÐJA

3. Kynningar á Menntastefnunni og tengsl við aðra stefnumótun.

Á árinu 2021 var haldið áfram við að kynna menntastefnuna og verkefni tengd henni innan sem utan borgarinnar; á starfsstöðum SFS, á ráðstefnum og í skrifum innanlands og utan. Nýsköpunarmiðja ber hita og þunga af kynningum, auk þess sem starfsfólk miðlægrar skrifstofu SFS leitast við að tengja verkefni sín markvisst við menntastefnu og innleiðingu hennar í fræðslu og á námskeiðum. Boðið var upp á kynningar fyrir nýtt starfsfólk og stjórnendur í skóla- og frístundastarfi, meistaranevni á Menntavísindasviði sem eru að undirbúa meistaraprófsritgerðir en sú kynning var tengd við [viðurkenningar fyrir framúrskarandi meistaraprófsverkefni](#). Þá var stefnan kynnt fyrir nýja nemendur á Menntavísindasviði og fræðafólki á Menntavísindasviði HÍ og Listaháskóla Íslands í tengslum við þróunar- og nýsköpunarsjóðinn á árlegu stefnumóti. Þá hafa verið haldnar kynningar á menntastefnunni og innleiðingu hennar fyrir önnur sveitarfélög á landinu, erlenda gesti og önnur svið borgarinnar. Í janúar 2021 birtist grein í *Skólaþráðum, tímariti samtaka áhugafólks um skólaþróun* um [þróun og nýsköpun í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar](#) en þar er fjallað ítarlega um tilurð, fyrirkomulag og



utanumhald um þróunar- og nýsköpunarsjóðinn „Látum draumana rætast“. Þá má segja að MenntaStefnumótið sem haldið var 10. maí og fjallað er um hér að framan í öðrum kafla hafi verið ein allsherjarkynning á menntastefnu Reykjavíkurborgar og öllum þeim fjölmörgu verkefnum sem tengjast henni. Í tengslum við mótið var unnið myndband með kynningu á stefnunni og innleiðingu hennar en myndbandið er hægt að nálgast bæði á [Íslensku](#) og [ensku](#).

Hinn 7. júní 2021 var haldinn þriðji og jafnframt síðasti viðburður verkefnisins *Future Cities – Future Skills* sem SFS hefur tekið þátt í frá upphafi. Á þessum lokaviðburði var boðið upp á stafræna þekkingarferð um heiminn þar sem tólf borgir voru heimsóttar á tólf klukkustundum. Ferðalagið hófst í Sydney í Ástralíu og lauk í Kaliforníu og farið var á milli flestra heimsálfa. Framlag skóla- og frístundasviðs fólst í kynningu á menntastefnunni *Látum draumana rætast* og þróunarverkefnum undir hennar hatti. Hægt er að skoða framlag skóla- og frístundasviðs á síðu verkefnisins [Find fusion](#). Hér eru tenglar á samantekt frá [viðburðinum sem haldinn var í London 2019](#) og [rafrænan viðburð sem haldinn var 2020](#).

Í febrúar 2021 sendi innleiðingarteymi út rafrænt fréttabréf [Menntastefnufréttir](#) í kjölfar útgáfu á [stöðuskýrslu fyrir 2020](#). Slóð á fréttabréfin var send með tölvupósti til alls

240 ný
myndbönd og
49.700 áhorf
á Vimeo

starfsfólks skóla- og frístundasviðs og komið á framfæri á samfélagsmiðlum en einnig er alltaf hægt að nálgast þau á [vef menntastefnunnar](#). Fréttamiðlun af innleiðingunni tók breytingum í tengslum við heimsfaraldur og þróaðist yfir í miðlun með stuttum hnitmiðuðum tölvupóstum til tiltekinna hópa um það sem máli skipti hverju sinni. Einnig var reglulega dreift út stuttum póstum á samfélagsmiðlum um einstök verkfæri á menntastefnuvefnum til að vekja athygli á þeim tækjum sem fyrir liggja til að innleiða helstu áhersluþætti stefnunnar.

Þá hófst í árslok 2020 áttak í kynningarmálum sviðsins. Snýr það að því að skilgreina sýnileika sviðsins á samfélagsmiðlum og leggja enn meira kapp á að draga fram þann mikla mannauð sem hjá sviðinu starfar og þau fjölmörgu verkefni sem unnið er að á degi hverjum með börnum og unglingum. Hlaðvarp SFS tók til starfa haustið 2021 en það ber heitið Rásin og er aðgengilegt í gegnum [Spotify](#). Þá hefur verið stofnaður Instagram reikningurinn [Draumar geta ræst](#) en þar og á fésbókarsíðunni [Skóla- og frístundastarf](#) er hægt að fylgjast með skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Hluti þessa átaks fólst í miðlun og umfjöllun um skóla- og frístundastarf borgarinnar í tengslum við MenntaStefnumótið 10 maí. Meðal annars voru útbúin myndbönd þar sem áhrifavaldar og þekkt fólk í samfélaginu sagði frá reynslu sinni af skóla- og frístundastarfi og eða sendi hvatningu og styrk til starfsfólks sem staðið hefur í framlínu starfsins í heimsfaraldri. Hér fyrir neðan eru nokkur af þessum myndböndum:





Tengsl menntastefnunnar við aðra stefnumótun og umbreytingarverkefni.

Eitt af mörgum mikilvægum hugtökum menntastefnunnar er „samvirkni“ en með því er stefnt að því að tengja saman verkefni, stjórnendur, leiðtoga, fagfólk, börn og fullorðna með það að markmiði að dýpka og stækka verkefni og skapa breiðara eignarhald á menntastefnunni. Liður í því er að byggja á menntastefnunni í annarri stefnumótun þar sem áherslur menntastefnunnar mynda mikilvægar forsendur til áframhaldandi vinnu. Þannig hefur menntastefnan verið tengd með beinum hætti inn í [Græna Planið](#) – sóknaráætlun Reykjavíkur, [Stafræna grósku](#), [Stefnu Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#) auk þess sem stefnan er mikilvæg varða í þróun verkefnisins [Betri Borg fyrir börn](#). Fjallað er nánar um Stafræna grósku og Betri borg fyrir börn hér fyrir aftan í kafla um almennar aðgerðir en hér að neðan verður fjallað stuttlega um nýja stefnu um byggingar.

[Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf](#) var lögð fyrir borgarráð í drögum í nóvember en fór að því loknu í umsagnarferli og var gefin út í byrjun árs 2022. Í [greinagerð](#) um stefnuna segir:

Stefna Reykjavíkurborgar um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf skapar umgjörð um starf í anda menntastefnu borgarinnar. Jafnframt er hún leiðarljós sem tekur mið af „Grænu plani“ Reykjavíkurborgar sem er framtíðarsýn um borgarsamfélag sem einkennist af heilnæmu umhverfi, jöfnum tækifærum og öflugu atvinnulífi sem gengur ekki á náttúruauðlindir.

Stefnan markast af þremur þemum sem fanga meginmarkmið og áherslur en það fyrsta fjallar um menntastefnuna og námsumhverfið. Innan þess þema er *horft til þeirrar umgjardar sem skapa þarf í húsnæði skóla- og frístundastarfs til að hlúa að grundvallarþáttum menntastefnunnar. Þar er barnið í öndvegi og ólíkum þörfum þeirra og starfsfólks er mætt í umhverfinu og tekið tillit til jafnréttis- og margbreytileikasjónarmiða*. Grundvallarþættir menntastefnunnar, framtíðarsýn og leiðarljós eru samofin áherslum stefnu um byggingar og er mjög áhugavert að sjá hvernig þær endurspeglast í markmiðum um framkvæmdir eins og dæmið hér fyrir neðan sýnir en það er tekið af bls. 8 í stefnunni sjálfri.



Óhætt er að fullyrða að í þessari nýju stefnu um byggingar fyrir skóla- og frístundastarf sé stigið framsækið og metnaðarfullt skref í þá átt að byggja með markvissum hætti á þeirri stefnu sem mótuð hefur verið um menntun barna í borginni til 2030.

„LÁTUM DRAUMANA RÆTAST“

Í menntastefnu Reykjavíkur „Látum draumana rætast“ er lögð áhersla á að í öllu skóla- og frístundastarfi sé unnið með grundvallarþættina: félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Mikilvægt er að við hönnun húsnæðis fyrir skóla- og frístundastarf sé horft til grundvallarþáttanna og hvaða kröfur þeir gera til húsnæðis, umhverfis og aðstöðu. Einnig ættu leiðarljós um markvisst samstarf starfsfólks og virkni barna og þátttöku þeirra í starfinu að vera í öndvegi hönnunar. Lögð er áhersla á að barnafjölskyldur upplifi samfellu með viðeigandi stiganda í umhverfi og starfi barnanna.

FÉLAGSFÆRNI

Úr menntastefnu:

Með félagsfærni er átt við hæfnina til að eiga árangursrík samskipti við aðra og viljann til hafa jákvæð áhrif á umhverfi sitt og samfélag. Kapp er lagt á að börn öðlist færni í að starfa saman, setja sig í spor annarra og sýna öðrum góðvild og virðingu. Félagfærni tengist meðal annars tilfinningalæsi, réttlætiskennnd og leiðtogahæfni. Félagfærni þroskast öðru fremur með þátttöku í virku, lýðræðislegu samstarfi þar sem börn fá tækifæri til að sýna hug sinn í verki og koma skoðunum sínum á framfæri. Þannig verður barnið virkur þátttakandi í mótun þess samfélags sem það tilheyrir.

Tilgangurinn er að búa börn undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu samfélagi í anda skilnings, friðar, gagnkvæmrar virðingar, mannréttinda og vinsemdar. Mikilvægt er að húsnæðið styðji við þjálfun og eflingu félagsfærni í skóla- og frístundastarfi.

Það gerum við með því að:

- hafa stærri rými fyrir menningarviðburði og samveru stórra hópa
- hafa rými þar sem auðvelt er fyrir minni og stærri hópa að vera saman í námi, starfi, samveru og leik
- hafa minni rými fyrir teymisvinnu bæði barna og fullorðinna
- hafa útisvæði sem styður við samveru og leik þar sem líka er hægt að spjalla
- hafa fjölbreytt rými sem ýta undir virkni og þátttöku barna og fullorðinna.

Menntastefnuvefurinn




Vefur menntastefnunnar www.menntastefna.is er í sífelldri þróun og uppfærslu en þar er nú að finna fjölmörg verkfæri og stuðningsefni sem nýta má í fagstarfi á vettvangi. Starfsfólk er [hvatt til að senda inn „verkfæri“](#) undir völdum áhersluþáttum menntastefnunnar og láta fylgja með kennsluleiðbeiningar eða ítarefni ef þurfa þykir. Ritstjórn vefsins fundar mánaðarlega og skoðar m.a. heimsóknir á hann. Til þess að tryggja samvirkni á milli verkefna hjá teyllum á fagskrifstofu og efnis á vefnum eru haldnir mánaðarlegir vinnufundir þar sem fulltrúar hvers teymis senda inn verkfæri og annað efni á vefinn en þar er nú að finna yfir 600 verkfæri.

Meðal þeirra eru myndbönd með kynningum á verkefnum sem unnin voru fyrir MenntaStefnumótið sem haldið var 10. maí 2021. Búið er að endurvinnna þann hluta vefsins sem áður hét Gátlistar. Nýja vefsvæðið kallast „Gæðastarf“ og þar er hægt að finna mælikvarða menntastefnu, gátlistana, upplýsingar um skóla- og frístundastarf í tölum og ýmislegt stuðningsefni fyrir starfsstaði sem vilja efla gæðastarf en nánari upplýsingar er að finna í kafla fimm um mælikvarða og gæðastarf og hér á menntastefnuvefnum undir [svæði gæðastarfs](#).

Heimsóknir á vef menntastefnunnar

Árið 2021 voru heimsóknir á vef menntastefnunnar 44.500 og jukust um rúm 43% frá árinu 2020. Fjöldi notenda (users) á vefnum jókst milli ára um rúm 54% og fór úr 17.183 árið 2020 upp í 26.485 árið 2021. Þegar skoðað er hvaðan fólk kemur inn á síðuna má sjá að það er af stærstum hluta að koma beint inn á síðuna en einnig kemur stór hópur (11,9%) í gegnum stöðufærslur og tengla á samfélagsmiðlum (Facebook). Nánar má skoða upplýsingar um heimsóknir á vefinn á myndunum hér fyrir neðan:



Samanburður á 2020 og 2021



Hvaðan kemur fólk inn á vefinn?

Source	Users	% of Total
1. fjolbreyttkennsla.is	603	17.08%
2. reykjavik.is	550	15.58%
3. menntastefnumot.velkomin.is	434	12.29%
4. bottraffic459.xyz	361	10.22%
5. l.workplace.com	243	6.88%
6. mixtura.is	226	6.40%
7. nam.inna.is	144	4.08%
8. smore.com	134	3.79%
9. arbaejarskoli.is	132	3.74%
10. muu.reykjavik.is	106	3.00%

4. Starfsáætlanir

Starfsstaðir skóla- og frístundasviðs gera allir starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá í leik- og grunnskólum og starfsskrá í frístundastarfi. Í starfsáætlunum þarf að gera grein fyrir því með hvaða hætti byggt er á menntastefnu Reykjavíkur. Stjórnendur hafa í mörgum tilfellum nýtt [myndefni menntastefnunnar](#) í starfsáætlunum sínum eins og sjá má þegar þær eru skoðaðar.

Hér fyrir neðan er stuttlega gerð grein fyrir því með hvaða hætti er byggt á menntastefnunni í starfsáætlunum starfsstaða skólaárið 2020-2021.

Leikskólar

Í starfsáætlun leikskóla 2021-2022 meta leikskólar síðasta ár og tengja við áður útgefna umbótaáætlun og draga fram styrkleika leikskólans og tækifæri til umbóta. Þar fjalla þeir um hvernig hefur gengið að vinna eftir ákveðnum grundvallarþáttum menntastefnunar sem leikskólinn hefur ákveðið að vinna með og á hvern hátt hann fléttast inn í starf leikskólans. Í mörgum tilfellum vinna leikskólar áfram með þann grunnþátt menntastefnunar sem þeir völdu frá síðasta ári þar sem árið einkenndist af COVID-19 og breyttum forsendum. Hér má sjá umfjöllun leikskólans Vinagerðis sem dæmi um áherslur varðandi sjálfseflingu síðasta vetur:



Börnum er mætt eftir getu í hvert sinn og við hverja athöfn. Alla daga er unnið á deildinni að „sjálfseflingu“ hvers og eins barns og því mætt þar sem það er statt og er sú vinna samofin öllu starfi leikskólans. Einnig er unnið með að efla hópinn sem heild og hvernig hann birtist í samskiptum inni í leikskólanum, í ferðum, við hátíðir og aðra viðburði. Í samverustund eru notuð Vináttaverkefni sem er gott kennsluefni fyrir samskipti barna.

Út frá þessum markmiðum er sett upp umbótaáætlun sjá dæmi hér fyrir neðan:

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Sjálfsefling	Taka efni fyrir 3-6 úr Vináttuverkefninu þegar við erum búin með 0-3 ára efnið.	Hafa ábyrgðaraðila fyrir verkefnið	Deildarstjóri	Er stöðugt í gangi yfir skólaárið	Vináttuverkefni Barnaheilla, kennum börnum hvernig á að leysa úr ágreiningi	Börnin verða sjálfstæðari og þekkja allar tilfinningar, hegðun batnar til muna

Frístundastarf

Frístundamiðstöðvar vinna sínar starfsáætlanir út frá menntastefnunni, leggja mat á starfsemina meðal annars út frá gátlistum hennar og bregðast við því sem þar kemur fram að betur megi fara. Einnig eru áskoranir og tækifæri til umbóta rýnd út frá stefnu um frístundapjónustu Reykjavíkur til 2025, viðmiðum

og vísbendingum fyrir innra og ytra mat á gæðum frístundastarfs, niðurstöðum kannana og annars mats á starfinu. Í starfsáætlunum frístundamiðstöðva eru einnig tilgreind þau þróunarverkefni sem starfsstaðir þeirra vinna að á grunni menntastefnu ásamt öðrum áherslum starfsins. Þá er í starfsáætlunum einnig gerð grein fyrir jafnréttisáætlunum frístundamiðstöðvanna. Frístundaheimili og félagsmiðstöðvar vinna í kjölfarið aðgerðaráætlanir út frá starfsáætlunum sinna frístundamiðstöðva. Hér fyrir neðan er dæmi úr starfsáætlun um tengingu við menntastefnu:

Félagsfærni	Aukin félagsfærni Frístundastefna-innleiðing	Félagsfærni Í stað þess að vera með frístundafræðinga í öllum frístundaheimilum sinna aðstoðarforstöðumenn félagsfærniþjálfun á tíma frístundaheimilisins fyrir 1.-4.bekk.	Forstöðum Aðstoðarforst.menn Deilst.	2021-2022	Ígrundun á verkefnum á reglulegum fundum aðstoðarforstöðumanna með deildarstjóra. Eftirlit, stuðningur og mat í höndum forstöðumanna. Starfsdagur verður að vori hjá stjórnendum og umbótavinna f. næsta haust byggð á þeim grunni.	Samstarf milli frístundaheimila verði betra með auknu samstarfi aðstoðarforstöðumanna. Að yngstu börnin finni til meira öryggis og læri betur á umhverfi sitt. Félagsfærni verði meiri í barnahópnum. Börnin læri að þekkja tilfinningar sínar. Meiri samkennd. Börnin viti meira um réttindin sín. Sjálfsefning og sjálfstæði eftl.
Sköpun	Efla félagsfærni með samvinnu, læsi, sköpun, virkni og lýðræðisleg vinnubrögð	Tónlist fyrir alla Draumaland	Forstöðum	2021-2022	Hversu margir skrá sig í verkefnið, könnun á ánægju með verkefnið í lokin.	Börnin læri að þekkja og meta tónlist og kunnir helstu grunnatriði nútímalæsturs og tónlistar sköpunar. Börnin fái að prófa allskonar hljóðfæri og tónlistarforrit Unnið með fegurðarskyn og upplifun í gengum tónlist. Kveikja áhuga og forvitni. Efla samvinnu og félagsfærni með hópnum.
	Skapa rými fyrir leikræna tjáningu og sköpun Samvinna Félagsfærni Sjálfsefning Hlustun, framsögn, seigla.	Lifandi leyfileikhús Undraland	Forstöðum	2021-2022	Með ígrundun og samræðum. Að sköpunarþátturinn í gátlista menntastefnu hækki.	Að börnin taki virkan þátt og finnst gaman. Að börnin sækist í að komast í þetta val. Að þau fái rými og tækifæri til að efla hæfileika sína, efla tjáningu og sköpun og fái tækifæri til að láta ljós sitt skina.
	Sköpun, lýðræðisleg vinnubrögð, virkni, samvinna, læsi,	Stúdíó Eldflaugin! Eldflaugin	Forstöðum	2021-2022	Skrifleg ígrundun og skýrslugerð í lok verkefnis.	Kvikmyndasýning í Eldflauginni fyrir börn og foreldra. Sýning á barnamenningarhátíð.



Grunnskólar


Samkvæmt lögum um grunnskóla skal hver grunnskóli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólastjóri er ábyrgur fyrir þeirri vinnu og skulu þær unnar í samvinnu við kennara. Starfsáætlunin breytist árlega en þar er m.a. gerð grein fyrir skóladagatali, starfsáætlun nemenda, mati og umbótum á skólastarfi, stoðþjónustu, félagslífi og öðru því sem varðar starfsemi skólans ár hvert. Í starfsáætlunum grunnskóla er ætlast til þess að sérstök grein sé gerð fyrir með hvaða hætti unnið sé að leiðarljósum og markmiðum menntastefnu Reykjavíkur. Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um þau þróunar- og/eða samstarfsverkefni sem skólinn er þátttakandi í vegna innleiðingar menntastefnunnar. Þrátt fyrir COVID-19 hefur

verið mikil gróska í skólaþróun og eru hér tenglar inn á starfsáætlanir [Norðlingaskóla](#) og [Hólabrekkuskóla](#) þar sem sjá má dæmi um spennandi þróunarverkefni og áherslur í tengslum við menntastefnuna. Hér eru jafnframt hlekkir inn á tvö myndbönd, annars vegar um [Sjálfsfærnivita Seljaskóla](#) og hins vegar um [markþjálfun í Háteigsskóla](#).

5. Mælikvarðar og hugmyndafræðin á bak við þróun þeirra

Mikilvægt er að hafa góða mælikvarða til að skerpa sýn á hver raunveruleg markmið menntastefnunnar eru. Áhrif af breytingum og gjörðum starfseminnar tengdum menntastefnunni verða þó ekki að öll leyti sýnileg fyrir en fram í sækir, jafnvel ekki fyrir en börnin hafa lokið sinni skólagöngu. Því er mikilvægt að horfa bæði á mælikvarða á því sem lagt er af mörkum og líklegt er að skili ávinningi sem og sjálfan ávinninginn sem við sjáum í aukinni hæfni og betri líðan barnanna.

Leiðarljós menntastefnunnar gefur góða innsýn í það sem þarf að leggja áherslu á til þess að uppskera framfarir í grundvallarþáttunum fimm og framtíðarsýninni um að láta drauma barna rætast. Því hefur mælikvörðunum verði skipt upp í fjóra meginflokka; þrjá yfir það sem lagt er af mörkum í starfsseminni með börnunum; (a) mannauður, (b) vinnulag og vinnustaðarmenning og (c) auðlindir í formi fjármagns og stuðnings við starfið og að lokum (en efst á blaði) er afrakstur vinnunnar þar sem horft er til þeirra hæfni sem kristallast í grundvallarþáttunum fimm og framtíðarsýninni að láta draumana rætast. Sjá mynd hér fyrir neðan.



Hver starfsstaður getur ákveðið að styðjast við mælikvarða sem lagðir eru fram fyrir alla borgina, eða þeir geta ákveðið að velja nokkra til að hafa í fyrirrúmi yfir ákveðið tímabil. Mælikvarðana er alla hægt að nálgast á vef menntastefnunnar sjá mynd hér fyrir aftan á [undirsíðu um Gæðastarf](#).

Mælikvarðar Menntastefnu Reykjavíkur

Mælikvarðar Menntastefnu eru mælingar á árangri í skóla- og frístundastarfi út frá áherslum Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Mælikvarðarnir eru fjölbreyttar mælingar, gerðar með skimunum og könnunum nemenda, foreldra og starfsmanna auk gagna og upplýsinga um starfsemi skóla- og frístundastarfs. Markmiðið er að mælikvarðarnir gefi innsýn í hvað það er sem þarf að leggja áherslu á til þess að uppskera framfarir í grundvallarþáttum Menntastefnunnar.

Hér fyrir neðan eru dæmi um niðurstöður á nokkrum mælikvörðum menntastefnu fyrir Reykjavík í heild sinni, flokkaðir eftir áhersluþáttum og mismunandi starfsstöðvum.

Starfsstaðir sem vilja skoða og/eða nýta mælikvarða Menntastefnu Reykjavíkur geta hlaðið niður meðfylgjandi excel skjölum og t.d. notað fyrir innra mat/sjálfsmat.

■ Lesa meira um mælikvarða menntastefnu

Mælikvarðar Menntastefnu eftir skólastigum, fyrir starfsstaði að hlaða niður og nýta fyrir sína starfssemi:

- ✓ Mælikvarðar fyrir leikskóla
- ✓ Mælikvarðar fyrir grunnskóla
- ✓ Mælikvarðar fyrir frístundaheimili/félagsmiðstöðvar

[Á sömu síðu](#) geta starfsstaðir enn fremur nálgast upplýsingar um gagnleg verkfæri til að meta gæði í starfinu en gæðamat í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi er orðið órjúfanlegur hluti af starfsemi þeirra. Á síðunni er einnig hægt að nálgast allar upplýsingar um skóla- og frístundastarfið í tölum en með opnun [svæðis um gæðastarf](#) er búið að ná saman á einn stað öllum þeim upplýsingum sem nýst geta stjórnendum og öðrum til að fylgjast með þróun starfsins. Hér fyrir neðan er mynd með yfirsýn yfir þær upplýsingar sem á síðunni er að finna.

Menntastefna
Reykjavíkurborgar

Verkfærakista
Um menntastefnu
Gæðastarf
Þróunarsjóður
Starfsþróun

Gæðastarf

Leikskóli

Grunnskóli

Frístundastarf

Gæðamat í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi

Gæðamat í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi er orðið órjúfanlegur hluti af starfsemi þeirra. Mikið af gögnum verður til í daglegu skóla- og frístundastarfi þar sem starfsfólk tekur ótal ákvarðanir á dægi hverjum sem byggja á mati og gögnum.

Mat sem unnið er unnið upp úr þessum gögnum kallast innra mat/sjálfsmat og byggir á því að starfsfólk vinni í anda lærdómsamtélgis, dragi fram það sem vel er gert og vinni saman að umbótum í kjölfarið. Mikilvægt er að innra mat/sjálfsmat sé meðvitað og formlegt, meðal annars með markvissum samræðum, skráningu og greiningu gagna.

Gátlistar
Menntastefnu Reykjavíkur

Mælikvarðar
Menntastefnu Reykjavíkur

Skóla- og frístundastarf
í tölum

Munurinn á gátlistum og mælikvörðum

[Gátlistar um menntastefnuna](#) gegna síðan því hlutverki að vera sjálfsmatstæki fyrir starfsstaði á hvort unnið sé á þann hátt með börnum og unglingum að það styðji við grundvallarþætti menntastefnunnar. Ítarlega er fjallað um [gátlistana á heimasíðu menntastefnunnar](#).

Almennt um mælikvarðana

Miklu máli skiptir að þeir sem vinna að innleiðingu menntastefnu séu sáttir við val á mælikvörðunum og geti tileinkað sér þá. Því var meðal annars lögð áhersla á að teymi fagskrifstofu legði mat á þá auk þess sem mælikvarðanir voru bornir undir deildir fagskrifstofu (leikskóla, grunnskóla, frístundastarf).

Mælikvarðana í heild sinni [má sjá hér](#). Þar sem menntastefnan gildir til 2030 er þó gert ráð fyrir að áherslan á hvaða mælikvarðar eru í fyrirrúmi á hverjum tímapunkti taki einhverjum breytingum.

Þegar farið var af stað við að velja mælikvarða kom í ljós að margt sem áhugavert væri að hafa upplýsingar um hefur ekki verið mælt með neinum reglubundnum hætti. Í þeim tilvikum þurfti að búa til mælikvarða. Vanda þarf til verka við slíka vinnu og krefst hún bæði tíma og yfirlegu. Vegna þessa eru dæmi um að engar tölulegar mælingar séu komnar við þá mælikvarða sem settir hafa verið fram. Á þetta sérstaklega við um starf leikskólanna þar sem erfiðara er um vik að nálgast skoðanir og raddir barnanna sjálfra og ekki er löng hefð fyrir mælingum. Þar sem tölur vantar er annað hvort verið að afla gagna, beðið eftir að kannanir fari út, t.d. spurningar til starfsmanna, stjórnenda og foreldra eða mæling hefur ekki farið fram það árið. Til að mynda hafa verið samdar spurningar til starfsmanna en sökum álags sem fylgt hefur COVID-19 heimsfaraldrinum hefur verið ákveðið að bíða með þá fyrirlögn.

Eins og fram hefur komið í fyrri stöðuskýrslu er erfiðast að finna mælikvarða á sköpun enda er hún í eðli sínu ekki mjög mælanlegur þáttur. Fyrirlögn PISA sem fyrirhuguð var árið 2021 var frestað til ársins 2022. Í þeirri könnun verður lögð áhersla á sköpunarþáttinn og því er lengra að bíða, en vonir stóðu til, eftir mælitækjum þaðan. Til þess að bregðast við því var bætt við nokkrum spurningum í nemenda-, foreldra- og starfsmannakannanir sem einnig hefur þurft að fresta að hluta vegna COVID-19.

Mikilvægt er að vinnan við mælikvarðana sé ekki meitluð í stein heldur þróist samhliða innleiðingu menntastefnunnar. Um er að ræða „mælingar“ á lifandi starfsemi skóla- og frístundastarfs sem þarf að haldast í hendur við samfélagslegar áherslur hverju sinni en slíkt felur í sér nauðsyn þess að mælikvarðar og söfnun upplýsinga fylgist að.

6. Almennar aðgerðir

Almennar aðgerðir menntastefnu til fyrstu þriggja ára móta hryggjarstykkið í starfsáætlun skóla- og frístundasviðs á ári hverju og ber framkvæmdastjórn SFS ábyrgð á innleiðingu þeirra. Um framkvæmd einstakra aðgerða og verkefna undir almennu aðgerðum sjá ýmist stoðdeildir sviðsins eða teymi fagskrifstofu sem hverfast um grundvallarþætti menntastefnunnar.

Teymi fagskrifstofu

Undir fagskrifstofu skóla- og frístundasviðs tilheyra málefni leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs auk Miðju máls og læsis, Miðstöð útivistar og útináms og Nýsköpunarmiðju menntamála. Frá samþykkt menntastefnunnar hefur verið lögð aukin áhersla á samvinnu fagskrifstofunnar með það að markmiði að bæta yfirsýn, samvirkni og samstillingu í starfsþróun og stuðningi við starfsstaði. Til þess að gera þá vinnu markvissari hafa samstarfsteymi fagskrifstofu, sem upphaflega voru sett á laggirnar við stofnun sviðsins, verið endurskoðuð og skerpt hefur verið á hlutverkum þeirra. Hlutverk hvers teymis er tengt beint við grundvallarþætti menntastefnunnar. Markmiðið er að efla þverfaglegt starf og auka samræmi á milli deilda. Leitast er við að blanda saman sérfræðingum viðkomandi málaflokka frá sem flestum deildum. Teymin eru:

1. **Sköpun:**
 - a. *Listteymi*
 - b. *Upplýsingatækniteymi*
2. **Félagsfærni:**
 - a. *Teymi um Vinsamlegt samfélag*
 - b. *Jafnréttis-, lýðræðis- og mannréttindateymi*
3. **Heilbrigði:**
 - a. *Lýðheilsu- og forvarnarteymi*
4. **Læsi:**
 - a. *Teymi um málþroska og læsi í víðu samhengi*
5. **Sjálfsþing:**
 - a. *Fjölmeningarteymi*
 - b. *Teymi um skóla- og frístundastarf fyrir alla.*

Hlutverk teymanna er að fylgja eftir grundvallarþáttum menntastefnunnar og eru verkefni sambærileg á milli teyma. Hér fyrir neðan er dæmi um verkefni teymis um sjálfsþing:

- Fylgja eftir almennum aðgerðum í innleiðingu menntastefnunnar er varða sjálfsþing/skóla- og frístundastarf fyrir alla.
- Taka við verkefnum frá skóla- og frístundaráði, framkvæmdastjórn eða skrifstofustjórum sem snúa að viðfangsefnum hópans um sjálfsþing/skóla- og frístundastarf fyrir alla.
- Kalla til undirhópa vegna einstakra verkefna eftir því sem við á.
- Fylgjast með nýjungum og áhugaverðum verkefnum sem erindi eiga í verkfærakistu á heimasíðu menntastefnunnar.
- Styðja starfsstaði við innleiðingu þessa þátta í menntastefnunni.
- Vinna starfsáætlun fyrir starf teymisins

Almennu aðgerðirnar fela í sér stuðning við starfsstaði vegna innleiðingar menntastefnu. Tíu almennar aðgerðir voru samþykktar fyrir árin 2018-2021 en yfirlit yfir þær er hægt að [nalgast á vef menntastefnunnar](#). Sumar aðgerðanna skarast auk þess sem ákveðnar áherslur, eins og t.d. aukin starfsþróun, er liður í mörgum þeirra. Ákveðið var að framtíðarhópur sem stofnaður var í janúar 2021 fengi það hlutverk að leggja mat á það hvernig til hefði tekist við innleiðingu stefnunnar fyrstu þrjú árin

og var það hluti af starfi hópsins sem fjallað er um hér að framan í kafla 1. Hér í þessum kafla verður gerð grein fyrir stærstu verkefnum og vörðum í almennum aðgerðum árið 2021.

Nýsköpunarmiðja menntamála NýMið

[Nýsköpunarmiðja menntamála](#) (NýMið) tók til starfa 1. október 2018. Hlutverk NýMið er að styðja við innleiðingu menntastefnu í öllu skóla- og frístundastarfi og skapa vettvang fyrir þróun og nýsköpun í skóla- og frístundastarfinu. Lögð er áhersla á að starfsfólk NýMið myndi saman „kvikt teymi“ sem stuðli að samvirkni verkefna, tengingu ólíkra verkefna, tengslum við aðrar deildir og uppbyggingu samstarfs út fyrir sviðið. Lögð er áhersla á traust og samvinnu með styðjandi en ekki stýrandi nálgun.

Verkefni NýMið lúta að ráðgjöf, starfsþróun, fræðslu og stuðningi við virka þátttöku barna og starfsfólks SFS, m.a. á grundvelli eftirfarandi verkefna:

- Stafrænir náms- og kennsluhættir, stafræn miðlun, stafræn skólaþróun og framþróun á sviði upplýsingatækni sem teymi Mixtúru leiðir
- Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og verkefnisins *Opinskátt um ofbeldi*
- Barnamenning – tengiliður við menningarstofnanir, Barnamenningarhátíð, Skrekk, samstarf við RÚV, Listrænt ákall til náttúrunnar (LÁN)
- Alþjóðasamstarf og styrkir – stuðningur við starfsstaði varðandi umsóknir, skipulag og framkvæmd
- Utanumhald með þróunar- og nýsköpunarsjóð skóla- og frístundaráðs
- Jafnréttisskólinn; jafnréttisfræðsla, hinsegin fræðsla, fræðsla um klámvæðingu, kynheilbrigði og viðbrögð við kynferðislegri áreitni
- Efla starfsþróun á sviðinu, skapa yfirsýn yfir starfsþróun og stuðla að samstarfi við aðrar stofnanir s.s. Menntavísindasvið HÍ, Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun og fleiri.
- Utanumhald með vef menntastefnunnar www.menntastefna.is
- Forstöðumaður skólasafna – skráning og flokkum á nýju efni, stuðningur við bókakaup, samráð fyrir starfsfólk skólabókasafna

Stafræn tækni

Í menntastefnu Reykjavíkur er lögð áhersla á að nýta stafræna tækni til að auðga menntun og veita börnum fjölbreytt tækifæri til sköpunar og tjáningar. Í stefnunni segir meðal annars að örar samfélagsbreytingar, miklar tækniframfarir og síbreytileg heimsmynd kalli á hraðari innleiðingu stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Liður í almennum aðgerðum vegna innleiðingar menntastefnu kveður á um innleiðingu stafrænnar tækni en enn betur hefur verið unnið að þeim þætti eftir að sóknaráætlun Græna plansins leit dagsins ljós eins og nánar verður sagt frá hér fyrir neðan.

Stafræn gróska

Annað árið í röð hafði heimsfaraldur mikil áhrif á notkun stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Þetta var líka árið þar sem starf og stefnumótun undanfarinna ára fékk byr undir báða vængi með stórefldum stuðningi við innleiðingu og notkun tækni. Þriggja ára átaksverkefnið [Stafræn gróska](#) hófst í upphafi árs 2021 en það byggir á markmiðum í menntastefnu Reykjavíkur, sóknaráætlun Græna plansins og stefnu um notkun upplýsingatækni í skóla- og frístundastarfi. Verkefnið styður hraðari innleiðingu stafrænnar tækni með því að auka til muna við tækja- og hugbúnað, styrkja og auka kennsluráðgjöf og þjónustu við starfsfólk, efla enn frekar framboð á starfsþróun til að byggja upp stafræna hæfni og tryggja markvissa, ábyrga og framsækna notkun tækni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.

Á árinu snéri innleiðing í *Stafrænu gróskunni* meðal annars að útfærslu samstarfs þjónustu- og nýsköpunarsviðs (PON) og skóla- og frístundasviðs (SFS) um miðlæga þjónustu, vinnu við bætt búnaðaryfirlit grunnskóla, útboð, uppsetningu og afhendingu nýrra námstækja í grunnskólum. Jafnframt

var unnið að gerð rafræns samþykkis um búnaðarnotkun, mati á hugbúnaði og veittur fjölbreyttur stuðningur kennsluráðgjafa NýMið í Mixtúru við innleiðinguna sem var útfærður með aukinni ráðgjöf og starfsþróun er tengist stafrænni hæfni starfsfólks og nemenda.

Búnaðaraukning í grunnskólum á tímabili *Stafrænu gróskunnar* er veruleg og munu nemendur í 5. - 10. bekk hafa aðgengi að eigin námstæki (Chromebook eða spjalddölvu) að áttakinu loknu. Haustið 2021 voru 4.645 ný námstæki afhent til viðbótar við fyrri búnað. Flest tækin fóru inn á unglíngastig og næstu misseri fjölga einnig námstækjum á miðstigi. Aðgengi að búnaði á yngsta stigi mun einnig aukast, meðal annars með nýtingu eldri búnaðar og með úthlutun úr sérstökum búnaðarpotti fyrir nemendur með fjölbreyttar þarfir í námi. Með *Stafrænni grósku* er leitast við að jafna aðstöðu barna til náms með 1:1 aðgengi að námstæki sem undirbýr þau fyrir viðfangsefni framtíðarinnar. Slíkt tæki getur stutt við námið á margvíslegan hátt, stuðlað að virkri þekkingarleit og opnað möguleika á enn fjölbreyttari verkefnavinnu og skapandi skilum. Í myndbandinu [Nemendur með eigin námstæki – Fyrstu skrefin í Laugalækjarskóla](#) sem unnið var skömmu eftir afhendingu búnaðar á unglíngastigi segja nemendur og kennarar frá því hvaða áhrif nýr búnaður hefur haft á starfið og fram kemur að viðbrögð hafa verið jákvæð.



Myndir og [myndband](#) um jákvæð viðbrögð nemenda og kennara við nýjum námstækjum

Kennsluráðgjöf- starfsþróun

Kennslufræðilegur stuðningur við innleiðingu í *Stafrænu gróskunni* snéri á árinu 2021 að ýmsum þáttum. Vefsíða verkefnisins www.gskolar.is, upplýsingasíða fyrir starfsfólk, nemendur og foreldra var sett í loftið um haustið. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um vél- og hugbúnað, stafræna skólaumhverfið í Google Workspace for Education Plus og alla helstu fræðslu fyrir foreldra varðandi persónuvernd á íslensku, ensku og pólsku. Skólar fengu margvíslegt stuðningsefni til afnota, s.s. leiðarlykil um tilgang verkefnis, búnað, skipulag, starfsþróun og stafræna hæfni skólans. Eins var unninn ítarlegur gátlisti með efni um afhendingu búnaðar með kynningarefni fyrir starfsfólk skóla, nemendur og foreldra. Skólarnir fengu einnig aðgang að [evrópska matstækinu SELFIE fyrir skóla](#) þar sem stjórnendur, kennarar og nemendur bregðast við stuttum spurningum eða fullyrðingum sem snúa að sex mismunandi áhersluþáttum er tengjast notkun stafrænnar tækni. Þýðing og prófun á SELFIE var unnin af NýMið í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Haldnir voru fjölmargir upplýsinga-, fræðslu- og samráðsfundir þar sem gróskutengiliðum skóla og skólastjórnendum var boðin þátttaka og fréttamolar voru sendir út reglulega.

Ofangreindur stuðningur við kennslufræðilega innleiðingu í *Stafrænu gróskunni* fellur undir starf kennsluráðgjafa NýMið í Mixtúru. Á tímum þegar aðgengi að búnaði og notkun stafrænna lausna margfaldast er fagnaðarefni að haustið 2021 fjölgaði í hópi kennsluráðgjafa. Ráðgjöf og stuðningur við stjórnendur og starfsfólk um ábyrga, framsækna og skapandi notkun stafrænnar tækni í skóla- og

frístundastarfi og fjölbreytt starfsþróun eru lykilþættir í starfi ráðgjafanna. Fyrirfram skipulögð fræðsludagskrá með námskeiðum, menntabúðum, tæknismiðjum og opnu húsi í Mixtúru eru fastir liðir í starfseminni. Eins er fræðsla fyrir stærri og minni hópa sérstaklega sniðin að ósk og þörfum starfsstaða.



Þegar tækifæri gáfust fór starfsþróun fram með staðbundnum hætti

Fræðsla á vegum Mixtúru fer fram á neti, staðbundin í Mixtúru og með heimsóknum til starfsstaða. Árið 2021 komu kennsluráðgjafar Mixtúru að 167 fræðsluviðburðum um stafræna tækni sem um 2.600 þátttakendur sóttu. Helstu áhersluflokkar fræðslunnar voru eftirfarandi:

- 1) Lærdómssamfélög tengd stafrænni tækni (24 viðburðir)
- 2) Forritun og forritunarleg hugsun (4 viðburðir)
- 3) Stafræna skólaumhverfið í Google Workspace for Education (49 viðburðir)
- 4) Skapandi miðlun (13 viðburðir)
- 5) Skólastarf stutt af tækni (35 viðburðir)
- 6) Sköpun, tækni og upplifanir í snillismiðjum (42 viðburðir)

Mixtúra
167 viðburðir
2600
þátttakendur

Ráðgjafar Mixtúru komu einnig að 40 öðrum fræðsluviðburðum og ráðstefnum sem haldnar voru á vegum fagskrifstofu SFS. Þó áhrifa heimsfaraldurs hafi gætt í starfi sviðsins að undanfögnu er ávallt horft til framtíðar og í gegnum aðild SFS að Erasmus+ fyrir leik- og grunnskóla til næstu 7 ára er nú búið að samþykka og styrkja fyrirfram allt að 80-90 ferðir til eða frá Evrópu (á tímabilinu 1. september 2021 - 31. ágúst 2023) sem tengjast Stafrænu gróskunni og áherslum í starfi Mixtúru.

Miðlun

Stafræn miðlun er mikilvægur og vaxandi þáttur í starfi ráðgjafanna og er jafnframt ein leið til að styðja við starfsþróun. Mixtúra hefur umsjón með framkvæmd og gerð kynningarmyndbanda fyrir starfsstaði, vinnslu fræðslu- og kennsluefnis og kemur að öðrum verkefnum eins og streymi frá viðburðum og hlaðvarpsgerð. Auk þess hafa verið unnin myndbönd fyrir og um ýmsa viðburði og boðið er upp á aðstoð við miðlunar- og kvikmyndaverkefni.



Upptökur, hljóðvinnsla, klippingar og gerð myndbanda er hluti af miðlunarstarfsemi Mixtúru

Í tengslum við MenntaStefnumót sem haldið var 10. maí 2021 var unnið að undirbúningi og miðlun. Á mótinu mátti meðal annars sjá ýmsar kynningar sem sýna hvað þróunarstarf tengt stafrænni tækni hefur blómstrað á síðustu misserum. Á MenntaStefnumótinu setti Mixtúra einnig upp [sýningarsvæði um stafræna tækni](#) þar sem farið var í heimsókn í þáverandi aðstöðu [Mixtúru í Safamýri](#) og til nokkurra [starfsstaða](#) sem vinna sérstaklega með skapandi tækni. Auk þess var tengt í yfirlit yfir [kynningar um stafræna tækni](#) á mótinu og [starfsemi Búnaðarbanka Mixtúru](#).



[Sýningarsvæði](#) um stafræna tækni á menntastefnumóti 2021

Aðstaða og Búnaðarbanki SFS í Mixtúru

Í aðstöðu Mixtúru (í Mjóddinn frá ágúst 2021) hefur starfsfólk SFS aðgang að ráðgjöf, búnaði og fyrirmyndum um framsækna notkun stafrænnar tækni í starfi. Áhersla er lögð á að styðja við stafræna hönnun, nýsköpun, samþættingu námsgreina, fjölbreytta og skapandi verkefnavinnu og skil. Sköpunar- og tæknismiðjan í Mixtúru er hönnuð út frá veruleika skóla- og frístundastarfs og er mikilvæg fyrirmynd

um möguleika og framsækni. Í smiðjunni er til dæmis að finna þrívíddarprentara, laserskera, vínýl- og fjölskera, stafrænan fræsara, vél til mótagarðar, búnað fyrir rafrásarvinnu, stafræna saumavél, efnisveitu, vísi að STEAM-bókasafni, safn af leiðbeiningum, kennsluhugmyndir og dæmi um verkefni nemenda. Í smiðjunni fer fram margvísleg starfsþróun og þar er í samráði starfsfólks lagður grunnur að framsæknu starfi, nýsköpunar- og þróunarverkefnum.

771 útlán úr
Búnaðarbanka

Kennsluráðgjafar NýMið hafa einnig starfsaðstöðu í Mixtúru og þar er [Búnaðarbanki SFS](#) til húsa. Bankinn sem er opinn tvisvar í viku, á mánudögum og föstudögum, býður starfsfólki SFS upp á útlán á fjölbreyttum stafrænum náms- og kennslugögnum án endurgjalds. Frá því að fyrsti vísir að bankanum varð til og pöntunarkerfi hans var sett upp árið 2018 hafa útlán vaxið jafnt og þétt. Hugmyndafræði Búnaðarbankans er að gera starfsfólki og nemendum kleift að prófa ýmsar nýjungar sem stuðla að framþróun náms- og kennsluhátta í gegnum tækni og sköpun.



Myndir frá Búnaðarbanka SFS í Mjódd

Stafrænn veruleiki og persónuvernd

Þegar ný tækni er innleidd í starfsemi sveitarfélaga þarf að huga að margvíslegum þáttum tengdum persónuvernd til að tryggja áreiðanleika, trúnað og öryggi allra persónuupplýsinga. Á síðustu misserum hefur aukinn kraftur verið settur í þetta mikilvæga verkefni með samstarfi við lögfræðinga skóla- og frístundasviðs, upplýsingadeild og persónuverndarfulltrúa borgarinnar. Samstarf við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu og Samband íslenskra sveitarfélaga hefur einnig mótast og unnið hefur verið að nýsköpunarverkefnum m.a. í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna. Afrakstur af samstarfinu felst meðal annars í [upplýsingavef](#) með [áhættugreiningu](#) á kennsluhugbúnaði fyrir leik- og grunnskóla til að færa nemendum sem öruggast stafrænt námsumhverfi ásamt [kynningu](#) á verkefninu. Veruleiki persónuverndar í fræðslustarfi er verkefni sem mikilvægt er að draga lærdóm af til að notkun stafrænnar tækni skili þeim margvíslega ávinningi sem hægt er að vænta fyrir nám, kennslu og störf.



Frá samráði og kynningu á mikilvægu samstarfi um persónuvernd

Nýsköpun og þróun

Á árinu gafst ráðgjöfum Mixtúru tækifæri til að fylgjast með og koma að hönnun, mótun og vinnslu verkefna sem tengjast á einn eða annan hátt framsækinni og skapandi notkun stafrænnar tækni í skóla- og frístundastarfi. Þrátt fyrir hamlandi áhrif heimsfaraldurs er greinilegt að stefnumótun, mikilvægt starf fagfólks í borginni og umfangsmikil skólaþróun síðustu ára og missera er nú að skila mikilvægri uppskeru. Eins eru fjölmargir sprotar að skjóta nýjum rótum og ljóst er að tækifæri til framtíðar eru mörg og spennandi. Mikilvægt er að fanga þessi tækifæri til að styðja við stefnu borgarinnar og stuðla að kraftmiklu skóla- og frístundastarfi þar sem áhersla er lögð á fagmennsku, framsækni og skapandi starf með börnin í borginni í brennidepli.

Útikennsla og útinám

[Miðstöð útivistar og útináms MÚÚ](#) hefur það hlutverk að styðja við útinám, útivist og sjálfbærni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Í starfseminni felst fræðsla og stuðningur við starfsfólk SFS, móttaka skólahópa í skipulagða dagskrá, aðgengi að útivistarsvæðum og útikennslustofum. Einnig er aðgengi að verkefnakistum með safni áhuga- verðra útiverkefna og efnisveitu þar sem veitt er aðgengi að náttúrulegum efnisum til notkunar í starfi. Þá hefur MÚÚ umsjón með skipulögðum heimsóknum grunnskólanema í Perluna á skólatíma. MÚÚ býður öllum starfsstöðum SFS; grunnskólum, leikskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum þjónustu sína með valkostum fyrir alla aldurshópa til að stunda fjölbreytta útivist og frístundaiðkun, allan ársins hring. Opnaður var Instagram reikningur [Miðstöðvar útivistar og útináms á](#) árinu en þar er hægt að fylgjast með metnaðarfullu starfi þekkingarstöðvarinnar. [Hér er hægt er að nálgast](#) starfsáætlun MÚÚ fyrir árið 2021 en meðal fjölbreyttra verkefna á árinu eru:



- Skíðaþáttur á skólatíma með 2. bekk sem er tilraunaverkefni á skóla- og frístundasviði í umsjón MÚÚ. Verkefnið er samstarfsverkefni MÚÚ, Skíðasvæðanna í borginni og þeirra grunnskóla í Reykjavík sem vilja taka þátt.
- Heimsóknir í Perluna en verkefnið er tilraunaverkefni sem miðar að því að minnka flækjustig fræðsluheimsókna fyrir kennara og leiðbeinendur og tryggja öryggi nemenda og starfsmanna eins og kostur er með því að útvega rútur í ferðir.
- Verkefnið Efnisveitan snýr að því að gera náttúrulegt efni aðgengilegt skóla- og frístundastarfi en einnig að búa til hringrás efnis í starfsemi Reykjavíkurborgar með því að nýta það sem fellur til í borgarlandinu.
- Áfram verður haldið með tilraunaverkefni í samstarfi við Birtu stoðdeild en deildin er skólaúrræði fyrir börn sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd. Verkefnið snýst um að gefa börnum tækifæri til að upplifa íslenska náttúru á jákvæðan hátt og opna augu þeirra fyrir útivist á Íslandi.
- Hjólað í skólastarfi er nýtt tilraunaverkefni sem fyrirhugað er að fara af stað með en verkefnið snýst um að auka notkun hjóla í skólastarfi, en einnig að auka hjóla í og úr skólastarfi. Verkefnið verður unnið í samstarfi við grunnskóla í Reykjavík.
- Áfram verður haldið með samstarf menntavísindasviðs HÍ og MÚÚ. Samstarfið snýr að námskeiðshaldi, móttöku nema í starfsemi MÚÚ, lán á búnaði o.fl.

Barnasáttmálinn – Opinskátt um ofbeldi og önnur verkefni tengd velferð og réttindum barna

Innleiðing á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í samstarfi SFS og UNICEF á Íslandi hefur að mestu farið fram með rafrænum hætti á þessu ári. Í innleiðingarferli eru Háteigsskóli, frístundaheimilið Halastjarnan og félagsmiðstöðin 105. (Tjörnin). Í Grafarvogi eru það Borgarskóli og frístundaheimilið Hvergiland. Engjaskóli og frístundaheimilið Brosbær. (Vígyn). Víkurskóli hefur fengið kynningu á innleiðingarferlinu og fer formlega af stað vorið 2022.

400 sóttu
fræðslu um
Barnasáttmála
og tengd
verkefni

Verkefnastjóri innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna hefur farið í leikskóla og félagsmiðstöðvar með kynningu og fræðslu um BSSP auk þess sem unnið hefur verið að undirbúningi þróunarverkefnis með Nordic Safe Cities verkefninu, aðgerðaráætlun um ofbeldi fyrir Reykjavíkurborg undir verkefnastjórn Svandísar Önnu Sigurðardóttur á Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.



Samskipti við börn og velferð barna

Farið var af stað með rafrænt tilraunaverkefni þar sem Barnasáttmálinn (BSSP) og *Opinskátt um ofbeldi* (OUO) voru vegvísar í rafrænu lærdómssamfélagi. Fundaröðin bar yfirskriftina „**Samskipti við börn og velferð barna**“ og tóku tíu aðstoðarleikskólastjórar þátt í verkefninu. Þátttakendur áttu gagnrýnið og opið samtal um lýðræði í leikskólastarfi, barnavernd og réttindi barna. Eitt af viðfangsefnum hópsins var að rýna námsefnið OUO og að virkja samstarfsfólk til að kynna sér efnið og nota í starfi. Á fundina voru boðaðir utanaðkomandi aðilar, m.a. kennsluráðgjafar stafrænnar tækni hjá NýMið sem kynntu hönnunarhugsun og kenndu á forrit sem nýtist í leikskólastarfi. Frá Barnavernd Reykjavíkur kom kynningar- og fræðslufulltrúi og átti samtal um tilkynningarskyldu og almennt um barnavernd. Niðurstaða hópsins var að það þarf faglegan stuðning við innleiðingarferlið og mikilvægt er að fá foreldra til samstarfs. Stefnt er að frekari samvinnu við aðstoðarleikskólastjóra um eftirfylgd auk þess sem óskað er eftir samstarfi við starfsfólk í grunnskólum og frístundastarfi.

Samstarf við Barnavernd Reykjavíkur

Á haustönn 2021 var boðið upp á samtalsfundi starfsstaða SFS við fulltrúa Barnaverndar Reykjavíkur. Áætlað er að halda samstarfinu áfram á vorönn 2022. Markmið samstarfsins er að starfsfólk í skóla- og frístundastarfi fái upplýsingar um barnavernd og leiðbeiningar um viðbrögð ef grunur vaknar um ofbeldi eða vanrækslu. Mikilvægt er að taka fram að einstök mál eru aldrei tekin fyrir á fundunum.

Lærdómssamfélag starfsfólks í leikskólum

Í samstarfi við fagskrifstofu leikskólamála var hleypt af stokkunum rafrænu tilraunaverkefni sem bar yfirskriftina **Lýðræði, sköpun og margbreytileiki**. Markhópurinn var allt starfsfólk leikskóla. Þátttakendum var skipt upp í tvo hópa sem hittust fjórum sinnum hvor. Þátttakendur fengu m.a. það verkefni að rýna leikskólastarfið með tilliti til lýðræðis, sköpunar og margbreytileika. Eitt verkefnanna var að spegla leikskólastarf við 12. gr. Barnasáttmálans „Virðing fyrir skoðunum barna“. Skipuleggjendum, sem og þátttakendum, varð ljóst að það er mikilvægt að halda samtalinu áfram með það að markmiði og dýpka fagþekkingu á viðfangsefnum. Fyrirhugað er að sameina hópana og halda áfram samstarfi á vorönn 2022.

Þróunarverkefni átta leikskóla, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og UNICEF

Unnið hefur verið að mótun þróunarverkefnis átta leikskóla, Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og UNICEF um aukna fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þróun stöðumats og ráðgjafar varðandi áhrif og þátttöku barna í leikskólastarfi. Áhersla verður lögð á að börn taki þátt í að móta umhverfi sitt og að hafa áhrif á t.d. dagskipulag leikskólans og athafnir daglegs lífs. Hér er um að ræða frumkvöðlastarf, þar sem sambærileg vinna hefur ekki farið fram á leikskólastiginu. Réttindafræðsla á leikskólastigi hefur vissulega verið til staðar fyrir börn og kennara en í þessu verkefni er áhersla lögð á stöðumat í upphafi verkefnisins og kveikjur og bjargir fyrir kennara og börn til að auka virka hlustun á sjónarmið og viðhorf barna og auka áhrif þeirra. Vitað er að þekking á réttindum hefur jákvæð áhrif á börn og samfélög og þarf að aðlaga réttindafræðslu að börnum á leikskólaaldri. Þátttakendur í verkefninu eru leikskólarnir Gullborg, Heiðarborg, Laugasól, Vinagerði, Ævintýraborg Eggertsgötu, Ævintýraborg Bríetartúni, Ævintýraborg Nauthólsvegi og Ævintýraborgir Vogabyggð. Pétur Hjörvar Þorkelsson og Sigyn Blöndal eru fulltrúar UNICEF í verkefninu og Anna Magnea Hreinsdóttir og Hrönn Pálmadóttir fulltrúar Menntavísindasviðs. Fulltrúar Reykjavíkurborgar hafa verið Emilía Rafnsdóttir frá NýMið og Kristín Hildur Ólafsdóttir.



Jafnréttisskóli Reykjavíkur

903 sóttu
fræðslu frá
Jafnréttisskóla

Markmið Jafnréttisskólans er að skapa vettvang fyrir jafnréttismenntun í skóla- og frístundastarfi ásamt því að veita ráðgjöf og fræðslu til starfsstaða. Á undanförunum misserum hefur umræðu um aukið vægi markvissrar kynfræðslu í skólum borið hátt. Jafnréttisskólinn hefur markvisst unnið að því að efla forvarnir á því sviði með aukinni fræðslu og stuðningi til kennara, barna, unglinga og foreldra.

Kynheilbrigði

Undir heilbrigðisþátt menntastefnunnar fellur kynheilbrigði. Verkefnastýra Jafnréttisskólans heldur utan um tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar um aukna markvissa kynfræðslu í grunnskólum. Verkefnið fór af stað í Seljaskóla og Foldaskóla skólaárið 2018-2019 og átti að vera um þriggja ára tilraunaverkefni að ræða. Um áramótin 2020-2021 bættust Hagaskóli og Réttarholtsskóli í hópinn og í skólabyrjun 2021 Ingunnarskóli og Norðlingaskóli. Verkefnið er því í gangi í öllum hverfum borgarinnar og felur í sér að stofnað er kynfræðsluteymi sem í sitja skólahjúkrunarfræðingur, kennarar og forstöðumaður og aðstoðarforstöðumaður félagsmiðstöðvar.

Unnið er út frá hugmyndum um alhliða kynfræðslu sem byrjar á yngsta stigi og svo er byggt ofan á fyrri þekkingu í gegnum alla grunnskólagönguna. Fagstéttirnar skipta á milli sín áherslupáttum og þeir árgangar sem fá aukna fræðslu fá að lágmarki 12 kennslustundir yfir veturinn.

Vika6

Allir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs eru hvattir til að taka þátt í árlegu kynheilbrigðisátaki sem kallast Vika6 og haldið er í sjöttu viku hvers árs. Fyrir utan tilraunaverkefnið þá er afar misjafnt á milli bæði grunnskóla og félagsmiðstöðva hversu mikið rými kynheilbrigði fær á skólaárinu. Í Vika6 eru því

starfsstaðirnir allir hvattir til að setja kynfræðslu á oddinn og vinna út frá fyrirfram ákveðnu þema, sem unglíngarnir í borginni velja. Á árinu 2021 fengu allir nemendur í 9. bekk í Reykjavík póstkort þar sem þeir voru beðnir að velja þema fyrir Vika6. Nemendur hengdu póstkortin upp á vegg til áminningar og skrifuðu svör sín einnig inn á vefsíðuna Menti.com. En tæplega 700 nemendur tóku þátt í að velja þema ársins. Þemað var Kynlíf (af hverju, hvenær, með hverjum, hvernig). Allar félagsmiðstöðvar borgarinnar unnu út frá þemanu alla vikuna og þó nokkuð margir grunnskólar tóku þátt á einn eða annan hátt. Jafnréttisskólinn lét búa til stutt fræðslumyndbönd í samstarfi við UngRÚV, fræðsluveggspjöld, fræðslumola á Instagram og tók saman námsefni og kennsluhugmyndir og sendi á starfsstaðina til stuðnings við undirbúning kennslu. Kynheilbrigðisvikan *Vika6* fellur undir alla lykilkætti menntastefnu Reykjavíkur heilbrigði, sjálfsefningu, félagsfærni, læsi og sköpun.



En ég var einn! Ráðstefna um stráka sem rekast á í skólakerfinu

Jafnréttisskólinn í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og Geðhjálp stóð fyrir ráðstefnu um stöðu drengja sem rekast á í skólakerfinu. Ráðstefnan var rafræn og fór fram í fjórum lotum frá september 2020 til mars 2021 og endaði með pallborði þar sem boðskapur erinda ráðstefnunnar var dreginn saman og ræddar leiðir til að gera enn betur fyrir þennan hóp nemenda. Hver lota hafði yfirþema og voru þemun eftirfarandi:

- Karlmennska og strákar sem rekast á í kerfinu
- Strákar og stelpur. Heilinn, geðheilsan og námið
- Skaðlegar birtingarmyndir og ofbeldi
- Úrræði og leiðir

Ráðstefnan fellur vel að lykilkættum menntastefnu um félagsfærni, sjálfsefningu, sköpun og heilbrigði auk þess sem áhersla var lögð á tilfinningalæsi drengja. Fyrir nánari upplýsingar og aðgang að erindum ráðstefnunnar sjá: <https://sites.google.com/gskolar.is/strakar/heim>

Alþjóðasamstarf og styrkir



Ein af almennu aðgerðum vegna innleiðingar menntastefnu 2019-2021 fólst í að ráða verkefnastjóra alþjóðasamstarfs og styrkja og tilheyir verkefnastjórinn teymi Nýsköpunarmiðju menntamála. Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar hefur markað sér þá stefnu að vera leiðandi í þátttöku í alþjóðasamstarfi á sviði mennta- og æskulýðsmála með því að styðja við virka þátttöku grunnskóla, leikskóla og frístundamiðstöðva í evrópskum samstarfsverkefnum.

Vegna COVID-19 faraldursins lá framkvæmd alþjóðaverkefna að mestu niðri frá því í mars 2020 og út árið 2021. Þrátt fyrir það var sókn í styrki haldið áfram árið 2021 auk þess sem frestur til framkvæmdar á yfirstandandi verkefnum var tryggður. Sú nýlunda varð hjá Erasmus+ árið 2021 að hægt var að sækja um aðild að Erasmus+ annars vegar fyrir leik- og grunnskóla og hins vegar fyrir frístundastarf (youth work). Skóla og frístundasvið sótti um og fékk samþykktar báðar tegundir aðildar. Aðild að Erasmus+ tryggir sviðinu aðgang að fjármagni frá Erasmus+ fyrir þjálfun starfsfólks næstu sjö árin. Í september 2021 hófst fyrsta styrkár aðildar fyrir leik- og grunnskóla og var styrkurinn fyrir þetta fyrsta ár €173.950 eða rúmar tuttugu og fimm milljónir króna. Í upphafi árs var einnig samþykktur tæplega fjórtíu milljón króna Erasmus+ styrkur fyrir fjölþjóðlega þróunar verkefninu ABCDE - Artists and Botanical gardens - Creating and Developing Educational innovation sem felur í sér samstarf skóla, grasagarða og listamanna frá þremur löndum en verkefnið er leitt af skóla- og frístundasviði og tengist [LÁN verkefninu](#) sem unnið hefur verið að í fimmtán leik- og grunnskólum í borginni undanfarin ár.

192,5 m.kr í styrki fyrir 35 alþjóða verkefni

Árin 2019-2021 hafa í heildina fengist 192.480.319 kr. í styrki fyrir 35 innlendum og fjölþjóðlegum samstarfsverkefnum. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á [heimasíðu menntastefnunnar](#). Þar má einnig finna [yfirlit yfir styrkjatækifæri fyrir leikskóla, grunnskóla og frístundastarf](#). Í fylgiskjali 4 má sjá lista yfir aðþjóðaverkefni SFS.

Þróunar- og nýsköpunarsjóðurinn „Látum draumana rætast“

Leikskólum, grunnskólum, frístundamiðstöðvum og skólahljómsveitum í Reykjavík gafst kostur á að sækja um allt að 200 m.kr. til þróunar- og nýsköpunarverkefna fyrir skólaárið 2021-2022. Forsenda styrkveitingar er að verkefnið byggi á leiðarljósum, grundvallarþáttum og/eða framtíðarsýn menntastefnunnar „Látum draumana rætast“. Þróunar- og nýsköpunarsjóður skiptist í A-hluta og B-hluta. Á árinu 2021 fengu 192 verkefni styrk í A-hluta og í B-hluta fengu 12 verkefni styrk.


192 verkefni í A-hluta fengu styrk

A-hluti

150 milljónum er úthlutað til grunnskóla, leikskóla, frístundamiðstöðva og skólahljómsveita úr A-hluta, byggt á einföldu og skýru umsóknarferli. Styrkuppþæðir ráðast af reiknireglu sem tekur til fjölda árlegra stöðugilda, barnafjölda og rekstrarumfanga, að frádregnum húsnæðiskostnaði.

Til hliðar má sjá hlutfall þeirra þátta menntastefnunnar sem settir voru í fyrsta sæti. Aðrar upplýsingar um það hvernig styrkirnir skiptast í A- hluta á starfsstöðum er að finna í fylgiskjali 5, yfirlit yfir skiptingu styrkja í A- hluta þróunar og nýsköpunarsjóðs.

Fyrsta val starfsstaða á menntastefnuþáttum í styrkumsóknum í A-hluta breyttist nokkuð á milli árána 2020-2021 og 2021-2022. Má sem dæmi nefna að fleiri leikskólar settu fyrsta val á þættina sjálfefling, sköpun og virkni barna og þátttaka síðara árið en færri settu félagsfærni og læsi í fyrsta val 2020-2021 heldur en árið á undan. Þá settu færri grunnskólar fagmennsku og samstarf og virkni barna og þátttöku í fyrsta val síðara árið en fleiri settu félagsfærni og sköpun í fyrsta sæti. Í frístundastarfi fjölgaði verkefnum sem leggja áherslu á sköpun umtalsvert, úr 6 í 22, en þá fækkaði verkefnum sem leggja áherslu á félagsfærni á meðan aðrir þættir stóðu að mestu í stað.



B-hluti

50 milljónum er úthlutað til stærri samstarfsverkefna úr B-hluta að lágmarki 4 m.kr. og að hámarki 8 m.kr. Í stærri samstarfsverkefnum er gerð krafa um þverfaglegt samstarf á milli starfseininga, s.s. eins og milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla/starfsstaða innan sem utan hverfis. Auk þess er gerð krafa um að verkefni byggi á rannsóknum eða sé unnið í samvinnu við fræðasamfélagið.

19 umsóknir og 12 styrkt verkefni í B-hluta


Tólf verkefni fengu styrk skólaárið 2021-2022 en þar af eru níu unnin í samvinnu við fræðasamfélagið. Sjá yfirlit yfir styrkt verkefni í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs í fylgiskjali 6.

Sýnileiki

Lögð hefur verið áhersla á að gögn um styrkina séu aðgengileg og sýnileg á [vef menntastefnunnar](#). Þar er að finna reglur um A-hluta og reglur um B-hluta, leiðbeiningar um A-hluta og B-hluta, umsóknarform um A-hluta og B-hluta, skapalón fyrir greinargerðir og skýrslur og upplýsingar um verkefni sem fengið hafa styrki.

Undir [styrkt verkefni A-hluta](#) er hægt að finna hvaða starfsstaðir vinna að sambærilegum verkefnum með því að velja starfsstaði og grundvallarþættina.

Undir [styrkt verkefni B-hluta](#) er hægt að finna upplýsingar um öll verkefni sem hlotið hafa styrk, auk þess sem þar er hægt að



nálgast ítaefni og kynningar um styrkt verkefni, eftir því sem verkefninu vindur fram. Í veftímaritinu Skólabráðum birtist grein í janúar 2021 eftir Fríðu B. Jónsdóttur og Hjört Ágústsson þar sem farið er ítarlega yfir þróunar- og nýsköpunarsjóðinn, tildrög hans, þróun og fyrirkomulag frá samþykkt menntastefnunnar en greinina má [nálgast hér](#).

Kynjuð fjárhags- og starfsáætlunargreining á B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs.

Unnin var greining á styrkveitingum skóla- og frístundaráðs 2021 út frá aðferðarfræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar fyrir veitta styrki 2019-2022. Skoðaðar voru áherslur sjóðsins þessi ár og hvernig þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hvort þær komi jafnt til móts við börn og unglinga af öllum kynjum. Einnig var leitast við að fá yfirsýn yfir jafnréttisáhrif styrkja með tilliti til jaðarhópa s.s. barna með fötlun, barna með annað móðurmál en íslensku, hinsegin barna og barna sem búa við fátækt. Einnig voru skoðuð kynjahlutföll styrkþega þessi ár og hvernig styrkirnir dreifast á hverfi borgarinnar og aldurshópa barna og unglinga. Hópurinn lagði fram tillögur að úrbótum sjá hér fyrir neðan sem stuðst verður við í vinnslu umsókna en skýrsluna í heild má nálgast í fylgiskjali 11.

- Lagt er til að framvegis þegar úthlutunarnefndir fá umsóknirnar sendar verði þeim jafnframt sendur hlekkur á mannréttindastefnu borgarinnar og nefndarmeðlimir beðnir um að hafa hana til hliðsjónar við mat sitt ásamt menntastefnunni.
- Stjórnendur í hverfinu Laugardalur/Háaleiti verði sérstaklega hvattir til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum í því hverfi.
- Stjórnendum leikskóla verði veittur stuðningur og hvatning til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum sem snúa að börnum á leikskólaaldri.
- Lagt er til að skoðað verði með stafrænum leiðtoga SFS hvort gera eigi umsóknareyðublaðið rafrænna þannig að auðvelt væri að kalla fram hvort verkefni styðji við mannréttindastefnu Reykjavíkur (umsækjendur haki við t.d. kyn, uppruna, aldur barna og tiltekna jaðarhópa). Það má þó ekki verða á kostnað þess að áherslan minnki á innleiðingu menntastefnunnar sem er aðal tilgangur styrkjanna. Einnig væri æskilegt að matsblað úthlutunarnefnda fyrir hvert verkefni væri einnig rafrænt og þannig væri matsferlið gegnsæra.


Læsi í víðu samhengi

[Miðja máls og læsis](#) heldur utan um aðgerðir sem miða að því að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Hjá MML starfa ráðgjafar og brúarsmiðir sem veita fjölbreyttan stuðning og fræðslu fyrir starfsfólk starfsstaða skóla- og frístundsviðs með:

- skipulögðum námskeiðum með skráningu
- lærdómssamfélagshópum, jafningjastuðning með fræðslu
- faglegri handleiðslu og ráðgjöf
- skipulögðum fræðsluerindum
- stuttum sem lengri fræðsluerindum í samstarfi við starfsstaði

Megin áherslur Miðju máls og læsis á árinu 2021 voru að:

- eiga samstarf við læsisteymi leik- og grunnskóla
- efla starfsfólk leikskóla í að nota gæðamálörvun í daglegu starfi
- auka meðvitund starfsfólks í skóla- og frístundastarfi um mikilvægi málstefnu
- vekja athygli á stöðu barna með málþroskaröskun DLD í skólakerfinu
- undirbúa fræðslu um málstefnu fyrir starfsstaði SFS



**800 sóttu
fræðslu hjá
MML**

- undirbúa móttöku, og aðlögun barna sem eru nýkomin til landsins til að tryggja auðveldara upphaf skólagöngu
- leggja stöðumat fyrir börn sem eru nýkomin til landsins
- bjóða upp á fræðslu um skólakerfið og hlutverk fyrir foreldra af erlendum uppruna
- auka meðvitund foreldra um tungumálastefnu fjölskyldna
- bjóða upp á millimenningarfræðslu
- uppfæra heimasíðu og bæta við verkfærum.
- nýta fjölbreyttar miðlunarleiðir til að koma þekkingu á framfæri með veggspjöldum, myndböndum, glæruefni fyrir starfsstaði, ýmsum stað- og fjarlausnum o.fl.
- efla foreldrasamstarf
- styðja fjöltyngda nemendur og fjölskyldur þeirra á COVID-tíma
- eiga samstarf við fræðslumiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- eiga samstarf við fræðasamfélagið

Heimasíða MML

Heimasíða MML hefur vaxið og dafnað á liðnum misserum en þar er nú að finna fjölbreytta gagnabanka um allt það sem við kemur starfsemi miðjunnar, stuðningi, fræðslu og þjónustu í boði auk fjölbreyttra verkfæra fyrir starfsfólk og foreldra í tengslum við mál og læsi. Allt efni á síðunni er opið og aðgengilegt en þar er hægt að prenta út veggspjöld með gagnlegum ráðum fyrir starfsstaði, nýta myndbönd í starfsþróun starfsfólks, fá leiðbeiningar fyrir foreldra, matslista, leiðsögn um gerð málstefnu fyrir starfsstaði og ótalmargt fleira. Slóðin á heimasíðu MML er <https://mml.reykjavik.is/>

FRÆÐSLUEFNI FYRIR SKÓLA- OG FRÍSTUNÐARSTARF

Reykjavíkurborg vill stuðla að því að börn og ungmenni í borginni óðlist menntun og uppeldi fyrir líf og starf. Til þess þarf nám og frístund að vera í jafnvægi og áhersla á þverfaglegt samstarf.



Margræð orð



Málproski ungra barna – snemmtæk iðlutun Heymar- og talmeinastöð Íslands



Unnið með málstefnu



Aðstoð túlka



PWIM aðferð



Málproskaröskun DLD



Ramadan



Tvi- og fjölyngi




Gæðamálörvun í daglegu starfi



Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt blyngi í skóla- og frístundastarfi




Móttaka nýrra nemenda af erlendum uppruna



Tveir fjölyngdir drengir á Íslandi: Þróun tungumálaforða í tíu ár

Mat á verkefnum MML

Reglulega er send könnun til skólustjórnenda leik- og grunnskóla og til stjórnenda í frístundastarfi þar sem þeir eru meðal annars spurðir um ánægju með framboð og stuðning MML. Heimsfaraldur hefur breytt starfsháttum MML. Ráðgjöf fluttist meira í fjarfundi og námskeið í fjarnámskeið en almennt er mikil ánægja með þá þjónustu sem er í boði og flestir telja þjónustuna sem er í boði frekar, eða mjög gagnlega. Hægt er að nálgast yfirlit yfir þjónustu MML í fylgiskjali 7.



Menntun fyrir alla

Í almennum aðgerðum er lögð áhersla á að einfalda allt stoðkerfi við börn, samþætta í eina heild skipan og verklag skólalíkjunnar, beita snemmtækri íhlutun og draga úr greiningum sem forsendu fjárveitinga. Fjölmörg verkefni hafa verið unnin á árinu sem tengjast þessum áherslum en hér á eftir er fyrst fjallað um Grunnskólalíkanið Eddu og verkefnið Betri borg fyrir börn. Að því loknu verður stiklað á stóru um sértækan stuðning og fjölmenningslegt skóla- og frístundastarf.

Grunnskólalíkanið Edda

Eitt af mikilvægustu verkefnum í að jafna tækifæri allra barna til menntunar byggðist á því að dregið yrði úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga til reksturs skóla. Liður í því var útfærsla á nýju úthlutunarlíkani á fjárheimildum til grunnskóla en undirbúningur þess hófst 2019. Líkanið var unnið í nánu samstarfi skóla- og frístundasviðs og fjármála- og áhættugreiningasviðs Reykjavíkurborgar.

Grunnskólalíkanið Edda var [samþykkt í Borgarráði 28. september 2021](#). Reynslutímabil líkansins verður frá 1. janúars 2022- 31. desember 2023 en meðfram samþykktinni var lagt til að fjárheimildir skóla- og frístundasviðs fyrir árið 2022 myndu hækka um 1.546 m.kr. og þannig gert ráð fyrir að fjármagna að fullu áætlaðan rekstur í grunnskólum borgarinnar samkvæmt líkaninu og forsendum þess. Sjá nánar, reglur um rekstur Grunnskólalíkansins Eddu í fylgiskjali 8. Eins og fram kemur í samþykktinni er Eddu ætlað að taka mið af menntastefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030, þar sem áherslan er „að tryggja jöfn tækifæri og aðgang barna að fjölbreyttu námi og starfi sem er í samræmi við áhuga þeirra og hæfileika“. Nýlunda er í líkaninu sem hefur það að markmiði að stuðla að auknu jafnræði á milli skóla og hverfa, þar sem tekið er tillit til mismunandi lýðfræðilegra þarfa og/eða mismunandi aðstæðna með því að byggja á LOI (e. learning opportunity index) en LOI er stuðull sem reiknaður er út fyrir grunnskóla og er ætlað að endurspegla þær áskoranir sem er að finna í umhverfi nemendahópsins. Reiknilíkanið tekur mið af lögum um grunnskóla og aðalnámskrá, þar með talinni viðmiðunarstundaskrá. Við útfærslu verður lögð áhersla á árangursstjórnun og skipulegar mælingar auk þess sem stefnt er að því að leita ávallt bestu leiða við lausn verkefnisins með hagkvæmni og hagsmuni borgarinnar í huga.

Helstu nýjungar í grunnskólalíkaninu Eddu er að:

- Dregið er úr vægi greininga við úthlutun fjármagns til skóla.
 - Deildastjóri sérkennslu og stuðnings er fjármagnaður sérstaklega.
 - LOI (e. learning opportunity index) kemur inn og fjármagn í stuðning byggður á greiningum lækkar á móti
 - Fagmaður annar en kennari kemur inn og fjármagn í stuðning byggður á greiningum lækkar á móti.
- Gert er ráð fyrir stöðugildi rekstarstjóra í skólanum (rekstur og húsnæði).
- Gert er ráð fyrir auknu samstarfi félagsmiðstöðva og skóla. Fjármagn sett í vettvangsferðir skóla og gert ráð fyrir samstarfi skóla- og félagsmiðstöðva um félagsstarf.
- Ný nálgun til að meta rekstrarkostnað, hækkar frá fyrra líkani og hluti þess tengdur LOI
- Pottum hefur verið eytt að mestu.

Í [myndbandinu hér til hliðar](#) segir Helgi Grímsson sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar frá Grunnskólalíkaninu Eddu og regluverki um fjármál stofnana á SFS.



Betri borg fyrir börn

Verkefnið BBB er hluti af tillögum stýrihóps um breytt fyrirkomulag á þjónustu borgarinnar um að bæta þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra sem og starfsfólk starfseininga á vegum skóla- og frístundasviðs. Meginmarkmiðið er að auka skilvirkni þjónustunnar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum en verkefnið hvílir meðal annars á nýjum [lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna](#), áherslum [Menntastefnu Reykjavíkur](#) og [Velferðarstefnu Reykjavíkur](#).


Í samræmi við samþykkt um BBB í Reykjavík sem tók gildi frá og með 1. janúar 2022 hafa verið samþykktar breytingar á skipuriti fyrir skóla- og frístundasvið og velferðarsvið sem leggja til skipulag sem raungerir þá skipan sem nauðsynleg er til að ná markmiðum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Ný lög skilgreina þjónustuna í þrjú þjónustustig og gerir kröfu um mikið og öflugt samstarf á milli þjónustustiganna, miklar kröfur um snemmtækan stuðning á fyrstu þjónustustigum og að brugðist sé strax við þeim þörfum sem upp koma.

Leiðarljós BBB verkefnisins er að gera þjónustuna aðgengilega, notendavæna, heildstæða og gagnadrifna. Með tilliti til BBB og skólalþjónustu er markmiðið að dreifstýra þjónustunni og færa undir eitt þak yfirstjórnir starfseininganna til að geta með markvissari hætti undirbúið borgina fyrir ný lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.



Farsældarvinnsla og BBB

Notendavæn-, heildstæð- og gagnadrifin þjónusta



Vörðurnar í þessar i samvinnu eru endurbættir verkferlar, markvissari rýni á fyrirliggjandi gögn á öllum þjónustustigum, mat á þeim stuðningi sem lagður er til og markviss skráning á allri þjónustu og nálgun. Þannig er unnið að því markmiði að þjónustan verði samfelld og samþætt í þágu velferðar og farsældar barna og foreldra.

Stafrænt teymi á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs vinnur að nýju stafrænu kerfi til að halda utan um alla vinnslu og afleidda þjónustu í gegnum vinnsluna þannig að foreldri og starfsmaður hafi greiðan aðgang að þeim upplýsingum sem skipta máli í tengslum við vinnslu mála. Búið er að ráða fagstjóra leikskóla og grunnskóla í hvern borgarhluta sem ásamt framkvæmdastjóra frístundamiðstöðva og fulltrúum SFS og VEL vinnur að því að skipuleggja starfið í borgarhlutunum fjórum með það að markmiði að færa þjónustuna nær börnum og fjölskyldum þeirra.

Sértækur stuðningur

Lögð hefur verið megin áhersla á að skólasamfélagið tali saman til þess að samþætta verklag skólapijónustu. Í Menntastefnu er ætíð lögð áhersla á að reyna að bæta þjónustu við börn og forsjáraðila þeirra, auka skilvirkni hennar og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Í þeim tilgangi voru haldnir sameiginlegir fundir verkefnastjóra sérkennslu, sérkennsluráðgjafa og ráðgjafarþroskapijálfa frístundastarfs, leik- og grunnskóla. Þar var fjallað um upplýsingafundi á milli skólastiga, um skólaskil og hversu oft þyrfti að hittast við skil á milli skólastiga. Fundurinn tókst vel og ákveðið var að hafa slíka fundi einu sinni á önn en fundirnir eru mikilvægur samráðsvettvangur þegar kemur að farsæld barna og samfellu í skólastarfi. Einnig var haldinn fundur með sérkennslustjórum leikskóla og deildarstjórum stoðþjónustu grunnskóla og forstöðumönnum frístundaheimila í Vesturbæ. Þar var spjallað um hvernig komið er til móts við fjölbreyttar þarfir nemenda á ólíkum skólastigum og í formlegu og óformlegu námi en vettvangur fyrir slíkt samtal er nýr af nálinni.

Lögð hefur verið áhersla á markvissan og fjölbreyttan stuðning við börn í skóla- og frístundastarfi borgarinnar. Um sum þessara verkefna er fjallað nánar í tengslum við verkefni MML og fjölmennings- teymis en teymi um menntun fyrir alla leiðir þau verkefni sem tengjast sértækum stuðningi á fagskrifstofu SFS. Teymið vann meðal annars að eftirfarandi verkefnum:

- Þróun námskeiðsins „[Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla](#)“ í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ en það var kynnt vel fyrir leik- og grunnskólum.
- Haldnir voru kynningafundir með sérkennsluráðgjöfum þjónustumiðstöðva vegna sérdeilda fyrir einhverf börn.
- Unnið var að endurbótum á starfslýsingum deildarstjóra stoðþjónustu í grunnskólum og í undirbúningi er samskonar vinna fyrir sérkennslustjóra í leikskólum.
- Skoðuð voru lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og metið hvaða aðgerða er þörf í frístundastarfi í Reykjavík. Skv. lögnum þyrfti að koma til aukinn opnunartími í sértæku frístundastarfi fyrir 5.-10. bekk. Kostnaður við aðgerðirnar hefur verið áætlaður en enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um breytingu á reglum félagsmiðstöðva.
- Á grundvelli tillögu starfshóps um sértækar félagsmiðstöðvar tók félagsmiðstöðin Hofið til starfa fyrir börn í 5.-10. bekk. Markmiðið er að efla frístundastarf án aðgreiningar en börn og unglingar sem skráðir eru í Hofið mæta á þær opnanir sem í boði eru í almennu starfi félagsmiðstöðva á opnunartíma Hofins og sem tilheyra skóla viðkomandi. Þetta hefur gefist vel en takmarkaður opnunartími á dagtíma setur verkefninu hömlur.
- Unnin var handbók fyrir [deildarstjóra stoðþjónustu í grunnskólum](#), sambærileg þeirri sem þegar hefur verið unnin fyrir sérkennslustjóra leikskóla.
- Að beiðni Heyrnar og talmeinaföðvar voru haldnir fundir vegna náms og kennslu heyrnarskertra barna. Fundirnir voru haldnir með aðilum HTÍ og fulltrúm leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs sem sinna kennslu heyrnarlausra og heyrnarskertra barna.
- Á [skóla- og frístundaráðsfundi 9. nóvember 2021](#) var lögð fyrir úttekt Hrundar Logadóttur á [stoðþjónustu í grunnskólum borgarinnar](#). Í bókunum frá fundinum kemur fram að í [skýrslunni](#) sé farið vel yfir þær áskoranir sem málaflokkurinn býr við og í lok hennar koma fram mikilvægar ábendingar um það hvernig hægt er að tryggja skilvirka og öflugra stoðþjónustu í grunnskólum borgarinnar. Þá er bent á að mörg af þeim atriðum séu einnig ávörpuð í nýju úthlutunarlíkani grunnskóla og í aðgerðaráætlun um innleiðingu menntastefnu. [Skýrslunni](#) er vísað til verkefnisstjórnar Betri borg fyrir börn með það að markmiði að þær tillögur sem fram koma í skýrslunni nýtist til umbóta í stuðningsþjónustu grunnskóla.

Starfshópar, þróunarverkefni og lærdómssamfélög sem hafa menntun fyrir alla að leiðarljósi:

- Starfshópur um táknaásumhverfi í Sólborg – táknaásumsviði Hlíðaskóla, frístundaheimilinu Eldflauginni og félagsmiðstöðinni Gleðibankanum skilaði tillögum sínum í janúar 2021, en ákveðið var að halda samstarfinu áfram og stofna til þróunarverkefnis.
 - Þróunarverkefnið ber yfirheitið: *Svo lengi lærir sem lifir*. Meginmarkmið verkefnisins er að *byggja upp sterkt faglegt lærdómssamfélag*. Unnið verður sérstaklega að skilgreiningu á því hvað er viðunandi táknaásumhverfi í skóla og frístundastarfi, unnið að aukinni starfsþróun, styrkja og viðhalda samvinnu milli skóla- og frístundastarfs ásamt því að efla og skilgreina ráðgjafarhlutverk skólanna.
- *Þróunarverkefnið Leikskóli fyrir alla – viðhorf og vinnubrögð í leikskólanum Miðborg*. Verkefnið byggir á framtíðarsýn menntayfirvalda um [Menntun fyrir alla- horft fram á veginn](#) og um leið menntastefnu Reykjavíkur. Meginmarkmið verkefnisins er að bjóða upp á gæðamenntun í Miðborg með því móti að öll börn og foreldrar verði fullgildir þátttakendur í leikskólastarfinu og þróa öflugt og sterkt lærdómssamfélag starfsfólks
- *Lærdómssamfélag sérkennslustjóra í leikskólum*. Hópurinn hittist mánaðarlega yfir starfsárið og er markmiðið að skapa samtal um störf sérkennslustjóra þannig að þeim gefist tækifæri til að efla þekkingu sína og færni í starfi. Viðfangsefnið árið 2021 lutu m.a. að fjölmenningu, málörvun, skipulagi sérkennslu, kvíða barna og Betri borg fyrir börn.
- *Lærdómssamfélag um félagsfærni og sjálfsefningu*. Frá því að byrjað var að sækja um þróunar- og nýsköpunarstyrki til innleiðingar menntastefnu hafa flestar umsóknir lotið að grundvallarþáttunum félagsfærni og sjálfsefningu. Öllum starfsstöðum leik- og grunnskóla sem vinna að þróunarverkefnum um þessa þætti var boðið að senda einn til tvo fulltrúa frá hverjum stað í lærdómssamfélag á vorönn 2020. Frá hausti 2021 var svo fulltrúum frístundastarfsins boðin þátttaka. Tilgangurinn er að skapa vettvang til að auðvelda starfsfólki að hitta aðra og læra af þeim sem eru að vinna að sameiginlegum markmiðum við að þróa þessa grundvallarþætti. Efni frá þátttakendum er safnað saman í verkfærakistu á vef menntastefnunnar www.menntastefna.is. Heilt yfir hefur tekist vel til og þátttakendur lýst yfir ánægju með að fá tækifæri til að miðla sínu og læra af öðrum.

Fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf

Í almennum aðgerðum er lögð áhersla á stuðning við börn af erlendum uppruna, bæði í tengslum við læsi og íslensku sem annað mál, en ekki síður í tengslum við stuðning við nám og leik í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar. Fjölmenningarteymi SFS hefur það hlutverk að fylgja eftir menntastefnu með áherslu á innleiðingu á stefnu SFS í fjölmennningarlegu skóla- og frístundastarfi [„Heimurinn er hér“](#) frá 2014 en byggt er á [„aðgerðaráætlun um fjölmennningarlegt skóla- og frístundastarf 2021-2024“](#)

Stór hluti verkefna fjölmenningarteymis snúa að starfsþróun, ráðgjöf og fræðslu fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og á árinu var boðið upp á mörg tækifæri til starfsþróunar á sviði fjölmenningarlegs skóla- og frístundastarfs. Hér fyrir neðan er farið yfir það helsta:

- Fjölmenningarteymi stóð að fræðslu fyrir starfsstaði SFS um fjölbreytta starfs- og kennsluhætti þar sem meðal annars var lögð áhersla á viðhorf og fordóma.

- Verkefnastjóri fjölmennningar í grunnskólum og brúarsmiður voru með fræðslu um fjölmenningu og fordóma á mið- og unglingastigi fyrir nemendur í grunnskólum við góðar undirtektir en tæplega 500 nemendur fengu fræðslu í gegnum þetta átak.
- Boðið var upp á lærdómssamfélag fyrir starfsfólk leikskóla um sköpun, margbreytileika, lýðræði og velferð þar sem meðal annars var fjallað um hvítleika, viðhorf og fordóma.
- [Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla](#) voru gefnir út af MMS á árinu en fulltrúar fjölmenningatrymis komu að vinnu við þá. Rammarnir voru kynntir á leikskólastjórafundi, fyrir tengiliðum fjölmennningar og fyrir leikskólum sem óskuðu eftir kynningu. Áætlað er að verkefnastjóri fjölmennningar fyrir leikskóla kynni hæfnirammanna fyrir öllum leikskólum Reykjavíkur og styðji við notkun á þeim.
- Nokkrir fundir voru haldnir með tengiliðum fjölmennningar í leikskólum þar sem umfjöllunarefnin voru: millimenningarfræðsla, örkynningar frá nokkrum leikskólum um stuðning við fjöltyngd börn í leikskólustarfi, kynning og vinna með Hæfniramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla og málstefna leikskóla. Fundirnir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og eru þátttakendur á milli 40 og 50.
- Brúarsmiðir og læsisráðgjafar hjá Miðju máls og læsis ásamt verkefnastjóra fjölmennningar fyrir leikskóla buðu upp á þrjá rafræna fræðslufundi fyrir foreldra á íslensku, ensku, pólsku og arabísku þar sem umfjöllunarefnin voru: leikskólakerfið í Reykjavík, tungumálastefna fjölskyldunnar og málþroski leikskólabarna. Sjá [nánari upplýsingar hér í samantekt á efni](#). Áætlað er að halda áfram með þessa fræðslufundi í samstarfi við fagstjóra leikskóla í öllum hverfum.
- Námskeið um Menningarmót í umsjón Kristínar Vilhjámsdóttur var haldið fyrir starfsfólk í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi.

Málefni tengd börnum sem eru umsækjendur um alþjóðlega vernd er ört vaxandi málaflokkur en á síðasta ári fjölgaði til muna í þeim hópi. Í byrjun árs 2021 samþykkti Reykjavíkurborg að stækka samning sinn við Útlendingastofnun um að taka á móti allt að 300 manns sem eru í leit að alþjóðlegri vernd en Reykjavíkurborg sinnir mest barnafjölskyldum. Tæplega 50 börn hafa sótt stoðdeild Birtu frá hausti 2020 til haustsins 2021. Stór hluti þeirra sem sækja um alþjóðlega vernd hafa verið að fá stöðu flóttafólks og fara þeir nemendur beint í almenna grunnskóla í Reykjavík þegar staða hefur fengist. Sá hópur nemenda þarf mikinn stuðning inn í almenna skólakerfið og hefur fjölmenningatrymi SFS vakið formlega athygli á þessu.

Verkefnastjórar fjölmennningar í samstarfi við sviðsstjóra hafa unnið ýmis minnisblöð til borgarstjóra og mennta- og menningarmálaráðuneytisins m.a. um ójafnvægi í úthlutun fjármagns jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar vegna kennslu íslensku sem annars máls og því að ekki var gert ráð fyrir fjármagni til skóla- og frístundastarfs þegar gerðir voru samningar um móttöku flóttafólks til borgarinnar. Þetta hefur leitt til funda með fulltrúum mennta- og menningarmálaráðuneytisins, fundum með ráðherra (nú mennta- og barnamálaráðherra) og ráðherra félags- og barnamálaráðuneytisins. Fjölmenningatrymi SFS eru í miklu samstarfi við Velferðarsvið um málefni fjöltyngdra barna. Meðal þeirra verkefna mætti telja reglulega fundi með *Teymi um umsækjendur um alþjóðlega vernd* og fundi með nýstofnuðu *Teymi um samræmda móttöku flóttafólks*. Sömuleiðis var samstarfi við Menningarmiðlara hjá velferðarsviði komið á og er unnið að auknu samstarfi á milli sviðanna tveggja og fulltrúa þeirra.

Sumarið 2021 var sett á sumarhópur með nemendum í 9. og 10. bekk úr stoðdeild Birtu sem nýlega höfðu fengið stöðu flóttafólks. Verkefnið var samstarfsverkefni Vinnuskóla Reykjavíkur, félagsmiðstöðvarinnar Tónabæjar, stoðdeildar Birtu og verkefnastjóra fjölmennningar á grunnskólaskrifstofu. Alls voru 9 þátttakendur og gekk verkefnið ágætlega en þau unnu 3 vikur í júní fram í júlí 2021.

Verkefnið Fyrirmyndir var útbúið í samstarfi við Mixtúru þar sem viðtöl við fimm einstaklinga um reynslu þeirra af því að flytja til Íslands, reynsla þeirra af íslensku skólakerfi, skipulögðu frístundastarfi og viðhorfum í samfélaginu. Myndböndin voru frumsýnd á Menntastefnumótinu vorið 2021.

Í *Aðgerðaráætlun fyrir fjöltýngd börn í leikskólum, grunnskólum og frístundastarfi* var lagt til setja á laggirnar Íslenskuver en hlutverk þeirra er að styðja við nemendur í 3. – 10. bekk sem eru nýfluttir til landsins og að byrja í íslenskum grunnskóla. Meginmarkmið Íslenskuvers er að styðja nemendur við að ná grunnhæfni í íslensku og íslenskum skólaorðaforða. Að hausti 2021 tóku tvö Íslenskuver til starfa, annars vegar í Austurbæjarskóla sem þjónustar grunnskóla í Vesturbæ, Miðborg og Hlíðum og hins vegar í Vogaskóla sem þjónustar grunnskóla í Laugardal, Bústöðum og Háaleiti.

Náttúra, list, menning, fjölbreyttir starfs- og kennsluhættir.

LÁN - Listrænt ákall til náttúrunnar

er þverfaglegt þróunarverkefni á vegum skóla- og frístundasviðs sem ætlað er að skapa samtal á milli náttúrufræði og listgreina. Lögð er áhersla á náttúrufræðslu á skapandi og nýstárlegan hátt með aðferðum list- og verkgreina. Nánari upplýsingar um verkefnið er að finna á [vefsíðu LÁN](#). Í umfjöllun um verkefnið kemur fram að nauðsynlegt sé að gera róttækar breytingar á nálgun skólasamfélagsins í tengslum við heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna og þær gríðarmiklu loftslagsbreytingar sem orðið hafa og eru að umbreyta lífnaðarháttum okkar. Flestum er ljóst að við þurfum að læra að lifa á sjálfbæran máta þar sem hlúð er að félagslegum, og vistfræðilegum þáttum á friðsælan hátt. Mörg vel lukkuð listaverk geta hreyft við fólki og fengið það til að spyrja sig áleitinna spurninga sem tengjast daglegu lífi. Í skólastarfi er hægt að brúa bilið á milli þekkingar og upplýsinga um umhverfið og listrænnar sköpunar með raunverulegum verkefnum og aðgerðum sem vekja athygli.



Markmið LÁN samstarfsverkefnisins er að:









- List- og verkgreinakennarar öðlist nýja sýn á náttúrufræði á sama tíma og náttúrufræðikennarar (bekkjakennarar) kynnast vinnuaðferðum í list og hönnun.
- Kennarar byggja á fyrri reynslu og leiti leiða við að auka áhuga ungs fólks á náttúrufræðum og sjálfbærni.
- Þróa verkefni sem styrkja sjálfsmýnd nemenda, gagnrýna hugsun og trú þeirra á eigin getu.
- Ýta undir nýsköpun í skólastarfi, þróun nýrra kennsluaðferða og þverfaglegt samstarf.
- Stuðla að starfsþróun kennara með áherslu á skapandi kennsluhætti.
- Mæta kröfum menntastefnu Reykjavíkur um fjölbreytta kennsluhætti.
- Stuðla að samtali milli kennara sem vilja innleiða kennslu um sjálfbærni og þverfaglega kennsluhætti með fjölbreyttum námskeiðum og stuðningi.
- Styrkja tengslanet milli skóla í Reykjavík

Fimmtán leik- og grunnskólar hafa tekið þátt í LÁN verkefninu undanfarið. Boðið hefur verið upp á fræðslu og námskeið um LÁN aðferðarfræðina meðal annars á Sumarsmiðjum fyrir grunnskólakennara. Um 800 börn tóku þátt í sýningu LÁN á Barnamenningarhátíð 2021 í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi og á Menntastefnumóti var hægt að sjá [fræðslumyndband um verkefnið](#) og áherslur þess en verkefnastjórnin Ásthildur Jónsdóttir hélt utan um gerð myndbandsins.



Í maí funduðu börn, úr þeim leik- og grunnskólum sem tekið hafa þátt í verkefninu, með þáverandi umhverfis- og auðlindaráðherra Guðmundi Inga Guðbrandssyni. Tilfni umræðufundarins með ráðherra var sýning á rannsóknarverkefnum nemenda í 2. bekk Melaskóla í Borgarbókasafninu vorið 2021 þar sem nemendur kynntu afrakstur rannsókna sinna á líffræðilegum fjölbreytileika í hafinu og við ströndina. Nemendur hafa vaxandi áhyggjur af umhverfinu og þeirri hættu sem stafar af útblæstri koltvísýrings og hlýnun jarðar. Í vinnu sinni hafa þau m.a. nálgast þetta stóra viðfangsefni í gegnum myndlist og dans og sýndu þau ráðherra afraksturinn ásamt kennurum sínum. Fundarstjóri var Ida Karolína Harris, nemandi við Laugalækjarskóla en þessi fundur var hluti af lokaverkefni hennar og fleiri skólafélaga um líffjölbreytileika.


Heim · Jarðfræði · umhverfisráðherra · Sögur af sjónum · Náttúruljóð · Upplýsingar · Mótmælendur · Fóstudagsmótmæli · Veggspjöld · Handspor · Jöklagjörningur

 <p>Upplýsingar um verkefnið</p>	 <p>Menntastefnumót 2021</p>	 <p>Staðbundin jarðfræði</p>	 <p>Bókin um hafið</p>
 <p>Heimur hafsins</p>	 <p>Marglyttur</p>	 <p>Kórallar</p>	 <p>LÁN með umhverfisráðherra</p>

Leiðsagnarnám í grunnskólum


Mikill áhugi og gróska hefur verið í tengslum við leiðsagnarnám í grunnskólum borgarinnar en allflestir skólar borgarinnar eru að vinna að innleiðingu leiðsagnarnáms. Leiðsagnarnám miðar að því að auka ábyrgð og hlutdeild nemenda í eigin námi og efla námsmenningu sem samræmist vel áherslum menntastefnu Reykjavíkur. Nokkrir þekkingarskólar hafa verið leiðandi í innleiðingu leiðsagnarnámsins frá einum tíma til annars og nú eru Borgarskóli, Engjaskóli, Dalskóli, Hamraskóli Hlíðaskóli og víkurskóli í samstarfi um þróun skólastarfs í anda Leiðsagnarnáms. Þá hefur í verkefninu *Draumaskólinn Fellaskóli* verið ráðið í stöðugildi verkefnastjóra í innleiðingu leiðsagnarnáms en nánar er sagt frá því og öðrum verkefnum Fellaskóla í [myndbandi frá MenntaStefnumóti](#).

Innleiðing leiðsagnarnáms í Reykvískum grunnskólum hefur vakið mikla athygli en 2021 hlaut skóla- og frístundasvið Íslensku menntaverðlaunin fyrir verkefnið og tók Nanna Kristín Christiansen við verðlaununum fyrir hönd sviðsins. Nanna Kristín starfaði sem sérfræðingur á SFS í áraraðir og átti frumkvæði að innleiðingu verkefnisins, leiddi það fyrstu árin, hefur skrifað bók um Leiðsagnarnám og heldur úti vefsvæðinu www.leidsagnarnam.is þar sem er að finna ótæmandi verkfærakistu fyrir kennara og starfsfólk grunnskóla. Þá hefur leiðsagnarnámið náð út fyrir borgarmörkin og haustið 2021 fór af stað Menntaflétta um [leiðsagnarnám í hvetjandi námsumhverfi](#). Á vef menntastefnunnar er hægt að nálgast ýmsar upplýsingar um leiðsagnarnám meðal annars [upptökur frá fræðslufundarröð](#) sem haldin var vorið 2021.



Menntastefna
Reykjavíkurborgar

Verkfærakista Um menntastefnu Gæðastarf Þróunarsjóður Starfsþróun



Félagsfærni, Læsi, Sjálfsefning

Fræðslufundarröð um leiðsagnarnám

Hér má finna upptökur frá fræðslufundarröð um leiðsagnarnám sem haldin var á vorönn árið 2021.

Í upptökunum fer Nanna Christiansen itarlega fyrir fjölmörg atriði er snúa að leiðsagnarnámi og svara spurningum kennara sem tóku þátt í fundunum.


Tenging við menntastefnu	Gerð efnis	Markhópur	Viðfangsefni
Félagsfærni, Læsi, Sjálfsefning	Fræðilegt, Ítarefni, Myndbönd	Börn 6-16 ára og starfsfólk	Leiðsagnarnám, Leiðsagnarmat, Samvinna, Umræður

Lista- og menningarstarf

Árið 2021 reyndist líkt og árið á undan erfiður ljár í þúfu þegar kom að reglubundnum list- og menningarviðburðum. Barnamenningarhátíð í Reykjavík fór fram með breyttu sniði 2021 en Opnunarviðburðurinn í Hörpu varð ekki og því var brugðið á það ráð að gera sjónvarpsþáttinn *Barnamenningarhátíð, heim til þín* sem var sendur á alla starfsstaði SFS en einnig sýndur á besta tíma á RÚV, sjá nánar á [„Barnamenningarhátíð heim til þín“](#). Tímabil hátíðarinnar var lengt og vegleg hátíð haldin þrátt fyrir takmarkanir á samkomum. Meðal helstu viðburða á hátíðinni voru:

- Lag hátíðarinnar [Fljúgandi furðuverur samið í samstarfi 4. bekkja í Reykjavík](#) og listakonunnar Bríetar
- *Barnamenningarhátíð heim til þín*, sjónvarpsþáttur á besta tíma í sjónvarpi í samstarfi við RÚV og ýmist listafólk.

- Stórsýning LÁN verkefnisins á Listasafni Reykjavíkur, Borgarbókasafni Spönginni og í Grasagarðinum. Yfir 800 börn áttu verk á sýningunum.
- *Upptakturinn*, tónsköpunarverðlaun barna og ungmenna í Hörpu
- Leikskólatónleikar Tónskóla Sigursveins. Yfir 600 börn voru fulltrúar 30 leikskóla haldnir á fernum tónleikum í Ráðhúsi Reykjavíkur
- [Sögur - verðlaunahátíð barnanna, haldin í Borgarleikhúsi](#)
- Ævintýrahöllin í Árbæjarsafni. Fjölbreytt dagskrá með smiðjum, tónleikum jóga dansi, blöðrulistum, sögustund sirkus og endaði á Krakkakaróki þar sem ungt fólk spreytti sig á vinsælum lögum. Bríet tók nokkur af eigin lögum í lokin við góðar undirtektir unga fólksins og fjölskyldna þeirra.



Skrekkur

Árið 2021 voru haldnir tveir Skrekkir í Borgarleikhúsinu. Skrekkur ársins 2020 var haldinn eftir nokkrar frestanir í mars 2021 og þá að mestu án áhorfenda. Skrekkur 2021 var haldinn í nóvember 2021 og með nokkuð hefðbundnara sniði. Í aðdraganda Skrekks 2020 var sett á laggirnar stjórn Skrekks í fyrsta skipti en í henni eru fulltrúar hagsmunaaðila; grunnskóla, félagsmiðstöðva, ungmenna og skrifstofu SFS. Stjórnin tekur allar stærri ákvarðanir varðandi Skrekk og reyndist sérlega vel í ákvarðanatöku varðandi breytt fyrirkomulag 2020 og 2021. Mikilvægt er að hafa í huga að virk þátttaka barna og ungmenna í Skrekk og öðrum menningarviðburðum á vegum skóla- og frístundastarfs í borginni getur haft mikil áhrif á sjálfsmynd þeirra og félagsfærni. Með fjölbreyttri virkni og þátttöku gefst börnum og unglingum tækifæri til að koma fram og efla styrkleika sína og áhugasvið, skapa list og menningu með öðrum börnum og fullorðnum og leyfa öðrum að njóta afrakstursins á sýningum og viðburðum. Þetta skapar sameiginlegt stolt hjá börnum og aðstandendum þeirra sem og ógleymanlegar stundir sem auka vellíðan og gleði.



Fræðslutilboð og menningarupplifun fyrir börn.

Leikskólar, grunnskólar og frístundamiðstöðvar fá fjölmörg tilboð um menningarupplifanir fyrir börn frá söfnum og listastofnunum. Til að auka aðgengi barna að slíkum upplifunum hefur SFS sett upp vefinn [Uppspretta](#). Þar getur starfsfólk fundið allt sem í boði er á einum stað. Í september 2021 var blásið til viðburðar á Sjóminjasafninu þar sem öll helstu tilboð frá söfnum og listastofnunum voru kynnt fyrir starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.



Framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík

Stýrihópur um framtíð tónlistarnáms í Reykjavík hóf störf 17. maí 2019. Í stýrihópnum sátu Alexandra Briem, formaður, Elín Oddný Sigurðardóttir og Eyþór Laxdal Arnalds. Deildarstjóri listfræðslu á skóla- og frístundasviði, Sigfríður Björnsdóttir, starfaði með hópnum og fundarritari hópsins var Grímur Atlason og síðar Anna Garðarsdóttir.

Stýrihópurinn skilaði skýrslu í janúar 2021 og er framtíðarsýnin skýr:

Börn og ungmenni skapa og njóta tónlistar í leik og starfi um alla borg. Tónlistarnám í borginni er vandað, fjölbreytt og aðgengilegt. Ungt tónlistarfólk er sýnilegt í menningarlífi borgarbúa.

Í skýrslunni segir m.a.:

„Til viðbótar við listrænt gildi tónlistar og lífsfyllingu sem iðkun hennar fylgir þá er óumdeilt, miðað við öll gögn og rannsóknir, að tónlistarnám er æskilegt og stuðlar að þroska, félagsgreind og góðri andlegri líðan þeirra sem það stunda. Auk þess sýna rannsóknir að með tónlistarnámi fylgir aukin almenn námsgeta og bættur námsárangur. Samhugur er um það í stýrihópnum og hjá öllum sem komið hafa til fundar við hópinn að efla eigi tónlistarnám og að tryggja beri sem flestum börnum aðgang að því“.

Skýrslu starfshópsins í heild má finna [með því að smella hér](#).

Stýrihópurinn lagði fram eftirfarandi megináherslur:

- **Yngstu börnin** - Auka þarf stuðning við söng- og tónlistarstarf í leikskólum.
- **Grunnskóli og frístundastarf** - Gripið verði til aðgerða til að efla kórastarf með börnum á grunnskólaaldri, þar sem þörf krefur, í góðu samstarfi við fagfólk á vettvangi. Tryggður verði aðgangur að rýmum, búnaði og tækni sem gerir ungmennum kleift að rækta áhuga sinn og vinna verkefni á sviði tónlistar í vönduðu umhverfi.
- **Tónlistarskólar** - Stefnt verði að því að fjölga markvisst í hópi tónlistarnemenda til ársins 2030 og kennslumagni beint til barna og ungmenna með markvissum aðgerðum. Viðmið um aldur og námsframvindu tónlistarnemenda verði tekin upp í áföngum og tími gefinn til aðlögunar.
- **Skólahljómsveitir** - Unnið verði markvisst að því að bæta aðstöðu skólahljómsveita, bæði í kennslurýmum í grunnskólum og æfingarýmum hljómsveita. Fundin verði varanleg rými þar sem gengið er að standandi æfingaaðstöðu með samnýtingu að leiðarljósi. Hljóðvist verði skoðuð og bætt eftir þörfum.
- **Samstarf stofnana** - Starfshópur verði settur af stað til að rýna aukna möguleika á samnýtingu húsnæðis á vegum borgarinnar vegna tónlistarnámsins, einkum grunnskólahúsnæðis.
- **Tækni og tækifæri** - Skoðaðir verði möguleikar á því að tryggja börnum í borginni viðeigandi og vönduð forrit sem stutt geta þau í tónlist og tónmennt og jafnvel gefið tækifæri til skipulegs sjálfsnáms.

Á haustmánuðum 2021 hófst vinna að aðgerðaráætlun út frá þessum lykiláherslum hópsins og er áætlað að hún fari fyrir skóla- og frístundaráð í mars 2022. Í desember 2021 fékkst samþykkt að veita tveimur mikilvægum verkefnum brautargengi. Annars vegar er um að ræða stofnun barnakóra við fjórar skólahljómsveitir Reykjavíkurborgar. Fjármagn fékkst fyrir sem nemur einu stöðugildi á ári til tveggja ára. Gert er ráð fyrir að kórarnir hefji störf haustið 2022 og er undirbúningur við útfærslur í höndum fulltrúa skólahljómsveita og grunnskólaskrifstofu. Hins vegar er um að ræða ákveðna nýsköpun í hljóðfæra-kennslu með það að markmiði að gefa fleiri börnum kost á að kynna hljóðfæranámi. Verkefnið er samstarfsverkefni Tónlistarskóla Árbæjar og Árbæjarskóla. Keypt voru rafmagnspíanó með eðlilegum

áslætti ásamt heyrnartólum og öðrum búnaði og er 5–6 börnum kennt í einu. Síðan eru útbúin kennslu-myndbönd þannig að um er að ræða vendikennslu þar sem nemendur hafa aðgang að rafrænu kennsluefni hvenær sem þau vilja. Tilraunin fór af stað haustið 2021, en heldur svo áfram af fullum krafti 2022 og 2023. Leiðarljós verkefnisins er að auka möguleika fleiri barna á að kynnast hljóðfæranámi en gert er ráð fyrir að aðferðarfræðin verði þróuð fyrir fleiri hljóðfæri haustið 2022. Fjöldi mikilvægra aðgerða eru í undirbúningi vegna innleiðingar stefnunnar sem mun verða hrundið af stað á næstu misserum.



Húsnæði og búnaður

Í almennum aðgerðum er kveðið á um að bæta skuli aðstöðu til skóla- og frístundastarfs þannig að húsnæði og búnaður auðveldi starfsfólki að vinna að framgangi menntastefnunnar. Í fylgiskjali 9. er gerð grein fyrir helstu innkaupum á búnaði fyrir utan tölvu- og tæknibúnað sem samþykkt var í lok ársins að leggja stóraukið fjármagn í á næstu árum. Sjá nánar í kafla um upplýsingatækni. Viðhald húsnæðis og nýbyggingar í skóla- og frístundastarfi er viðamikil verkefni sem unnið er í þétu samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið. Nákvæmt yfirlit yfir framkvæmdir, viðbyggingar, viðhald, nýbyggingar og endurnýjun skólalóða eru í fylgiskjali 10. Nánar er gerð grein fyrir aðbúnaði í tengslum við stafræna vegferð í kafla hér fyrir framan.

Yfirlit yfir fylgiskjöl:

1. Erindisbréf framtíðarhóps
2. Kynning á samstarfi SFS og MVS 2020-2021
3. Auglýsing fyrir lærdómssamfélag
4. Listi yfir alþjóðaverkefni hjá SFS
5. Yfirlit yfir skiptingu styrkja í A- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs
6. Yfirlit yfir styrkt verkefni í B- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs
7. Yfirlit yfir þjónustu MML
8. Reglur um rekstur grunnskólalíkansins Eddu
9. Yfirlit yfir innkaup á húsbúnaði
10. Yfirlit yfir framkvæmdir á lóðum og húsnæði
11. Skýrsla verkefnahóps vegna KFS greiningar á B- hluta þróunarstyrkja menntastefnu

ERINDISBRÉF

Framtíðarhópur um innleiðingu menntastefnu 2022-2024

Ábyrgðarmaður:

Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs.

Inngangur:

Á fundi sínum þann 13. október 2020 samþykkti skóla- og frístundaráð tillögu um að hefja undirbúning að stofnun framtíðarhóps í menntamálum Reykjavíkurborgar sem ætlað er að leggja grunn að nýrri aðgerðaáætlun menntastefnu fyrir tímabilið 2022-2024. Framtíðarhópurinn taki til umfjöllunar í því sambandi helstu sóknarfæri, álitamál og umbótaverkefni í skóla- og frístundastarfi borgarinnar til náinnar framtíðar. Framtíðarhópurinn verði skipaður fulltrúum skóla- og frístundasviðs og helstu aðila í skólasamfélaginu s.s. barna og unglinga, foreldra, kennara og annars starfsfólks, stjórnenda, fræðasamfélagsins, aðila vinnumarkaðarins og kjörinna fulltrúa allra flokka í skóla- og frístundaráði.

Hlutverk:

Hlutverk framtíðarhóps er að leggja mat á framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* eftir fyrstu tvö árin og áforma næstu skref. Hópnunum er ætlað að tryggja að áherslur innleiðingar og aðgerðaráætlun verði samofin *Græna planinu* sem nú er í mótnun fyrir Reykjavíkurborg sem og þeirri gerjun sem átt hefur sér stað í menntamálum jafnt héraendis sem erlendis á liðnum misserum.

Helstu verkefni/viðfangsefni:

- Að veita umsögn um framgang innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar *Látum draumana rætast* eftir fyrstu tvö árin.
- Að meta sóknarfæri, álitamál og mögulegar umbætur í skóla og frístundastarfi borgarinnar til næstu framtíðar.
- Að koma með hugmyndir að og veita álit á tillögum um aðgerðaráætlun til næstu þriggja ára vegna innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar fyrir árin 2022-2024 sem byggðar verða m.a. á
 - Stöðu innleiðingar menntastefnu Reykjavíkurborgar
 - „*Græna planinu*“ – langtímaáætlun um fjármál og fjárfestingu Reykjavíkurborgar.
 - „Farsældarfrumvarpinu“
 - Helstu straumum í menntamálum héraendis og erlendis.
 - Helst áskorunum sem blasa við í lífi barna, unglinga og ungmenna í nú og í náinni framtíð.

Starfshópin skipa:

Lista yfir fulltrúa í framtíðarhópnum má finna í viðhengi sem sent var með erindisbréfinu.

Formaður starfshópsins

Skúli Þór Helgason, formaður skóla- og frístundaráðs


Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Hjörtur Ágústsson, verkefnastjóri á nýsköpunarmiðju SFS.

Starfstími:

Framtíðarhópur hittist á þremur til fjórum vinnufundum á tímabilinu janúar – október 2021.

Reykjavík, 2. mars 2021



Helgi Grímsson
Sviðsstjóri Skóla- og frístundasviðs



Samningurinn

- Tók gildi 13. maí 2019
- Liður í innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar
- Áhersla á að fjölga fagmenntuðu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi borgarinnar
- Meginmarkmið m.a.
 - Byggja upp lærdómssamfélag
 - Samstarf
 - Teymishugsun
- Gagnvirkt samstarf
 - Aukin fræðsla og ráðgjöf frá kennurum og sérfræðingum á MVS
 - Gera starf Reykjavíkurborgar sýnilegra í starfi MVS, kennslu og viðburðum
- Menntavísindastofnun fyrir HÍ og Nýsköpunarmiðja menntamála og Mannauðsdeild SFS fyrir skóla og frístundasvið

Viðburðir

- Dæmi um afrakstur samstarfsins eru fjölmargir viðburðir sem haldnir eru í samstarfi MVS og SFS á hverju ári.
- Vegna Covid 19 þurfti að gera töluverðar breytingar á viðburðum síðast liðins árs og nýttum við fjárfundi þá í auknum mæli.
- Menntastefnumót
 - Fjölmörg erindi frá MVS ásamt sýningarherbergi
- „En ég var einn! Sjálfmynd stráka og kerfið“
 - Samstarf Jafnréttisskóla Reykjavíkur, Geðhjálpur og Menntavísindasviðs
 - Var fjórar rafrænar lotur í stað heils dags ráðstefnu
- Kynningar fyrir meistaranema
- Stefnumót stjórnenda og fræðafólks
- Nýnemakynningar
 - Vegna Covid19 voru nýnemakynningar ekki með sama hætti og áður.

Þróunar og nýsköpunarsjóður

Hluti verkefna verður til á árlegum stefnumótum MVS og SFS

2020-2021

- Tíu verkefni fengu styrk þar af sjö sem unnin voru í samstarfi við fræðafólk MVS
 - Skapandi námssamfélag í Breiðholti
 - Austur-Vestur, sköpunar og tæknismiðjur
 - Leikur, styðjandi samskipti og lærdómssamfélag
 - Lærdómssamfélag stærðfræðikennara undir leiðsögn stærðfræðileiðtoga
 - Vertu velkomin í hverfið okkar- viltu tala íslensku við mig
 - Vaxandi
 - Öll sem eitt

2021-2022

- Tólf verkefni fengu styrk, þar af sjö unnin í samstarfi við MVS
 - Vertu velkomin í hverfið okkar- viltu tala íslensku við mig
 - Flæði og samþætting
 - Skapandi námssamfélag í Efra Breiðholti
 - Austur- Vestur, sköpunar og tæknismiðjur
 - Kyn- og ofbeldisfræðsla í félagsmiðstöðvum, fræði og fagstarf
 - Hinsegyn- Hinseginvænni Grafarvogur og Kjalarnes
 - Tökum samtalið- klám er ekki kynfræðsla

Námskeið

- **Stutt námskeið og fræðslufundir**
 - Samtal um fagið, vinnusmiðja fyrir leikskólastarfsfólk af erlendum uppruna
 - Sjálfbær lífsstíll: Neysla og nýting í textíl
 - Fjölyngi í grunnskóla- og frístundastarfi
 - Svefn skólabarna
 - Skólatengsl: Við skiptum öll máli
 - Sumarsprotar-félagsfærni og sjálfsefning
- **Lengri námskeið**
 - Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjölyngi fyrir grunnskólakennara
 - Lærdómssamfélag um sjálfsefningu og félagsfærni
 - Leiðtogi framtíðarinnar er teymið
 - Leiðsagnarnamat fyrir deildarstjóra í leikskólum
- **Einingabær námskeið**
 - Kynbundið ofbeldi:forvarnir og fræðsla
 - Samþætting námsgreina, skapandi nám og teymiskennsla
 - Þróun náms og starfs fyrir menntun fyrir alla
 - Frístundalæsi fyrir starfsfólk frístundaheimila

Leiðtogi framtíðarinnar er teymið

Sett saman með óskir og þarfir stjórnenda í huga.
Horft í Vegvísi fyrir stjórnendur-rannsókn eftir Sóley Kristjánsdóttur



Stjórnendur: Ómar Örn Magnússon, Sigrún Sólveig, Ingileif Ástvaldsdóttir, Edda Óskarsdóttir, Ruth Jörgensdóttir, Haraldur Sigurðsson, Hildur Jóhannsdóttir, Guðrún Sólveig, Ómar Örn Magnússon, Sóley Kristjánsdóttur

1. Lota

Hlutverk stjórnenda í teymisvinnu ólíkra fagstétta: Traust og farsæld í þágu barna

Kennarar: Oddný Sturludóttir, Ómar Örn Magnússon og Hákon Sigursteinsson

2. Lota

Skipulag styðjandi menningar: Kortlagning og yfirsýn

Kennarar: Ingileif Ástvaldsdóttir, Guðrún Sólveig og Sigurlaug Hrunn

3. Lota

Stjórnandinn sem fyrirmynd í að rýna eigið starf

Kennarar: Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, Haraldur Sigurðsson og Hildur Jóhannsdóttir

4. Lota

Stjórnendateymið í skóla- og frístundastarfi án aðgreiningar

Kennarar: Edda Óskarsdóttir, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg og Halldóra Sigtryggsdóttir

5. Lota

Val um dýpkun á efni einherrar kjarnalotu

Kennarar: Ýmsir

Springi 1. Lota og 2. Lota	Lota 3 og 4	Lota 5
Stjórnendur	Kennarar 1 Ómar Örn Magnússon, Sigrún Sólveig, Haraldur Sigurðsson 26. október til 1. nóvember 2024	Kennarar 2 Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, Haraldur Sigurðsson, Hildur Jóhannsdóttir 2. nóvember til 1. desember 2024
Kennarar 3 Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, Haraldur Sigurðsson 2. nóvember til 1. desember 2024	Kennarar 4 Edda Óskarsdóttir, Ruth Jörgensdóttir Rauterberg 2. desember 2024 til 1. janúar 2025	Lota 5 Val um efni einherrar kjarnalotu 1. janúar til 31. desember 2024

Önnur tækifæri til starfsþróunar

Menntabúðir

- Þátttakendur geta skipst á að vera í kennara- eða nemendahlutverki
- Áhersla á jafningjafræðslu og tengslamyndun
- Þátttakendur í aðalhlutverki
 - 2020-2021 fjarmentabúðir vegna Covid19
 - Desember 2020
 - Febrúar 2021
 - Apríl 2021

Lærdómssamfélag

- Tækifæri til að tengjast, miðla þekkingu og reynslu og byggja upp traust og samvinnu þvert á starfsstaði
- Öllum starfsstöðum leik- og grunnskóla boðið að senda 1-2 fulltrúa
- Tveir hópar myndaðir
 - Leikskólahópur
 - Grunnskólahópur



Önnur starfsþróun frh.

Opin námskeið

- Fjöldmörg námskeið eru opin á MVS
 - Hægt að sækja um án þess að sækja formlega um nám við HI
 - Metin til eininga
 - Flokkuð eftir flokkum *Menntastefnunnar* og starfsemi leik- og grunnskóla og frístundastarfs
- Markhópurinn er fólk með háskólapróf sem starfa á öllum skólastigum, frístundaheimilum og félagsmiðstöðvum



Opin námskeið í Kennararíðisverki Háskóla Íslands
Nóvember 2022

Á Kennararíðisverki er boðið upp á fjölda námskeiða og þátttöku í ýmsum efnum. Þetta hefur að sjálfsögðu verið mikilvægt og hefur verið gætt um að tryggja gæðum og fjölbreytni í námskeiðum. Námskeiðin eru haldin í samráði með námsráðgjafum og hefur verið gætt um að þátttöku sé tryggð og námskeiðin sé haldin á ýmsum stöðum.

Skjalteki um áhrif og áhrifni Kennararíðisverks

Skjalteki um áhrif og áhrifni Kennararíðisverks	Skjalteki um áhrif og áhrifni Kennararíðisverks
<ul style="list-style-type: none"> • Hægt að sækja um án þess að sækja formlega um nám við HI • Metin til eininga • Flokkuð eftir flokkum 	<ul style="list-style-type: none"> • Hægt að sækja um án þess að sækja formlega um nám við HI • Metin til eininga • Flokkuð eftir flokkum

Sumarsmiðjur

- MVS kemur með hugmyndir að smiðjum
- SFS óskar eftir námskeiðum
- SFS fær húsnæði til afnota hjá MVS fyrir stærri námskeið t.d. Skriðu og Bratta

Þróunarverkefni áttu leikskóla, MVS og UNICEF

- Um aukna fræðslu um Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þróun stöðumats og ráðgjafar varðandi áhrif og þáttöku barna í leikskólastarfi
- Áhersla á að börn taki þátt í að móta umhverfi sitt og hafi áhrif á t.d. dagskipulag og athafnir daglegs lífs
- Áhersla á stöðumat í upphafi verkefnisins og kveikjur og bjargir fyrir kennara og börn til að auka virka hlustun á sjónarmið og viðhorf barna
- Þekking á réttindum hefur jákvæð áhrif á börn og samfélög
- Mikilvægt að aðlaga réttindafræðslu að börnum á leikskólaaldri



Menntakvika



- Leiðir saman fjölda fagfólks og hagsmunaaðila sem láta sig menntun varða
- Fer fram í október ár hvert
- Þar eru kynntar rannsóknir um það sem er efst á baugi í menntavísindum hér á landi
- Öllum opin og þátttakendum að kostnaðarlausu
- Á Menntakviku 2021 var fjölbreytt þátttaka SFS
- Málstofur
 - Árangur fyrstu þriggja ára við innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur
 - Hvernig mælum við sjálfsefningu? – Þróun mælikvarða og gátlista menntastefnu Reykjavíkur
 - Rafrænt menntastefnumót Skóla- og fristundasviðs
 - Gróska- stórsókn í uppbyggingu tækniinnviða og stafrænni hæfni starfsfólks SFS
 - Samstarf sveitarfélaga á áhættumati hugbúnaðar fyrir nám og kennslu
- Einnig voru fjölmörg erindi frá SFS t.d. Um Töfrandi tungumál, stafræna hæfni, gagnsemi sjálfsmatsverkfæra ofl.

Menntamiðja

- Samráðsvettvangur um skóla- og frístundastarf og starfsþróun fagstétta í menntakerfinu
- Samningur til þriggja ára um aðkomu að rekstri Menntamiðju
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Kennarasamband Íslands, Skóla- og frístundasvið, HA, HR, LHÍ, Menntamálastofnun, Samband íslenskra sveitarfélaga

Menntaflétta

- Samstarf MVS, HA og Kennarasambands Íslands. Mennta- og menningarmálaráðuneytið styrkir
- Fjölbreytt nám sem varðar kennslu, sjálfbæra þróun, velliðan frístundastarf og forystu.
- Hugmyndafræði leiðtoganáms sótt í smiðju Skolverket í Svíþjóð
- Fyrir kennara, starfsfólk og stjórnendur í leik-, grunn- og framhaldsskólum auk lista og frístundastarfs
- Yfir 900 þátttakendur á landsvísi
- Um 200 þátttakendur frá 23 grunnskólum, 17 leikskólum og 2 frístundaheimilum í Reykjavíkurborg

Nemendur

- Skráðir nemendur við Menntavísindasvið

- Haust 2020: 2952
- Haust 2021: 3057

- Fjölgun á skólaárinu samtals 105 eða 3.56%




Skráðir nemendur á Menntavísindasviði

	20.10.2019	20.2.2020	20.10.2020	20.2.2021	20.10.2021
Deild faggreinakenndu	559	579	782	802	788
Deild heilsuefingar, íþróttar og törnun	434	439	542	570	510
Deild kennslu- og menntunarfræði	777	854	995	1087	996
Deild menntunar og margbreytileika	540	656	633	692	763
Samtals	2410	2528	2952	3151	3057

Næstu skref

- Nýr samningur SFS og HÍ sem gildir til loka febrúar 2025
- Bjartari tímar með fleiri atburðum á stað
 - Nýnemakynningar
 - Kynningar fyrir meistaranema
 - Tími til að tengja
 - Leiðtogi framtíðarinnar er teymið næstu borgarhlutur
 - Sumarsíðjur
 - Nýsköpunarstofa menntunar, Gróska Vísindagörðum
- Styttri námskeið
 - T.d. Samskipti heimilis og skóla, áhugasviðsverkfæni, skapandi vinna með uppþvingatækni, að koma til matts við nemandur með ADHD o.fl.
- Gagnkvæmur sýnileiki og samstarf
- Góðar hugmyndir alltaf vel þegnar



Fylgiskjal 3 - Auglýsing fyrir lærdómssamfélag

Lærdómssamfélag um félagsfærni og sjálfsefningu.

Menntastefna Reykjavíkurborgar hvetur okkur til að þróa skóla- og frístundastarf í skapandi lærdómssamfélag sem mætir þörfum 21. aldarinnar. Með þátttöku í lærdómssamfélagi fær starfsfólk í skóla- og frístundastarfi tækifæri til að tengjast, miðla þekkingu og reynslu ásamt því að byggja upp traust og samvinnu þvert á starfsstaði.



Hvað er lærdómssamfélag? Lærdómssamfélag er hópur af starfsfólki sem deilir sameiginlegum áhuga og sýn á eigið starf, styður hvert annað og leitar sameiginlega að leiðum til stöðugra umbóta og aukins árangurs í skóla- og frístundastarfi. Í lærdómssamfélagi verður til ný þekking sem skilar sér í betri framkvæmd sem eftir gagnrýna skoðun leiðir aftur til nýrrar þekkingar. Um er að ræða hringferli sem er stutt af ýmsum þáttum í menningu og skipulagi innan starfsstaða en einnig í samvinnu á milli starfsstaða. (Anna Kristín Sigurðardóttir og Guðrún Ragnarsdóttir).

Af hverju lærdómssamfélag um sjálfsefningu og félagsfærni? Í umsóknum um þróunarstyrki fyrir 2019-2020 voru flestar umsóknir tengdar þeim tveimur grundvallarþáttum menntastefnu. Tilgangurinn með verkefninu er að skapa vettvang til að auðvelda starfsfólki að hitta aðra og læra af þeim sem eru að vinna að sameiginlegum markmiðum við að þróa þessa grundvallarþætti í skóla- og frístundastarfi

borgarinnar. Efni frá þátttakendum verður síðan safnað saman í verkfærakistu á vef menntastefnunnar www.menntastefna.is

Fyrir hverja? Öllum starfsstöðum skóla- og frístundasviðs sem vinna að þróunarverkefnum um sjálfseflingu og félagsfærni er boðið að senda 1-2 fulltrúa frá hverjum stað.

Hvernig? Verkefnið hefst í janúar 2021 og til að byrja með verða settir af stað tveir hópar. Verkefnið er skipulagt í samvinnu við Önnu Kristínu Sigurðardóttur prófessor við Menntavísindasvið HÍ en hún mun veita leiðsögn við þróun lærdómssamfélagsins. Fulltrúar frá skrifstofu skóla- og frístundasviðs munu halda utan um hópana en inntakið í vinnu hvors hóps verður ákveðið af þátttakendum sjálfum.

Hvar og hvenær? Hóparnir munu hittast í Borgartúni 12-14:

- **Fyrir hádegi kl. 9:00-11:00**
 - 20. janúar Kerhólar
 - 25. febrúar Vindheimar
 - 24. mars Kerhólar
 - 28. apríl Kerhólar
- **Eftir hádegi kl. 14:00-16:00**
 - 21. janúar Kerhólar
 - 13. febrúar Kerhólar
 - 12. mars Kerhólar
 - 30. apríl Kerhólar

Þeir sem hafa hug á að taka þátt í þróun lærdómssamfélagsins sendi skráningu fyrir 15. janúar.

Þátttaka í lærdómssamfélagi sem hittist fyrir hádegi <https://forms.gle/SGtmYUjhagS4F6uH6>

Þátttaka í lærdómssamfélagi sem hittist eftir hádegi <https://forms.gle/6ePZhPaL1n9MTrW16>

Fríða Bjarney Jónsdóttir deildarstýra Nýsköpunarmiðju menntamála svarar fyrirspurnum frida.b.jonsdottir@reykjavik.is eða nymid@reykjavik.is




Fylgiskjal 4 - Listi yfir alþjóðaverkefni hjá SFS VANTAR

Heiti verkefnis	Styrkveitandi	styrkupp hæð	Framkvæmd
Leggjum höfuðið í bleyti í Lundi	Erasmus+	2.060.000 kr.	2019 - Vor
Leiðtogar í upplýsingatækni - þekkingaröfl og miðlun	Erasmus+	4.139.760 kr.	2019 - 2021
Framsýnir leikskólar - fjölbreytt þekking	Erasmus+	6.780.690 kr.	2019 - 2020
Nýsköpun og nýir straumar - Starfsþróun fagfólks á skólasöfnum	Erasmus+	3.543.330 kr.	2019 - 2020
Ungmennadád - Samtal um ungmennaráð	Erasmus+	880.000 kr.	2019 - Haust
Samþætting á Innra og ytra mati í leikskólum, grunnskólum og frístund	Erasmus+	3.457.320 kr.	2019-2021
Þekkingarskólar í leiðsagnarnámi	Erasmus+	3.223.965 kr.	2019 - Haust
Börn Og unglingar í Miðborg, Betri Aðstæður	Erasmus+	1.119.540 kr.	2019 - Haust
Lund meets Reykjavik	Erasmus+	2.221.596 kr.	2019 - Haust
Ofbeldisforvarnarskólinn - Kynbundið Ofbeldi - Erasmus+	Erasmus+	6.204.564 kr.	2019 - 2021
Lærum af þeim bestu - þróun starfshátta í skólahljómsveitum í Reykjavík	Erasmus+	2.873.862 kr.	2020 - 2022
Ungmennaráð - Flæði, gæði, fléttur	Erasmus+	5.220.948 kr.	2020 - 2022
Vits er þörf þeim er víða ratar - Miðberg	Erasmus+	3.395.280 kr.	2020 - Vor
Rafíþróttir í æskulýðsstarfi	Erasmus+	1.793.238 kr.	2020 - 2022
Efling leiðsagnarnáms	Erasmus+	4.607.025 kr.	2021 - 2023
Margþætt starfþróun í Melaskóla	Erasmus+	4.842.345 kr.	2020 - 2023
Stillum saman strengi - Betra Breiðholt fyrir börn	Erasmus+	12.995.865 kr.	2020 - 2023
Fyllt á þekkingarbrunn leikskóla Reykjavíkurborgar	Erasmus+	14.615.280 kr.	2020 - 2023
Hólaborg, Engjaborg, Funaborg, Sunnufold Til evrópu	Erasmus+	12.491.040 kr.	2020 - 2021
Enhanced Tools For Creating Equal Opportunities In Education For Pupils With Disabilities	EEA grants	9.440.000 kr.	2020 - 2023
Establishment of Youth International Center Burgas, Bulgaria	EEA grants	10.479.910 kr	2020 - 2023
ABCDE - Artists and Botanical gardens - Creating and Developing Educational innovation	Erasmus+	38.914.547 kr.	2021-2023
Aðild að Erasmus+ fyrir leikskóla- og grunnskóla	Erasmus+	25.485.415 kr	2021-2022
Beyond #MeToo, Youthworkers, Young People and the wider community making a positive change around GBV	Erasmus+	6.160.560 kr	2020-2022
Kvistaborg - Stronger Bonds to Improve School Quality	Erasmus+	3.947.860 kr	2020-2023
Bjartahlíð - Tradition is a source of inspiration - from the region to Europe	Erasmus+	3.531.232 kr	2021-2022


Fylgiskjal 5 - Yfirlit yfir skiptingu styrkja í A- hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs

Samanburður á fyrsta vali í menntastefnuþáttum á milli leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva úr A-hluta 2020-2021




Fyrsta val starfsstaða á menntastefnuþáttum um styrk úr A-hluta breyttist nokkuð á milli árána 2019-2020 og 2020-2021. Má sem dæmi nefna að fleiri leikskólar settu fyrsta val á þættina félagssfærni, heilbrigði, læsi og sköpun síðara árið en mun færri settu sjálfsefningu í fyrsta val 2020-2021 heldur en árið á undan. Einnig settu mun færri grunnskólar sjálfsefningu í fyrsta val síðara árið en fleiri settu fagmennsku og samstarf, læsi, sköpun og virkni barna og þátttöku í fyrsta sæti. Fleiri frístundmiðstöðvar settu fagmennsku og samstarf, félagssfærni, heilbrigði, læsi, sköpun og virkni og þátttöku barna í fyrsta sæti árið 2020-2021 en árið á undan. En þar voru færri með sjálfsefningu í fyrsta sæti eins og í leik- og grunnskólum (mynd 6).


Samanburður á milli ára á fyrsta vali í A-hluta – leikskólar



Samanburður á milli ára á fyrsta vali í A-hluta – grunnskólar



Samanburður á milli ára á fyrsta vali í A-hluta – frístundastarf



Fylgiskjal 6 - Yfirlit yfir styrkt verkefni í B- hluta þróunar og nýsköpunarsjóðs

Heiti verkefnis	Starfsstaðir og samstarfaðilar
Það þarf þorp	Leikskólinn Borg - Breiðholtsskóli-Bakkaborg-Frístundah.Bakkasel-Félagsm.Bakkinn-Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts-KVAN-Félagsráðgjafad.HÍ-Þjónustum.Breiðholts
Flæði og samsetning	Leikskólinn Engjaborg-Hólaborg-Sunnufold-HÍ
Heilsuefling leikskólabarna í Árbæjarhverfi	Íþróttafélagið Fylkir - Rofaborg - Árborg - Blásalir - Heiðarborg - Rauðaborg - Rauðhóll
Vertu velkomin/nn í hverfið okkar – Viltu tala íslensku við mig?	Húsaskóli - grunnskólar í Grafarvogi og Kjalarnesi og unnið í samstarfi við HÍ og Íslenskuþorpið
Skapandi námssamfélag í Efra Breiðholti	Fab Lab (Þjónustumiðstöð Breiðholts/Hólabrekkuskóli) - Fellaskóli - Seljaskóli - FB - Menntavísindasvið HÍ
Austur - Vestur Sköpunar- og tæknismiðjur	Ingunnarskóli-Selásskóli-Vesturbæjarskóli-HÍ
Kyn- og ofbeldisfræðsla í félagsmiðstöðvum, Fræði og fagstarf	félagsmiðstöðva í Krínglumýri, Réttarholtsskóla, Jafnréttisskólans og RannTóm
Hinsegyn-Hinseginvænni Grafarvogur og Kjalarnes	Gufunesbær-Rimaskóli-Foldaskóli-Víkurskóli-Klébergsskóli-Húsaskóli-Engjaskóli-Hamraskóli-Borgarskóli-Sigyn-Fjörgyn-Víggyn-Höllin-HÍ
Áframhald innleiðingu leiðsagnarnáms í þekkingarskólum	Hlíðaskóli, Dalskóli, Hamraskóli, Borgaskóli, Víkurskóli og Engjaskóli
Fyrstu 1000 orðin	Leikskólarnir Laugasól og Blásalir, Austurbæjarskóli og Miðja máls og læsis í samstarfi við Menntamálastofnun og námsbraut í talmeinafræði við HÍ
Öll sem eitt	Tjörnin frístundamiðstöð - Samstarf allra frístundamiðstöðva og félagsmiðstöðva, Samtakanna 78, fagskrifstofu frístundamála, þekkingarmiðstöðvar í málefnum fatlaðra barna og Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu borgarinnar
Tökum samtakið ! Klám er ekki kynfræðsla	Frístundamiðstöðin Tjörnin-Stígamót-Jafnréttisskóli RVK-Menntavísindasvið HÍ, Rannkyn
Það þarf þorp	Leikskólinn Borg - Breiðholtsskóli-Bakkaborg-Frístundah.Bakkasel-Félagsm.Bakkinn-Skólahljómsveit Árbæjar og Breiðholts-KVAN-Félagsráðgjafad.HÍ-Þjónustum.Breiðholts

Fjögur þeirra verkefna sem fengu styrk 2021-2022 fengu einnig styrk 2020-2021. Þetta eru verkefnin:

- *Vertu velkomin í hverfið okkar – viltu tala íslensku við mig*
- *Austur-Vestur Sköpunar og tæknismiðju*
- *Skapandi námssamfélag í Breiðholti*
- Öll sem eitt

Fylgiskjal 7 - Yfirlit yfir þjónustu Miðju máls og læsis 2021.

Miðja máls og læsis heldur utan um aðgerðir sem miða að því að efla málþroska, lestrarfærni og lesskilning allra barna. Hjá MML starfa ráðgjafar og brúarsmiðir sem veita fjölbreyttan stuðning og fræðslu fyrir starfsfólk starfsstaða skóla- og frístundsviðs með:


- skipulögðum námskeiðum með skráningu
- lærdómssamfélagshópum, jafningjastuðning með fræðslu
- faglegri handleiðslu og ráðgjöf
- skipulögðum fræðsluerindum
- stuttum sem lengri fræðsluerindum í samstarfi við starfsstaði

Megináherslur Miðju máls og læsis á árinu 2021 hafa verið að:

- eiga samstarf við læsisteymi leik- og grunnskóla
- efla starfsfólk leikskóla í að nota gæðamálörvun í daglegu starfi
- auka meðvitund starfsfólks í skóla- og frístundastarfi um mikilvægi málstefna
- vekja athygli á stöðu barna með málþroskaröskun DLD í skólakerfinu
- undirbúa fræðslu um málstefnu fyrir starfsstaði SFS
- undirbúa móttöku, og aðlögun barna sem eru nýkomin til landsins til að tryggja auðveldara upphaf skólagöngu
- leggja stöðumat fyrir börn sem eru nýkomin til landsins
- bjóða upp á fræðslu um skólakerfið og hlutverk fyrir foreldra af erlendum uppruna
- auka meðvitund foreldra um tungumálastefnu fjölskyldna
- bjóða upp á millimenningarfræðslu
- uppfæra heimasíðu og bæta við verkfærum.
- nýta fjölbreyttar miðlunarleiðir til að koma þekkingu á framfæri með veggspjöldum, myndböndum, glæruefni fyrir starfsstaði, ýmsum stað- og fjarlausnum o.fl.
- efla foreldrasamstarf
- styðja fjölytngda nemendur og fjölskyldur þeirra á Covid-tíma
- eiga samstarf við fræðslumiðstöð Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
- eiga samstarf við fræðasamfélagið


Mat á verkefnum MML

Reglulega er send könnun til skólastjórnenda leik- og grunnskóla og til stjórnenda í frístundastarfi þar sem þeir eru m.a. spurðir um ánægju með framboð og stuðning MML. Heimsfaraldur COVID-19 hefur breytt starfsháttum MML. Ráðgjöf fluttist meira í fjarfundi og námskeið í fjarnámskeið.






Ef leikskólinn, grunnskólinn og frístundaheimilið/félagsmiðstöðin hefur fengið ráðgjöf, fræðslu, námskeið og/eða verið í öðru samstarfi við Miðju máls og læsis, hve gagnleg var ráðgjöfin, fræðslan, námskeiðið og/eða annað samstarf við MML fyrir leikskólann?




Ef leikskólinn, grunnskólinn og frístundaheimilið/félagsmiðstöðin hefur fengið ráðgjöf, fræðslu, námskeið og/eða verið í öðru samstarfi við Miðju máls og læsis, hve gagnleg var ráðgjöfin, fræðslan, námskeiðið og/eða annað samstarf við MML fyrir leikskóla





Hversu líklegt/ólíklegt er að leikskólinn, grunnskólinn og frístundaheimilið/félagsmiðstöðin óski eftir ráðgjöf, fræðslu, námskeiðum og/eða öðru samstarfi við MML starfsárinu 2021-2022



Er eitthvað annað, sem þú vilt koma á framfæri er varðar þjónustu Miðju, máls og læsis

Algjörlega frábært að koma þessari þjónustu á laggirnar og mér finnst svo gott að geta leitað til þeirra með spurningar og aðstoð tengda læsi.

Finnst þessi þjónusta frábær viðbót við starfið

Hún er of flókin, höfðar ekki til allra

Mér finnst frábært að hafa aðgang að svona flottu teymi.

Mikilvægt að hafa aðgang að svo frábæru fólki

Mjög ánægð og auðvelt að nálgast upplýsingar og samvinnu við MML.

Mjög fjölbreytt og fagleg þjónusta

Mjög flott þjónusta og þörf

Mjög gott að geta leitað til Miðju, máls og læsis

Alltaf mjög hjálplegt að leita til þeirra. Eðal fólk þar við störf.

Frábær þjónusta og gott viðmót. Okkur líður eins og við séum eini skólinn sem er að þiggja þjónustu hjá ykkur alltaf boðin og búin til að aðstoða okkur við hvað sem er og hlusta á vangaveltur okkar.

Frábær þjónusta.

Höfum ekki haft tíma til að nýta alla þá góðu þjónustu sem býðst

Meiri aðstoð inn á vettvangi.

Mjög ánægð með þjónustuna.

Sigrún er frábær, nálgast kennarahópinn á einstaklingsmiðaðan hátt. Mætti þeim þar sem þeir voru staddir. Kúdos á hana !


Undantekningarlaust gera starfsmenn MML sér far um að koma til móts við þarfir skólans og leysa eða benda á leiðir að lausn vanda.

Vaxandi ánægja með samstarfið

Yfirlit yfir lærdómssamfélög, ráðgjöf, fræðslufundi og fjölbreytt samstarf Miðju máls og læsis.

Fræðsluerindi

Fræðsla Miðju máls og læsis til starfsstaða er fjölbreytt og byggir að venju á áherslum og þörfum hvers skóla eða frístundastarfsstaðar. Fræðsla er hægt að panta inn á starfsdaga eða á starfsmannafundi. Í flestum tilvikum er um að ræða 60-90 mínútna fræðsluerindi en námskeið fylgja oft í kjölfarið. Dæmi um fræðslu og ráðgjafarpakka til starfsstaða:



Hugmyndir:

Bernskulæsi Umræða um málþættina <ul style="list-style-type: none"> • broskabættir • Gæðamálörvun • Bein vinna með mál- og læsisþætti Hvernig á að lesa fyrir börn Samræðulestur Náms Hugmyndir (orðaforði, frásagnir, samskipti, hlustun o.fl.) Lýðheilsa.	Læsi og umhverfi Hvað gerir þú í stofunni þinni til að styðja við samskiptafærni í leik- og grunnskóla eða frístund? Íslenskur málproski út frá íslenskum rannsóknnum Umræða um íslenskar rannsóknir á málþroska	Íslenska sem annað tungumál og virkt tvítyng – Leikskóli/grunnskóli/frístund Fræðsla og ráðgjöf sniðin að hverri starfsstöð.
Mál og læsi í grunnskóla Lesfimi, umskráning, lesskilningur, hlustun, ritun, stafsetning, lestrarvandi, framsögn o.fl. Læsi á yngsta- mið- eða unglíngastigi Læsi í víðum skilningi	Lestrarþjálfun og lesskilningur á mið- og unglíngastigi Leiðir í vinnu með mál og læsi Kennsluhugmyndir	Eflum bóklestur - bókasmakk Leiðir til að kveikja áhuga barna á bóklestri.
Mat á stöðu barna, niðurstöður/úrvinnsla Hvernig lesum við úr niðurstöðum og nýtum þær til gagns?	Dyslexia og tæknin Hvernig má nýta tæknina fyrir nemendur með dyslexíu?	Mál og læsi í frístund í daglegu starfi Rýna líkjaáætlun Hvernig nýtum skilningi samræðulestur
Mál og læsi leikskólabarna foreldrar/aðstandendur Fræðsla fyrir foreldra, ömmur og afa um málþroska og orðaförða. Að lesa er ekki bara að lesa	Mál og læsi grunnskólabarna foreldrar/aðstandendur Fræðsla fyrir foreldra, ömmur og afa um málþroska og orðaförða. Að lesa heima /heimalestur	Spjaldtölur í starfi með mál og læsi Upplýsingar um forrit. Hugmyndir og leiðir.
Lestarteymi/læsiszeymi Leikskólar, grunnskólar og frístund. Ráðgjöf við uppbyggingu teyma. Hlutverk teyma og verklag.	Læsisáætlanir Leikskólar, grunnskólar og frístund. Ráðgjöf við uppbyggingu áætlaða.	Ráðgjöf vegna þróunarstarfs eða samstarfsverkefna þróun samstarfs leikskóla, grunnskóla, milli skólastiga og milli skóla og frístundar. Samfella í námi barna 2 til 16 ára.

Námskeið

Árlega biður Miðja máls og læsis upp á skipulögð námskeið og/eða fræðsluerindi sem eru opin öllu starfsfólki í skóla- og frístundastarfi. Þar er óskað eftir skráningu. Á skipulögð námskeið á árinu 2020-2021 skráðu sig 669 þátttakendur. Eftirfarandi námskeið voru í boði hjá Miðju máls og læsis:

Rætt til ritunar-Talk for writing

Læsisfimman

Fjármálalæsi

Gufa börn með málþroskaröskun upp í grunnskóla

Lestrarkennsla-hvað þarf til að ná árangri

Brú milli landa

Rafræn fræðsla fyrir foreldra leikskólabarna á fjölbreyttum tungumálum

Milli mála námskeið

Námskeið MML á Menntafléttu

Nýliðafræðsla fyrir starfsmenn í leikskólum-vinnustofa um málörvun

Fræðsla fyrir hjúkrunarfræðinga á höfuðborgarsvæðinu

Fræðsla á Menntastefnumóti

Lærdómssamfélög

Lærdómssamfélög eru átta til tíu manna hópar eða stærri sem hittast reglulega í tiltekinn tíma til að rýna störf sín, ræða áskoranir og finna lausnir studdar af raunprófuðum aðferðum.

Skráðir þátttakendur voru alls um 159.

- Lærdómssamfélag um kennslu fjöltyngdra barna
- Lærdómssamfélag sérkennslustjóra leikskóla
- Lærdómssamfélag læsisteyma leikskóla
- Lærdómssamfélag deildarstjóra stoðþjónustu grunnskóla

Heimasíða Miðju máls og læsis <https://mml.reykjavik.is>

Mikil áhersla hefur verið lögð á að uppfæra heimasíðuna og bæta við nýju gagnlegu efni. Mikil þörf hefur verið vegna COVID-19 að aðgengilegi sé að kennsluefni, starfsþróun á netinu og og rafrænni fræðslu. á heimasíðuna hefur því bæst við ýmiskonar efni s.s. myndbönd, veggspjöld, bæklingar og annað fyrir starfsfólk og fyrir foreldra. Allt efnið hefur einnig verið tengt inn á verkfærakistu Menntastefnunnar. Miðja máls og læsis heldur úti Facebook-síðu þar sem námskeið og fræðsla er auglýst, sagt er frá því nýjasta í fræðunum og nýtt efni kynnt. Auk þess að brúarsmiðir halda úti Facebook-síðum á nokkrum tungumálum fyrir foreldra af erlendum uppruna.

Dæmi um nýtt efni:

- tví- og fjöltyngi, [bæklingar](#)
- skipulag [stöðumats](#) fyrir skóla
- [upplýsingar](#) um Ramadan fyrir starfsstaði
- [veggspjald](#) um gæðamálörvun
- [ýmislegt gagnlegt](#) fyrir kennslu fjöltyngdra barna
- [gagnlegt efni](#) fyrir foreldra af erlendum uppruna

Ráðgjöf og eftirfylgd Miðju máls og læsis á árinu var:

Leikskólar

- Ráðgjöf við læsisteymi í leikskólum
- Ráðgjöf við kennara í leikskólum vegna vinnu með málþroska og læsis
- Ráðgjöf við leikskóla vegna mats á málþroska pólskumælandi barna
- Ráðgjöf við foreldra vegna málstefnu heimila
- Ráðgjafi vegna fjöltyngdra leikskólabarna er staðsettur á leikskólaskrifstofu SFS

Grunnskólar

Vegna málþroska og læsis

- Ráðgjöf vegna lestrarkennslu á yngsta stigi
- Ráðgjöf vegna læsiskennslu í 1. til 10. bekk
- Ráðgjöf vegna læsisáætlana
- Ráðgjöf við heilstæð læsisverkefni í hverfum
- Ráðgjöf vegna stofnunar íslenskuvera og handleiðsla

Vegna fjöltyngdra barna

- Ráðgjöf vegna kennslu fjöltyngdra barna
- Ráðgjöf við skóla vegna móttöku aðlögunar barna af erlendum uppruna og notkunar á stöðumati
- Ráðgjöf vegna mats á málþroska pólsku- filippseysku- og enskumælandi barna
- Ráðgjöf við foreldra vegna málstefnu heimila

- Ráðgjöf vegna Milli mála prófs
- Ráðgjöf vegna málstefnu skóla og heimila
- Ráðgjöf fyrir foreldra af erlendum uppruna
- Stöðumat vegna barna sem nýkomin eru til landsins

Fræðslufundir og fræðsluerindi

Leikskólar

- Fræðsla fyrir foreldra um málþroska og læsi
- Fræðsla til leikskóla vegna málörvunar tvítyngdra barna
- Fræðsla á starfsdögum um málþroska og læsi
- Fræðsla um leiðir til að lesa fyrir börn
- Fræðsla um læsisáætlanir skóla
- Millimenningarfræðsla fyrir starfsfólk leikskóla
- Fræðsla fyrir leikskólakennara um samskipti við foreldra af erlendum uppruna
- Fræðsla um kennsluhætti sem henta fjöltyngdum nemendahópum
- Fræðsla fyrir leikskólaforeldra um íslenskt skólakerfið, mikilvægi lesturs og eflingu málþroska

Grunnskólar

- Fræðsla fyrir foreldra fyrsta bekkjar
- Námsráðgjafar, samráðsfundir og fræðsla
- Millimenningarfræðsla fyrir grunnskólakennara
- Fræðsla um málstefnu í skólastarfi
- Fræðsla um áfallamiðaða nálgun í kennslu
- Fræðsla um lifandi tungumál í kennslu
- Fræðsla um málþroskaröskun DLD
- Fræðsla fyrir stuðningsfulltrúa um málþroska og læsi
- Fræðsla fyrir foreldra af erlendum uppruna um, hvernig á að styðja við íslensku og heimanám barna
- Kennsluaðferðir íslensku sem annars tungumáls
- Stuðningur við kennara fjöltyngdra barna, á vettvangi
- Fræðsla fyrir grunnskólakennara um samskipti við foreldra af erlendum uppruna
- Fræðsla fyrir starfsfólk í íslenskuverum SFS

Frístundastarf

- Fræðsla fyrir frístundastjórnendur og starfsfólk vegna fjölmenningar og mikilvægi íslensku hjá fjöltyngdum börnum
- Fordómafræðsla fyrir frístundastjórnendur og starfsfólk
- Millimenningarfræðsla

Þjónustumiðstöðvar

- Samstarf talmeinafræðinga
- Fræðslufundir með skólateyllum þjónustumiðstöðva
- Fræðslu- og samráðsundir í hverfum, þjónusta til skóla vegna fjöltyngdra nemenda

Öll fræðsla og ráðgjöf byggir á óskum og þörfum starfsstaða og starfsfólks hverju sinni.

Fjölbreytt samstarf við erlenda og innlenda aðila.

Miðja máls og læsis er í fjölbreyttu samstarfi við innlenda og erlenda aðila sem talið er upp hér fyrir neðan:

- Við skólabjónustu þjónustumiðstöðva og farneymi í borginni
- Vegna málefna talmeinaþjónustu í Reykjavík, ráðning á starfsfólki og handleiðsla
- NýMið m.a. vegna þýðingar, talsetningar á myndböndum og myndbandsgerða
- Við ráðhús vegna þýðinga á textum ætluðum foreldrum, vegna COVID-19
- Fjölmeningarráð Reykjavíkur og Teymi sérfræðinga í málefnum innflytjenda
- Menningarmiðlara Velferðarsviðs
- Borgarbókasafn, Bókmenntaborg UNESCO
- Við starfsþróunarteymi SSH
- Samstarf við Þróunarmiðstöð Íslenskrar heilsugæslu
- Samstarf við Heyrnar- og talmeinastöð Íslands
- Önnur sveitarfélög og sérstaklega við nágranna okkar
- Sérfræðinga Menntamálastofnunar
- Menntamálaráðuneytið (MMR) –
- Við MMR:
 - Seta í starfshópum
 - Ráðgjöf við starfshópa
 - Uppsetning efnis á heimasíðu MML vegna lestrarvanda
 - Menntaflétta. Utanumhald á þremur námskeiðum
 - Vinna að málefnum fjöltyngdra barna
 - Vegna nýrrar námskrár í ÍSAT
- HÍ vegna einingabærs námskeiðs MVS – Gleðin í málinu
- HÍ, MMS vegna 1000 orðabókarinnar
- HÍ, sálfræðideild vegna starfsnema
- HÍ, MVS erindi á Menntakvik
- Polish Academy of Social Sciences and Humanities
- Peach, “Preserving and promoting Europe’s cultural and linguistic heritage through empowerment of bilingual children and families”
- Háskólar, kynningar á rannsóknnum á fundum MML
- Elínu Þöll Þórðardóttur varðandi námskeið um Milli mála
- Móðurmál, samtök um tvítyngi
- Erasmus+ styrkur til að fara í námsferð til Hollands til að kynna móttöku barna af erlendum
- uppruna
- Erasmus+ styrkur til samstarfs við aðila um miðlun efnis og starfsþróun í sjö löndum
- Nord+ samstarfshópur á Norðurlöndum vinnur að nýrri Bildetema síðu
- Fundir Evrópusamtaka talmeinafræðinga
- Framhaldsfundir í rannsóknarhópi sem tengist COST með áherslu á börn með málþroskaröskun í tíu löndum
- Samstarf við Talk for writing kennslumiðstöðina í Bretlandi vegna námskeiðs fyrir kennara í Reykjavík
- New in Iceland, ráðgjafarstofa fyrir innflytjendur

Fylgiskjal 8 - Reglur um rekstur grunnskólalíkansins Eddu



Númer skjals:	FAS-STE-021
Málsnúmer:	R21090227
Skjalalykill FAS:	01.06. Fjárhags- og upplýsingakerfi
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	24.09.2021
Síðast rýnt / Næst rýnt:	24.09.2021 / 24.09.2022
Ábyrgðarmaður:	Sviðsstjóri fjármála- og áhættust.sviðs

FAS-STE-021 Reglur um rekstur Grunnskólalíkansins Eddu

Afmörkun: Reglur þessar taka til eignarhalds og ábyrgðar á Grunnskólalíkaninu Eddu, reiknilíkani til úthlutunar á fjárheimildum til grunnskóla Reykjavíkurborgar. Reglurnar varða jafnframt daglegan rekstur líkansins og hlutverk einstakra aðila vegna notkunar og stýringar á fjárheimildum. Þá taka reglurnar á því hvernig rýning og endurskoðun á líkaninu skuli fara fram, ásamt eftirliti með notkun og rekstri f.h. eiganda.

Eignarhald: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs (FAS) er eigandi líkansins. Í eigendafyrirsvari felst að ekki eru gerðar breytingar á virkni líkansins eða grunnforsendum þess nema með hans samþykki.

Ábyrgð á samþykktri útgáfu líkansins: Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörsskrifstofu FAS ber ábyrgð á því að varðveita samþykktu útgáfa líkansins og tryggja aðgengi skóla- og fristundasviðs að því til notkunar. Hann ber jafnframt ábyrgð á því að breytingar á líkaninu séu útfærðar í samræmi við fyrirliggjandi samþykktir þess efnis. Líkanið er útfært í excel gagnagrunni, með viðeigandi aðgangsstýringum vegna umsjónar og notkunar. Markmiðið er að líkanið verði útfært í fjárhagsáætlunar- og fjárhagsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar Unit4 Business Books til viðhalds og notkunar fyrir viðeigandi aðila.

Eftirlit: Skrifstofustjóri áætlana- og uppgjörsskrifstofu fjármála- og áhættustýringarsviðs hefur eftirlit með reiknilíkaninu f.h. sviðsstjóra FAS.

Notkun og daglegur rekstur: Sviðsstjóri skóla- og fristundasviðs (SFS) fær Grunnskólalíkanið Eddu til notkunar og daglegs rekstrar vegna úthlutunar á fjárheimildum til grunnskóla. Fjármálastjóri SFS stýrir notkun þess innan sviðsins og ber ábyrgð að því gagnvart sviðsstjóra. Verkaskipting með daglegum rekstri er eftirfarandi:

- Fjármálasérfræðingur grunnskólamála á SFS hefur það hlutverk að uppfæra líkanið á milli ára. Í þessu felst að setja inn ný grunngögn t.d. launaviðmið, barnafjölda og raun rekstrarkostnað sl. 3 ára. Viðhald og viðbætur á líkaninu t.d. vegna stofnunar nýs skóla eru einnig framkvæmdar af fjármálasérfræðingi grunnskólamála. Séu teknar ákvarðanir um breytingar á forsendum eða útreikningsaðferðum á einstökum liðum skal fjármálasérfræðingur grunnskólamála framkvæma þær breytingar. Eftirlit með slíkum breytingum eru í höndum skrifstofustjóra áætlunar- og uppgjörsskrifstofu FAS. Uppfærsla og notkun líkansins skal taka mið af verklagsreglu um úthlutun fjárheimilda til grunnskóla og rekstur líkansins sem skal gefin út af FAS.
- Sérfræðingur á áætlunar- og uppgjörsskrifstofu FAS skal vera til samráðs um uppfærslu á forsendum, viðhaldi og notkun á líkaninu ásamt því að sjá um daglegt eftirlit með rekstri þess f.h. FAS.
- Líkanið verður aðgangsstýrt og er eingöngu aðgengilegt þeim aðilum sem sjá um daglegan rekstur þess þ.e. fjármálasérfræðingi grunnskólamála og sérfræðingi á áætlunar- og uppgjörsskrifstofu. Þá er líkanið einnig aðgengilegt fjármálastjóra SFS, skrifstofustjóra áætlunar- og uppgjörsskrifstofu og sviðsstjórum SFS og FAS.

Samráðshópur: Skipaður verður samráðshópur um þróun og rýni líkansins með 6 fulltrúum þ.e. 2 fulltrúum frá SFS, 2 fulltrúum frá FAS og 2 fulltrúum frá hópi skólastjóra. Skrifstofustjóri áætlunar- og uppgjörsskrifstofu er formaður hópsins og kallar hann saman. Hlutverk hópsins er eftirfarandi:

- Fjalla um forsendur og útreikningsaðferðir reiknilíkansins. Gera tillögur að breytingum til sviðsstjóra SFS og FAS til rýningar. Öllum tillögum skal fylgja greinargerð með rökstuðningi, kostnaðarmati og jafnréttisskimun. Í framhaldinu eru tillögurnar settar í viðeigandi ferli til samþykktar.
- Líta skal til markmiða líkansins og þau höfð til hliðsjónar þegar lagðar eru til breytingartillögur á því.
- Samráðshópur um þróun og rýni líkansins hittist að minnsta kosti einu sinni á ári og áður en fjárheimildum er úthlutað. Ef tilefni þykir til skal samráðshópurinn hittast oftar.

Skjölun og breytingasaga: Ábyrgðamaður á samþykktari útgáfu líkansins skal sjá um að skjala breytingasögu þess í skjalakerfi borgarinnar og viðhalda handbók líkansins. Líkanið verður vistað í Sharepoint þar til innleiðing á upplýsingastjórnunarkerfi Reykjavíkurborgar, Hlöðunni, er lokið eða líkanið hefur verið fært í fjárhagsupplýsingakerfi Unit4 Business Books.

Yfirfarið og samþykkt þann 24. sept.

*Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

*Helgi Grímsson,
sviðsstjóri skóla- og frístundssviðs*

Tilvísun:

FAS-LBE-205 Handbók um Grunnskólalíkanið Eddu

Fylgiskjal 9 - Yfirlit yfir innkaup á húsbúnaði

Búnaður 2021

Sér fjármagn sett inn til að endurnýja búnað.

- Hagaskóli, 312 borð og stólar. (Færðist frá 2020 yfir á 2021)
- Austurbæjarskóli, 262 stólar, 150 eins manna borð og 56 tveggja manna borð. (Færðist frá 2020 yfir á 2021)
- Háteigsskóli, 222 borð og stólar. (Færðist frá 2020 yfir á 2021)
- Álftamýrarskóli, 276 borð og stólar. (Færðist frá 2020 yfir á 2021)

Endurnýjaður voru hefilbekkir í eftirfarandi skólum.

- Breiðholtsskóli*
- Hamraskóli*
- Foldaskóli*
- Húsaskóli*
- Álftamýrarskóli*
- Hólabrekkuskóli*
- Fellaskóli 4 tvöfaldir hefilbekkir + 1 hækkanlegur
- Selásskóli*
- Ártúnsskóli*
- Austurbæjarskóli*
- Réttó*

*6 tvöfaldir hefilbekkir og 1 einfaldur hækkanlegur

Mötuneyti

- Lyngheimar – Endurnýjun á eldhúsi
- Sólborg – Endurnýjun á eldhúsi
- Brákarborg, nýr ofn
- Fálkaborg – Nýr ofni
- Garðaborg – Nýr ofn
- Bjartahlíð – Nýr ofn
- Tjörn – Nýr ofn
- Nóaborg – Innréttingarkaup
- Múlaborg – Ný uppþvottavél
- Laugasól – Ný uppþvottavél
- Breiðholtsskóli, nýr gufupottur
- Laugalækjarskóli – Kaup á skömmtunarlínu
- Klébergsskóli – Ný uppþvottavél og ísskápur

Fylgiskjal 10 - Yfirlit yfir framkvæmdir á lóðum og húsnæði SFS árið 2021

Endurnýjun í skólalóðum

- Vesturbæjarskóli – Hluti af breytingum vegna viðbyggingar
- Ártúnsskóli – klára eftirstöðvar frá 2020
- Melaskóli – áfangi 1 af 2
- Selásskóli áfangi 2 af 2
- Húsaskóli áfangi 2 af 2
- Breiðholtsskóli áfangi 1 af 1
- Engjaskóli áfangi 1 af 2
- Víkurskóli áfangi 1 af 1

Endurnýjun og átak leikskólalóða

- Vesturborg – 1 áfangi af 2
- Hálsaskógur – 1 áfangi af 2
- Klambrar – 1 áfangi af 2
- Langholt – Átaksverk
- Fífuborg – Átaksverk
- Klettaborg – Átaksverk
- Lyngheimar – Átaksverk
- Nes, Hamrar – Átaksverk
- Sunnufold, Frosti – Átaksverk
- Dalsskóli – Átak, ungbarnasvæði
- Garðaborg – Átaksverk
- Furuskógur – Átaksverk
- Sunnufold, Frosti – Bæta við bílastæðum

Stærri endurnýjun í skólum, frístundamiðstöðvum og leikskólum (ekki tæmandi listi)

- Dalskóli – Framkvæmdir kláraðar
- Austurbæjarskóli - Endurgerð salerna í suðurálmú
- Hlíðaskóli - Endurbætur aðstöðu frístundaheimilisins og félagsmiðstöðvar.
- Melaskóli - Endurnýjun á opnanlegum gluggum nýbyggingar
- Melaskóli - Rafmagnsopnun á glugga eldri byggingar
- Hagaskóli – Endurgerð salerna fyrir nemendur
- Vesturbæjarskóli - Gluggar milli hóprýmis og kennslurýmis
- Ártúnsskóli – Endurnýjun innréttinga á kaffistofu
- Hólabrekkuskóli – Endurnýjun á salernum nemenda
- Árbæjarskóli – Endurnýja rúður og setja sólstopp gler
- Árbæjarskóli – Opna milli kennslustofa
- Árbæjarskóli – Endurnýjun á lyftu
- Réttarskóli – Endurnýjun heillar álmu
- Háaleitisskóli – Endurnýjun á kennslueldhúsi
- Hvassaleitisskóli – Endurnýjun á loftræstisamstæðu
- Langholtsskóli – Endurnýjun á þaki

- Breiðagerðisskóli – Endurnýjun sturtu og búningsherbergja sundlaug
- Norðlingaskóli – Settir upp vindbrjótar á lóð til að minnka vindálag
- Klettaskóli – Skápar í kennslustofur
- Hamraskóli – Aðstaða frístundar og list og verkgreina bætt
- Réttarholtsskóli - Breytingar vegna nýrrar einhverfudeildar
- Langholt - Endurnýjun þaka
- Langholt – Endurnýjun útveggja
- Suðurborg – Endurnýjun þaks að hluta
- Rauðhóll, Skógarhúss – Endurnýja eldhúsinnréttingar
- Hraunborg – Endurnýjun innihurða
- Ægisborg – Endurnýjun innanhús
- Árborg – Breytingar innanhúss

Stækkanir og færarlegar stofur


- Seljakot – Viðbygging vegna bættrar starfsmannaaðstöðu
- Funaborg – „skógarhúss“ er færarlegt en er ekki skammtímalausn, framtíðarbygging.
- Gullborg – 2 færarlegar stofur með miðrými fyrir 2 deildir, hugsað til framtíðar.
- Kvistaborg – 2 færarlegar stofur með miðrými fyrir 2 deildir, hugsað til framtíðar.
- Laugalækjarskóli/félagsmiðstöðin Hof/Skólahljómsveit Austurbæjar - 3 færarlegar stofur
 - Fyrir kennslu, félagsmiðstöð og kennslu skólahljómsveitar
- Langholtsskóli – 1 færarleg stofa fyrir kennslu
- Háteigsskóli – 1 færarleg stofa fyrir kennslu
- Réttarholtsskóli – 1 færarleg stofa fyrir kennslu
- Kvistaborg – leiga á gámum vegna deildar
- Skólahljómsveit Austurbæjar – gámar vegna kennslu á lóð Langholtsskóla
- Árborg – gámur vegna undirbúnings og fundaraðstöðu

Ungbarnadeildir við leikskóla

- Blásalir - Bætt var við ungbarnadeild
- Dalskóli – Bætt var við 1 ungbarnadeild
- Hamrar, Bakki – Varð að ungbarnaleikskóla



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Skýrsla verkefnahóps vegna KFS greiningar á B-hluta þróunarstyrkja menntastefnu

September 2021

Efnisyfirlit

Inngangur	87
Um greininguna	87
Greiningin	88
Áherslur B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar	88
Úthlutunarnefndir	89
Kynjahlutföll verkefnastjóra	89
Dreifing styrkja milli hverfa	91
Skipting þróunarstyrkja milli aldurshópa	92
Hvernig styrkirnir nýttust kynjunum og jaðarhópum.....	93
Eftirlit og mat.....	94
Tillögur starfshópsins að aðgerðum	94
Skrá yfir myndir	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Skrá yfir töflur.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjal 1 – Reglur um styrkveitingar úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjal 2 – Umsóknareyðublað vegna umsóknar um styrki úr þróunarsjóði.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjal 3 – Grind að lokaskýrslu um þróunarverkefna.....	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjal 4 – Matsblað úthlutunarnefndar	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjal 5 – Samningur vegna þróunarstyrkja	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjal 6 – Auglýsing fyrir úthlutun úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.
Fylgiskjal 7 – Erindisbréf starfshóps	Villa! Bókamerki ekki skilgreint.

Inngangur

Í þeirri skýrslu sem hér er lögð fram er að finna greiningu á styrkveitingum skóla- og frístundaráðs úr B-hluta þróunarsjóðs Menntastefnu Reykjavíkur 2019-2022 út frá aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar.

Skoðaðar voru áherslur sjóðsins þessi ár og hvernig þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hvort þær komi jafnt til móts við börn og unglunga af öllum kynjum. Einnig var leitast við að fá yfirsýn yfir jafnréttisáhrif styrkja með tilliti til jaðarhópa s.s. barna með fötlun, barna með annað móðurmál en íslensku, hinsegin barna og barna sem búa við fátækt. Einnig voru skoðuð kynjahlutföll styrkþega þessi ár og hvernig styrkirnir dreifast á hverfi borgarinnar og aldurshópa barna og unglunga.

Að lokum leggur hópurinn fram tillögur að úrbótum.

Verkefnið unnu Hanna Halldóra Leifsdóttir, Guðrún Edda Bentsdóttir, Sigrún Sveinbjörnsdóttir og Hjörtur Ágústsson.

Um greininguna

Þjónustubáttur	Þróunarstyrkir menntastefnu B-hluti
Lýsing á greiningunni	Skoðaðar voru áherslur sjóðsins 2019-2022 og hvernig þær falla að mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Jafnframt var lagt mat á það hvort styrkirnir nýttust öllum kynjum auk þess sem horft var til jaðarhópa s.s. fatlaðra barna, barna af erlendum uppruna o.fl. Einnig voru kynjahlutföll styrkþega og úthlutunarnefnda skoðuð. Greint var hvernig styrkirnir dreifðust á hverfi borgarinnar og aldurshópa barna og unglunga.
Markmið greiningarinnar	Markmið verkefnisins var að fá yfirsýn yfir það hvort að áherslur sjóðsins og úthlutaðir styrkir ná til beggja kynja og jaðarhópa samkvæmt skilgreiningu Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.
Jafnréttismarkmið greiningarinnar	Að útteiling fjármagns Reykjavíkurborgar sé með þeim hætti að það styðji jafnt við öll kyn svo þau hafi jöfn tækifæri til að njóta og taka þátt í metnaðarfullum verkefnum sem stuðla að framförum í námi og þroska. Jafnframt að fjármagn borgarinnar nýtist til að jafna tækifæri jaðarhópa til samræmis við aðra.

Greiningin

Á árunum 2019-2022 voru veittir styrkir til 40 verkefna úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030, samtals að upphæð 150.000.000 kr. Í töflu 1 má sjá hvernig þeir skiptast þessi ár. Þar má sjá að sótt hefur verið um styrkina fyrir 88 verkefnum og 45% verkefna sem hefur verið sótt um fyrir hafa hlotið styrk. Meðalupphæð styrkupphæðar var lægst fyrsta árið en skólaárin 2020-2021 og 2021-2022 var sett inn sem skilyrði að styrkupphæðir þyrftu að vera að lágmarki 4 milljónir en að hámarki 8 milljónir. Með því var verið að hvetja til stærri verkefna en áður.

Tafla 1. Fjöldi og upphæðir styrkja:

	Umsóknir	Veittir styrkir	Árangurs-hlutfall	Upphæð	Meðalupphæð per styrk
2019-2020	40	18	45%	50.000.000 kr.	2.777.778
2020-2021	25	10	40%	50.000.000 kr.	5.000.000
2021-2022	23	12	52%	50.000.000 kr.	4.166.667
Samtals	88	40	45%	150.000.000 kr.	3.750.000

Starfshópurinn skoðaði áherslur þróunarsjóðs með tilliti til mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, las yfir umsóknir allra þeirra verkefna sem hlutu styrki úr B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóði menntastefnunnar á fyrrgreindu tímabili og greindi eftirfarandi þætti:

- Kynjasamsetningu úthlutunarnefndar
- Kynjahlutfall umsækjanda/verkefnisstjóra
- Kynjahlutfall meðumsækjenda
- Hvort styrkirnir nýttust öllum kynjum
- Hvort styrkirnir nýttust jaðarhópum s.s. fötluðum börnum, börnum með sérþarfir eða börnum af erlendum uppruna
- Hvernig styrkirnir dreifðust á aldurshópa í skóla- og frístundastarfi
- Hvernig styrkirnir dreifðust á hverfi borgarinnar

Áherslur B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar

Samkvæmt 1. gr. [reglna um styrkveitingar skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur vegna styrkja í B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs skóla- og frístundaráðs „Látum draumana rætast“](#) (sjá fylgiskjal 1) er tilgangur styrkveitinganna að stuðla að þróunar- og nýsköpunarstarfi á skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Áhersla er á að styrkja verkefni sem stuðla að fagmennsku og auknu samstarfi og styðja við rannsóknir. Jafnframt er lögð áhersla á aukna þátttöku barna og unglunga á starfsstöðum sviðsins. Styrkirnir eru enn fremur veittir í samræmi við áherslur sem fram koma í [Menntastefnu Reykjavíkur til 2030](#) þar sem leiðarljósín eru virkni og þátttaka barna, fagmennska og samstarf. Í 6. gr. reglnanna kemur fram að allir sem njóta styrkja eigi að kynna sér stefnumörkun borgarinnar og hlíti henni, þ.m.t. [mannréttindastefnu](#) og [aðgerðaráætlun í mannréttinda- og lýðræðismálum](#), sem jafnframt er jafnréttisáætlun Reykjavíkurborgar. Í 7. gr. reglnanna kemur fram áhersla á þverfaglegt samstarf milli starfseininga, s.s. milli skólastiga, frístundamiðstöðva, skólahljómsveita eða annarra skóla eða starfsstaða innan og utan hverfis. Skv. 8.gr. reglnanna á að gera grein fyrir því í umsókn

hvernig fyrirhuguð verkefni tengjast rannsóknum eða samstarfi við háskólasamfélagið, hvers konar samstarfi eða teymishugsun gengið er út frá og hvernig á að nýta hringferli umbóta og þróunar í því skyni að byggja upp lærdómssamfélag.

Í [leiðbeiningum](#) um gerð styrkumsóknar vegna B-hluta þróunar- og nýsköpunarsjóðs menntastefnunnar er tilgreint að markmið verkefnisins sem sótt er um þurfi að byggja á menntastefnu Reykjavíkur, grundvallarþáttum, leiðarljósum og/eða framtíðarsýn og taka þarf fram hvernig þau falla að jafnréttismarkmiðum Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Í [umsóknareyðublaði](#) (sjá fylgiskjal 2) er farið fram á að umsækjendur geri grein fyrir þeim aðstæðum í félagslegu og námslegu umhverfi starfsstaðarins sem gera það að verkum að mikilvægt sé að fara í umrætt verkefni. Einnig er óskað eftir upplýsingum um hverjir tóku þátt í samtali við að greina áskorarnir og þau gögn sem lágu til grundvallar.

Í matsblaði (sjá fylgiskjal 4) sem úthlutunarnefndir hafa til hliðsjónar við val á verkefnum sem hljóta styrki er meðal annars metið hvort verkefnið hafi jafnréttisgildi.

Í [skýrsluformi](#) (sjá fylgiskjal 3) sem ætlast er til að notast sé við til að skila skýrslu um verkefnið í lok hvers árs er ætlast til að í inngangi sé sagt frá markmiðum verkefnisins þ.m.t. jafnréttismarkmiðum og hvernig það tengist Menntastefnu borgarinnar.

Úthlutunarnefndir

Samkvæmt reglum um sjóðinn skipar skóla- og frístundaráð úthlutunarnefnd sem fer yfir allar umsóknir og metur þær. Í henni eiga sæti 3 fulltrúar frá fagskrifstofu leik-, grunn- og frístundamála SFS og fulltrúar fagfélaga, stjórnenda og háskólasamfélagsins í hverjum málaflokki. Nefndinni hefur verið skipt í þrennt eftir málaflokkum sem hver tekur sinn hluta og allar taka samstarfsverkefni.

Í úthlutunarnefndi fyrir frístundastarfið hafa öll árin verið tvær konur og tveir karlar. Starfsmaður hópsins er kona.

Í úthlutunarnefnd fyrir grunnskólastarfið hafa öll árin verið fjórar konur og starfsmaður hópsins einnig kona.

Í úthlutunarnefnd fyrir leikskólastarfið voru fjórar konur árið 2019, fjórar konur árið 2020 og þrjár konur og einn karl árið 2021. Starfsmaður hópsins hefur verið kona.

Alls hafa því 19% þeirra sem hafa verið í úthlutunarnefndum verið karlar og 81% konur, sem er í samræmi við kynjaskiptinguna í starfsmannahópi skóla- og frístundasviðs. Starfsmenn hafa í 100% tilfella verið konur.

Þeir sem eru í nefndunum eru stjórnendur sem hafa mikla reynslu og hafa tekið þátt í að móta jafnréttisáætlanir sem fylgja starfsáætlunum starfsstaðanna. Þeir sem eru í nefndunum fá matsblaðið til að meta umsóknirnar út frá, auk þess sem þeir eru beðnir um að kynna sér vel áherslur menntastefnunnar. Lagt er til að framvegis þegar úthlutunarnefndir fá umsóknirnar sendar verði þeim jafnframt sendur hlekkur á mannréttindastefnu borgarinnar og nefndarmeðlimir beðnir um að hafa hana til hliðsjónar við mat sitt ásamt menntastefnunni.

Kynjahlutföll verkefnastjóra

Eitt af markmiðum verkefnisins var að skoða kynjahlutföll verkefnastjóra og þeirra sem eru skráðir tengiliðir samstarfsaðila í verkefnum. Gerð er krafa um samstarf í B-hluta verkefnum og voru frá einum og upp í 10 mismunandi samstarfsaðilar í hverju verkefni. Samstarfsaðilar eru annaðhvort aðrir starfsstaðir innan SFS eða utanaðkomandi aðilar og þá eru það í flestum tilvikum aðrar stofnanir t.d. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Tafla 2. Kynjahlutfall umsækjenda og samstarfsaðila í verkefnum sem fengu styrk:

Ár	Fjöldi styrkja	Verkefnastjórar Karlar	Verkefnastjórar Konur	Tengiliðir samstarfsaðila Karlar	Tengiliðir samstarfsaðila Konur
2019-2020	18	5	15	21	67
2020-2021	10	2	9	10	45
2021-2022	12	1	12	10	61
Samtals	40	8	37	41	173
		18%	82%	19%	81%

Tafla 3. Kynjahlutfall umsækjenda og samstarfsaðila í verkefnum sem var hafnað:

Ár	Fjöldi Umsókna hafnað	Verkefnastjórar Karlar	Verkefnastjórar Konur	Tengiliðir samstarfsaðila Karlar	Tengiliðir samstarfsaðila Konur
2019-2020	22	8	17	23	75
2020-2021	14	3	11	12	48
2021-2022	9	0	10	7	32
Samtals	45	10	34	37	155
		22%	78%	21%	79%

Tafla 4. Umsóknir og veittir styrkir eftir árum 2019-2022 – Hlutfall KK og KVK og árangurshlutfall:

Tímabil	Allar umsóknir				Veittir styrkir				Árangurshlutfall	
	KK verkefna- stjórar		KVK verkefna- stjórar		KK verkefna- stjórar		KVK verkefna- stjórar		KK verkefna- stjórar	KVK verkefna- stjórar
	n	%	n	%	n	%	n	%		
2019-2020	13	28%	33	73%	5	24%	16	76%	38%	48%
2020-2021	5	20%	20	80%	2	18%	9	82%	40%	45%
2021-2022	1	4%	22	96%	1	8%	12	92%	100%	55%
Samtals	19	20%	75	80%	8	18%	37	82%	42%	49%

Í töflu 2 má sjá að af þeim 40 styrkjum sem úthlutað var í B-hluta þróunarsjóðs skóla- og frístundaráðs á tímabilinu hefur 37 eða 82% farið til verkefna sem er stýrt af kvenkyns

verkefnastjórum en 8 eða 18% til verkefna sem er stýrt af karlkyns verkefnastjórum. Í 5 tilvikum eru skráðir tveir verkefnastjórar sem útskýrir mismun í fjölda verkefnastjóra og fjölda verkefna. Mjög sambærilegt hlutfall má sjá þegar tengiliðir samstarfsaðila eru skoðaðir en þar sést að 19% tengiliða er karlar og 81% eru konur.

Til samanburðar má nefna að hlutföll starfsmanna skóla- og frístundasviðs janúar – apríl 2021 út frá stöðugildum voru 80% konur og 20% karlar. Kynjahlutföll umsækjenda um styrkina eru mjög í takti við kynjahlutföll starfsmanna sviðsins.

Í töflu 3 má sjá að kynjahlutföll bæði verkefnastjóra og tengiliða samtarfsaðila var mjög sambærilegt í þeim verkefnum sem ekki fengu úthlutað styrk. Í töflu 4 má sjá að hlutfall KK verkefnastjóra og KVK verkefnastjóra er mjög sambærilegt þegar skoðaðar eru annarsvegar allar umsóknir, þar sem 20% eru karlar og 80% eru konur og hinsvegar þær umsóknir sem fengu styrk þar sem 18% verkefnastjóra eru karlar og 82% konur. Það er áhugavert að sjá að hlutfallið er frekar jafnt þegar kemur að árangurshlutfalli en sjá má að 42% verkefna sem leidd eru af körlum fá styrk og 49% þeirra verkefna sem leidd eru af konum.

Dreifing styrkja milli hverfa

Þegar verkefni sem hafa fengið styrk eru greind eftir hverfum, þá kemur í ljós að lang flest verkefnin eru unnin í samstarfi þvert á hverfi og stór hluti fjármagnsins hefur farið í slík verkefni. Öll hverfin hafa hlotið styrki. Breiðholt, sem hefur fengið hæstu fjárhægðina af hverfunum, er með stóran hluta barna með annað móðurmál en íslensku (sjá mynd 1) og er verkefnum í því hverfi oft ætlað að bregðast við áskorunum því tengt. Hins vegar hefur Laugardalur/Háaleiti fengið minnstu upphæðina og fæst verkefni hafa verið styrkt. Mögulega er tilefni til að hvetja starfsstaði þar sérstaklega til að sækja um.


Menntunarstig foreldra er lang hæst í Vesturbæ/Miðborg/Hlíðum annars vegar og Laugardal/Háaleiti hins vegar. Lægst er það í Breiðholti en svipuð í Árbæ/Grafarholti og Grafarvoginum. Miðgildi ráðstöfunartekna fjölskyldna í skólahverfum innan borgarinnar er áberandi lægst í Breiðholti.

Tafla 5. Dreifing styrkja milli hverfa:

Hverfi	Fjöldi styrkja	Upphæð styrkja	% af heildarúthlutun	Meðalupphæð styrkja
Árbær/Grafarholt	3	12.000.000	8%	4.000.000
Breiðholt	6	30.000.000	20%	5.000.000
Grafarvogur/Kjalarnes	6	24.500.000	16,3%	4.083.333
Laugardalur/Háaleiti	2	5.400.000	3,6%	2.700.000
Vesturbær/Miðborg/Hlíðar	6	14.300.000	9,5%	2.383.333
Samstarf þvert á hverfi	17	64.000.000	42,6%	3.764.706
Samtals	40	150.000.000	100%	3.750.000

Mynd 1:

Þróun hlutfalls fjöltyngdra eftir borgarhlutum



Skipting þróunarstyrkja milli aldurshópa

Tafla 6. Skipting styrkja á aldurshópa:

	2019 - 2020	2020 - 2021	2021 - 2022	Samtals
Leikskóli (1-5 ára)	2	1	2	5
Yngsta stig (6-9 ára)	2	0	0	2
Miðstig (10-12 ára)	0	1	0	1
Unglingastig (13-16 ára)	5	1	2	8
Leikskóli og yngsta stig (1-9 ára)	0	0	0	0
Yngsta stig og miðstig (6-12 ára)	2	1	1	4
Mið- og unglíngastig (10-16 ára)	2	1	1	4
Yngsta, mið- og unglíngastig (6-16 ára)	4	4	4	12
Allur aldur (1-16 ára)	1	1	2	4
Samtals	18	10	12	40

Af ofangreindri töflu má sjá að flest þróunarverkefni eru ætluð börnum og unglíngum á aldrinum 6 – 16 ára eða samtals 12 verkefni öllu þrjú skólaárin sem styrkir til þróunar- og nýsköpunarverkefna hafa verið veitt. Verkefni sem eingöngu eru ætluð unglíngum eru átta en þess ber að geta að þessi verkefni geta bæði verið unnin af grunnskólum og félagsmiðstöðvum eða í samstarfi þessara aðila. Athygli vekur að ekkert samstarfverkefni leikskóla og yngsta stigs grunnskóla hefur verið styrkt á þessu tímabili en skóla- og frístundaráð hefur um árabíll lagt mikla áherslu á gott samstarf milli

þessara skólastiga. Má vera að þegar sé komið á gott samstarf þeirra sem sjá um samstarf og samfellu milli skólastiganna og því ekki verið talin þörf á sérstökum þróunarverkefnum á því sviði. Fá verkefni þar sem unnið er með leikskólaaldurinn og þörf á því að veita stjórnendum leikskóla stuðning og hvatningu til að sækja um í sjóðinn.

Hvernig styrkirnir nýttust kynjunum og jaðarhópum

Líkt og í umsóknum fyrri ára þá miða flestar umsóknir sem hafa fengið styrk af því að verkefnin nýtist bæði stúlkum og drengum óháð bakgrunni eða atgerfi. Vert er þó að taka fram að nokkrar veittar umsóknir leggja áherslu á hópa sem flokkast sem jaðarhópar. Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að hugmyndir að verkefnum séu viðbrögð við áskorunum sem birtast í starfsumhverfinu, byggt á rannsóknum. Sú áhersla eykur líkurnar á því að komið sé til móts við hópa sem þurfa sérstaka hvatningu og stuðning.

Tafla 7. Verkefni tengd jaðarhópum:

Þróunarstyrkir	2019-2020	2020-2021	2021-2022	Samtals
Börn með annað móðurmál en íslensku	4	1	3	8
Börn með þroskafrávik	2			2
Félagslega einangruð börn	2			2
Hinsegin börn		1	2	3
Samtals	8	2	5	15

Taflan hér fyrir ofan sýnir að af þeim 40 verkefnum sem fengu úthlutað úr B sjóði á árunum 2019-2022 fengu 15 verkefni styrk sem þar sem sérstök áhersla var á hlut barna sem falla undir jaðarhóp. Gerir það um 37,5 % af þeim verkefnum sem hafa fengið úthlutað fjármagn á þessu tímabili. Flest verkefnanna eru tengd börnum sem hafa íslensku sem viðbótarmál eða alls 8 verkefni. Alls nam styrkuppþæð til þessara verkefna 50 milljónum króna sem er tæplega 1/3 alls þess fjármagns sem veitt var í styrki á þessu tímabili. Ef skoðað er hvernig þessir styrkir dreifast milli hverfa kemur í ljós að þrjú hverfi eru með fimm styrki, þetta eru Grafarvogur/Kjalarnes, Laugardalur/Háaleiti og Vesturbær/Miðborg/Hlíðar. Breiðholt er með fjóra styrki og Árbær/Grafarholt með þrjá.

Á tímabilinu 2019 – 2022 hafa verið veittir styrkir til 40 verkefna alls. Flest voru verkefnin fyrsta skólaárið, 2019 – 2020, eða 18 en fæst skólaárið 2020- 2021 eða tíu. Skýringin á þessari fækkun er líklega sú að forsendum úthlutunar sjóðsins var breytt á þann hátt að sett var lágmarksúthlutun um 4 millj. til að tryggja að styrkirnir nýttust til að stuðla að stærri samstarfsverkefnum. Þau verkefni sem hlutu styrk undir 4 millj. skólaárið 2019 – 2020 voru af ýmsum toga en nýttust m.a. jaðarsettum hópum, s.s. nemendum Klettaskóla til að efla tjáskipti (2 millj.), fjölgtyngdum nemendum í Folda-, Hamra- og Húsahverfi til markvissrar íslenskukennslu (2 millj.), ungmennaráði sértækra félagsmiðstöðva í borginni allri til að skapa vettvang fyrir unglunga í sértækum félagsmiðstöðvum til að láta sínar skoðanir í ljós (1 millj.) og nemendum af erlendum uppruna í Hagaskóla og Laugalækjarskóla sem sækja félagsmiðstöðvarnar Frosta og Laugó en markmið þess verkefnis var að þjálfa íslenskt talmál og samskipti og rjúfa félagslega einangrun þessara hópa (2 millj.). Að auki var styrkt verkefni til að finna og vinna með einstaklinga sem sýna áhættu hegðun og stofna til hópamyndunar í Vesturbær/Miðborg/Hlíðum (2,5 millj.). Einnig voru styrkt verkefni sem stuðla að forvörnum, s.s. varðandi svefn, orkudrykki og rafrettunotkun, útivist og útinám, auk skapandi starfs, s.s. leiklistar, rafíþróttaver, vísindaleikir í leikskóla, efling siðfræðikennslu í frístundastarfi o.fl.

Lagt er til að skoðað verði með stafrænum leiðtoga SFS hvort gera eigi umsóknareyðublaðið rafrænna þannig að auðvelt væri að kalla fram hvort verkefni styðji við mannréttindastefnu Reykjavíkur (s.s. haka við kyn, uppruna, aldur barna, jaðarhópa). Það má þó ekki verða á kostnað þess að áherslan minnki á innleiðingu menntastefnunnar sem er aðal tilgangur styrkjanna. Einnig væri æskilegt að matsblað úthlutunarnefnda fyrir hvert verkefni væri einnig rafrænt og þannig væri matsferlið gegnsærra.

Eftirlit og mat

Öll B-hluta verkefni skila inn lokaskýrslu þar sem greint er frá niðurstöðum verkefnisins í meginráttum. Starfsmenn nýsköpunarmiðju menntamála fara yfir lokaskýrslu og í kjölfar er lokagreiðsla verkefnisins greidd út. Skýrslur verkefna eru allar aðgengilegar á vef menntastefnunnar ásamt afurðum sem verða til við framkvæmd verkefna.

<https://menntastefna.is/styrkt-verkefni-b-hluti/>

Tillögur starfshópsins að aðgerðum

- Lagt er til að framvegis þegar úthlutunarnefndir fá umsóknirnar sendar verði þeim jafnframt sendur hlekkur á mannréttindastefnu borgarinnar og nefndarmeðlimir beðnir um að hafa hana til hliðsjónar við mat sitt ásamt menntastefnunni.
- Stjórnendur í hverfinu Laugardalur/Háaleiti verði sérstaklega hvattir til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum í því hverfi.
- Stjórnendum leikskóla verði veittur stuðningur og hvatning til að sækja um í sjóðinn til að fjölga verkefnum sem snúa að börnum á leikskólaaldri.
- Lagt er til að skoðað verði með stafrænum leiðtoga SFS hvort gera eigi umsóknareyðublaðið rafrænna þannig að auðvelt væri að kalla fram hvort verkefni styðji við mannréttindastefnu Reykjavíkur (umsækjendur haki við t.d. kyn, uppruna, aldur barna og tiltekna jaðarhópa). Það má þó ekki verða á kostnað þess að áherslan minnki á innleiðingu menntastefnunnar sem er aðal tilgangur styrkjanna. Einnig væri æskilegt að matsblað úthlutunarnefnda fyrir hvert verkefni væri einnig rafrænt og þannig væri matsferlið gegnsærra.